# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

296. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 15. DESEMBER 2016




Fyrri túrbína Þeistareykjavirkjunar kom til landsins í gær og fór hún á 108 hjóla vagni í gegnum Húsavíkurbæ. Farmurinn var rúm 200 tonn, einn þyngsti farmur sem farið hefur um vegi hér. Verðmæti hans hleypur á milljörðum króna. Þeistareykir eru í um 350 metra hæð yfir sjávarmáli og þurftu tveir bílar að aðstoða þann sem dró farminn. MYND/HREINN HJARTARSON

# Könnun sýnir sterkari ACD-meirihluta

**Áfram yrðu sjö flokkar á Alþingi ef kosið væri aftur til Alþingis. Sjálfstæðisflokkurinn yrði stærstur en Samfylkingin áfram á botninum. Enginn möguleiki væri á myndun tveggja flokka stjórnar. Stjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar gæti orðið sterkari.**

**STJÓRNMÁL** Áfram myndu sjö flokkar eiga fulltrúa á Alþingi ef kosið væri í dag. Þetta sýna niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Niðurstöður myndu mjög lítið breytast frá kosningunum 29. október.




Sjálfstæðisflokkurinn yrði áfram stærsti flokkurinn á Alþingi, fengi 31,8 prósent atkvæða. VG yrði næststærstur með 17 prósent, Píratar yrðu þriðji stærsti flokkurinn með 13,1 prósent atkvæða. Framsóknarflokkurinn fengi 9,7 prósent atkvæða, Viðreisn 10,1 prósent og Björt framtíð 10,8 prósent atkvæða. Munurinn á Bjartri framtíð, Viðreisn og Framsóknarflokknum er innan skekkjumarka. Samfylkingin er áfram minnsti flokkurinn með 5,6 prósenta fylgi.

Yrðu þetta niðurstöður kosninga myndi Sjálfstæðisflokkurinn fá 23 þingmenn kjörna, VG ellefu, Píratar átta, Björt framtíð, Viðreisn og Framsóknarflokkurinn sex menn hver og Samfylkingin myndi fá þrjá.

Niðurstaðan bendir því til þess að áfram yrði erfitt að mynda starfhæfan meirihluta. Meirihlutastjórn Sjálfstæðisflokks, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar myndi hafa 35 manna meirihluta að baki sér, en slík stjórn myndi hafa 32 þingmenn í dag. Fimm flokka stjórn Pírata, VG, Viðreisnar, Bjartrar framtíðar og Samfylkingarinnar myndi hafa 34 menn að baki sér, yrði jafn sterk og ef hún væri mynduð í dag.

Hringt var í 1.268 manns þar til náðist í 791 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 12. til 14. desember. Svarhlutfallið var 62,4 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Alls tóku 73 prósent þeirra sem náðist í afstöðu. – jhh

## Stjórn í kreppu

**STJÓRNMÁL** Líkur á ríkisstjórn án Sjálfstæðisflokks minnka ört eftir því sem lengra líður frá kosningunum.

Fréttablaðið fer yfir stöðuna í núverandi stjórnarmyndun og fjórar helstu stjórnarkreppur fyrri tíma hérlendis. Einnig er farið í saumana á fjórum stjórnarkreppum í Evrópulöndum. – snæ, þea / sjá síðu 10 og 12




## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um segulbandasögur. 33

**MENNING** Lukka og Óþelló hafa sett svip sinn á árið hjá Hallgrími Helgasyni. 50

**SPORT** Fjórföld ástæða fyrir sigurhring Hauka í Olís-deild karla. Haukaliðið getur lokað hringnum með sigri á nágrönnum sínum í Kaplakrika í kvöld. 42

**LÍFIÐ** „To do“-listinn er galdurinn, margir finna svo sannarlega fyrir jólastressi þegar líða fer á desember. 70

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



Tékk KRISTALL 45 ÁRA

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

SMÁRALIND




OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD



## Veður




Hvöss suðaustanátt á landinu og rigning. Á Norður- og Austurlandi er vindur aðeins hægari og minna um rigningu. Hlýnar í veðri, hiti 3 til 8 stig þegar kemur fram á daginn. SJÁ SÍÐU 48



**Aukinn kvóti Dana.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fá meira með nýjum kvótum

**DANMÖRK** Danskir sjómenn eru ánægðir með nýja kvóta í Norðursjó, Kattegat og Skagerrak sem samið var um í Brussel. Danska sjómannasambandið telur möguleika á að tekjurnar verði átta til tíu prósentum hærri en í fyrra.

Sjómenn eru einkum ánægðir með stærri þorsk-, ufsa- og rauðsprettukvóta. Í frétt danska ríkisútvarpsins segir að rauðsprettustofninn hafi stækkað ört og ekki sé víst að kvótinn nýtist allur. **– ibs**

# Eyjólfur fær að vera á Íslandi

**BARNAVERNDARMÁL** Norsk barnaverndaryfirvöld hafa fallið frá því að fullnægja dómi um að þeim sé heimilt að fá Eyjólf Kristin Elvuson afhentan til Noregs.

Eyjólfur, hinn fimm ára gamli drengur sem hefur verið í forgrunni forræðismáls eftir að flúið var með hann frá Noregi til Íslands, mun verða settur í fóstur á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Tryggt verður þó að móðir hans og móðurfjölskylda fái umgengnisrétt.

Í yfirlýsingu frá lögmanni móður Eyjólfs litla er komið á framfæri þakklæti vegna þess hlýhugar og stuðnings sem fjölskyldu hennar hefur verið sýndur á undanförnum mánuðum. Þá er einnig óskað eftir því að fjölskyldunni verði nú gefið svigrúm til þess að huga að sínum málum. **– þh**

# Gott ár hjá Ólafíu og Júlían



Reykjavíkurborg heiðraði í gær íþróttafólk Reykjavíkur árið 2016. Íþróttakona Reykjavíkur er Ólafía Þórunn Kristinsdóttir úr Golfklúbbi Reykjavíkur sem tryggði sig, fyrst íslenskra kylfinga, inn á PGA-mótaröðina. Fyrir valinu hjá körlum varð Júlían Jóhann Karl Jóhannsson úr Glímufélaginu Ármanni, sem varð heimsmeistari í réttstöðulyftu í flokki fullorðinna og heims- og Evrópumeistari ungmenna á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fimm flæktir í dópinnflutning

**LÖGREGLUMÁL** Fimm menn voru handteknir í tengslum við rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á innflutningi á um fjórum kílóum af amfetamíni, auk töluverðs magns af sterum.

Allir mennirnir voru úrskurðaðir í gæsluvald en einum var síðan sleppt úr haldi.

Lögreglan hefur rannsakað málið frá því í síðustu viku. Lagt var hald á efnin þegar reynt var að smygla þeim til landsins.

Gerð var húsleit á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu að undangengnum dómsúrskurði í þágu rannsóknar málsins, en henni miðar vel. **– þh**

**» Til rannsóknar er innflutningur á um fjórum kílóum af amfetamíni, auk töluverðs magns af sterum.**




# Vestur-Íslendingar gefa óþægum rotinn tómat

**Afkomendur íslensku vesturfaranna halda margir í íslenskar jólahefðir. Pakkar eru opnaðir á aðfangadag en misjafnt er hvað er í jólamatinn. Jólasveinarnir gefa í skóinn þó skiptin geti verið færri en hér sökum fjarlægðarinnar við Ísland.**

**SAMFÉLAG** Þrátt fyrir að búa í Winnipeg-fylki, mörg þúsund kílómetra frá Íslandi, heldur hluti afkomenda vesturfaranna í íslenskar jólahefðir. Sumar hefðirnar hafa tekið nokkrum breytingum.

„Við opnuðum gjafirnar alltaf á aðfangadag og það var ekki fyrr en ég var fullorðin sem ég komst að því að annar háttur var hafður á annars staðar," segir Tammy Axelsson hjá Íslendingasafninu í Gimli.

Tammy lærði hér á landi og giftist íslenskum manni. Á uppvaxtarárum hennar var bökuð vínarterta og pönnukökur kringum jólin en jólamaturinn sjálfur var ekki íslenskur. Eftir giftingu er hins vegar hamborgarhryggur, brúnaðar kartöflur, rauðkál og grænar á borðum.

„Ég sjálf fékk ekki í skóinn frá jólasveinunum þegar ég var lítil en börnin okkar fá í skóinn og þekkja alla jólasveinana," segir Tammy. Misjafnt er hvað óþekk börn fá í skóinn. Sumir vinna með gömlu góðu kartöfluna meðan aðrir hafa prófað sig áfram með úldna tómata.

Þá hittast Íslendingar reglulega fyrir jólin til að baka laufabrauð og borða skötu á Þorláksmessu.

„Það er alltaf einhver nýkominn frá Íslandi sem kemur með þetta með sér," segir Tammy en sjálf borðar hún ekki skötu.

„Mér finnst þetta ógeðslegt. Maðurinn minn þarf að elda þetta úti á svölum, inni í bílskúr eða helst heima hjá einhverjum öðrum."

Hjá öðrum afkomendum Íslendinga hafði fjarlægðin við Ísland talsverð áhrif. Hjá Elvu Simondsen komu jólasveinarnir aðeins á aðfangadag því það var alltof langt fyrir þá að ferðast daglega frá Íslandi.



**Langt er að fara fyrir jólasveininn úr íslensku fjöllunum svo hann gefur börnum á Íslendingaslóðum í Kanada bara í skóinn í eitt skipti hver jól.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Mér finnst þetta ógeðslegt. Maðurinn minn þarf að elda þetta úti á svölum, inni í bílskúr eða helst heima hjá einhverjum öðrum.**



Tammy Axelsson, hjá Íslendingasafninu í Gimli.

„Mamma sagði okkur sögur frá Íslandi en aðlagaði þær aðstæðum hér," segir Elva sem þótti alltaf erfitt að átta sig á jólasveinum sem bjuggu í fjöllum enda engin fjöll að finna hjá henni. „Ef þú hefur aldrei séð fjall er afar erfitt að skilja hugtakið."

Systkinin fengu alltaf föt á jólunum svo að þau lentu ekki í jólakettinum. Móðir þeirra bakaði íslenskar pönnukökur. Systir Elvu notar enn þá pönnukökupönnu, og jólamaturinn var kalkúnn.

„Við bjuggum á kalkúnabúgarði svo það lá beinast við. Hins vegar fórum við oft í matarboð á jóladag þar sem hangikjöt var í boði," segir Elva Simondsen.

johannoli@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

# PAKKAJÓL

# 20-30% afsláttur

ÖLL SMÁRAFTÆKI
20-30%

ÖLL RAFMAGNSVERKFÆRI
20-30%

ÖLL BÚSÁHÖLD
20-30%

ALLUR TRUE NORTH FATNAÐUR
20-30%



**11.590kr**
~~15.490kr~~
**Brauðrist Retro svört cream eða rauð**
Russell Hobbs, 2 sneiðar.
1840180/81/82



**16.995kr**
~~27.495kr~~
**Höggborvél**
18V, 2 rafhlöður, 1,3Ah Li-ion.
5245557



**7.490kr**
~~9.990kr~~
**Eldhúshnífar**
5 stk. í standi.
2007431



**4.499kr**
~~5.999kr~~
**Jakki dömu**
5852678-89

## FRÍ HEIMSENDING Á HUSA.IS

Sendum frítt ef verslað er í vefverslun fyrir 5.990 kr eða meira

Jólagjafirnar eru á husa.is

# JÓLATRÉ VERÐLÆKKUN

Blómaval lækkar verð á innfluttum jólatrjám um 11-15% vegna styrkingar íslensku krónunnar

Opið til 21:00 Skútuvogi alla daga til jóla



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# Brúneggjum gengur illa að selja egg og tveggja vikna birgðir á lager

**LANDBÚNAÐUR** Lítið gengur hjá Brúneggjum að selja eggin sem þau framleiða. Dyrum hefur verið lokað á framleiðslu fyrirtækisins í helstu stórverslanir landsins. Kristinn Gylfi Jónsson, framkvæmdastjóri Brúneggja, segir lítið hafa breyst.

„Við eigum rúmlega tveggja vikna lager núna. Við höfum verið að selja lítið af eggjum og það ástand varir enn þá,“ segir Kristinn Gylfi. „Það er ekkert að þessum eggjum, við teljum líka markað fyrir þessi egg því það er mikil neysla á eggjum á þessum tíma.“

Fram kom í tilkynningu Matvælastofnunar í gær að fyrirtækinu hefði verið meinað að taka inn nýja fugla vegna ammoníaksmengunar. Kristinn segir að við því verði brugðist og að salan muni fara að glæðast innan skamms. „Það horfir allt til betri vegar og ég leyfi mér að vera bjartsýnn. Ég held að við náum að selja þessa vöru. Mörgum finnst líka allt í góðu að eiga tíu daga lager som ákveðna varúðarráðstöfun.“

Kristinn gat ekki sagt hversu mikið magn af eggjum væri um að ræða sem gengi ekki að selja. Þá sagðist hann ekki geta svarað því hvort samningaviðræður við stóru verslanirnar stæðu yfir til að komast inn á þann markað. Tap Brúneggja síðan hneykslið kom upp er því mjög mikið. **– sa**


Þessar pakkningar sjást ekki lengur í hillum stærstu verslana landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Það er ekkert að þessum eggjum, við teljum líka markað fyrir þessi egg því það er mikil neysla á eggjum á þessum tíma.**


Kristinn Gylfi Jónsson, framkvæmdastjóri Brúneggja

# Sjómannaverkfall fram á nýtt ár

**Um sjö þúsund manns leggja niður störf vegna verkfalls sjómanna sem hófst að nýju í gær. Tekjutap vegna verkfallsins er áætlað um fimm milljarðar króna á viku. Mikill meirihluti sjómanna hafnaði samningnum.**

**KJARAMÁL** „Maður áttar sig illa á hvaða forsendur liggja að baki því að sjómenn eru enn ósáttir. Þess vegna verður erfitt fyrir samninganefndir að setjast aftur niður og átta sig á stöðunni til þess að hægt sé að bæta úr henni,“ segir Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Verkfall sjómanna brast á klukkan átta í gærkvöldi í kjölfarið á því að Sjómannasamband Íslands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Sjómannafélag Íslands og Sjómanna- og Vélstjórafélag Grindavíkur felldu kjarasamninga í kosningu sem lauk í gær. Niðurstaðan var mjög afgerandi en rúmlega 86 prósent meðlima Sjómannafélags Íslands hafnaði samningnum.

„Við áttum von á því að þetta yrði fellt en það kom á óvart hve afgerandi niðurstaðan var. Það er ágætt veganesti fyrir okkur þegar viðræðurnar hefjast á ný,“ segir Jónas Garðarsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur. Hann telur að ekki muni nást að semja fyrir jól og því muni verkfallið standa fram á næsta ár.

Heiðrún segir að niðurstaðan hafi ekki komið sér mikið á óvart.

„Næsta skref er að ríkissáttasemjari boðar aðila á sinn fund en ég tel ólíklegt að það takist að semja fyrir jól. Þeir hafa fellt samninga í tvígang og við teljum að með síðasta samningnum hafi verið komið að miklu leyti til móts við kröfur sjómanna,“ segir Heiðrún.

Jónas segir að laun sjómanna hafi lækkað um 30 prósent á einu ári vegna styrkingar krónunnar.

„Ósættið felst, að því er ég best heyri, í stöðu efnahagsmála. Á meðan sjómenn eru á hlutaskiptum verður það auðvitað aldrei læknað með kjarasamningum,“ segir Heiðrún.

„Staðan er sú að sjómenn vilja ekki þennan samning og þá þýðir það bara að við verðum að setja pressu á útgerðina. Það gerum við ekkert öðruvísi en með verkfalli. Við höfum verið beðnir af nokkrum aðilum að fresta aðgerðum en það er ekki í boði. Þá værum við ekki samkvæmir sjálfum okkur,“ segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambandsins.

„Verkfall sjómanna verður til þess að öll vinnsla leggst af á landinu og tjónið verður verulegt. Að því er má áætla munu um sjö þúsund manns leggja niður störf. Allt þetta fólk er þá launalaust um lengri eða skemmri tíma,“ segir Heiðrún.

Sé tekið mið af útflutningsverðmætum fiskafurða og að verkfallið vari í um 2 mánuði áætlar Heiðrún að tapið gæti numið 40 milljörðum króna. **thorgeirh@frettabladid.is**


Sjómenn lögðu niður störf klukkan átta í gærkvöldi og héldu til hafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Við höfum verið beðnir af nokkrum aðilum að fresta aðgerðum en það er ekki í boði. Þá værum við ekki samkvæmir sjálfum okkur.**

Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambandsins

## Gagnrýna halla á bæjarsjóðnum

**AKUREYRI** Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins á Akureyri gagnrýna meirihlutann í bænum harðlega fyrir samþykkta fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Í áætluninni er gert ráð fyrir að A-hluti bæjarsjóðs verði rekinn með rúmlega 110 milljóna króna halla á næsta ári.

„Það er í raun óásættanleg niðurstaða og hefði mátt leggja meiri vinnu í að ná hallalausum rekstri A-hlutans,“ segir í bókun bæjarfulltrúanna. **– sa**


Laxveiði og sjókvíaeldi rekast á.
FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

## Kæra eldisleyfi

**NÁTTÚRA** Landssamband veiðifélaga hefur kært starfsleyfi Háafells ehf. um framleiðslu nær sjö þúsund tonna af regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi. Sjókvíarnar séu vel innan 15 kílómetra frá ósum laxveiðiáa með yfir 500 laxa meðalveiði á ári. Það sé andstætt reglum. Umhverfisstofnun telur veiðina í ánum undir fimm hundruð fiskum og telur þá ekki þá fiska sem veiðimenn sleppa. **– sa**

**LEIÐRÉTTING**

*Björgvin Guðmundsson, höfundur aðsendrar greinar í blaðinu í gær, var ranglega sagður Sigurðsson. Beðist er velvirðingar á þessu.*



SMÁRALIND




JÓLASVEINAR KOMA KL. 16:30 Í DAG

OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA | ÞORLÁKSMESSA 11-23 | AÐFANGADAGUR 10-13 | WWW.SMARALIND.IS | FACEBOOK | INSTAGRAM | SNAPCHAT



**Blíða var í Skaftafelli gær.** MYND/SIGRÚN

## Hiti víða yfir 10 gráður á landinu

**VEÐUR** Mestur hiti á landinu í gær mældist á Seyðisfirði en þar fór hitastigið upp í 12,5 gráður. Í Skaftafelli var einnig mjög hlýtt snemma morguns og fór hitinn mest upp í 11,3 gráður en lækkaði þegar líða tók á daginn.

Hitinn fór víða yfir 10 stig í gær á láglendi en hæsti hitinn á hálendinu mældist í Svartárkoti, 8,7 gráður.

Sigrún Sigurgeirsdóttir, staðarhaldari í Skaftafelli, kom til vinnu í þjóðgarðinum um ellefuleytið og þá var hitinn byrjaður að falla.

„Það er nú samt ósköp milt og yndislegt veður,“ sagði hún. „Hiti á þessum árstíma þýðir rigning og lélegt skyggni þannig að það sést varla í fjöllin. Ég hugsa að flestir ferðamenn væru ánægðari með 12 stiga frost og útsýni.“ – **bb**

## Jarmað gegn úlfum í Tuileries



**Sauðfjárræktendur úr frönsku bændasamtökunum fjölmenntu með skepnur sínar í mótmælaskyni í Les Tuileries-garðinn nærri Louvre-safninu í París í gær. Tilgangur mótmælanna var að krefjast meiri verndar gegn árásum úlfa.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Bregðist við hækkandi húsnæðisverði

**Félags- og húsnæðismálaráðherra minnir sveitarfélög á ábyrgð þeirra við að sporna gegn hækkandi fasteignaverði í landinu. Ekki tekst að efna fyrirheit um fjölgun félagslegra íbúða þótt stofnframlög ríkisins verði 1,2 milljörðum króna hærri en ráðgert var í fjárlögum.**

**FÉLAGSMÁL** Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, lýsir áhyggjum af lóðaskorti í bréfi til stærstu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Eygló segir mikla ábyrgð hvíla á sveitarfélögunum, að tryggja nægjanlegt framboð á lóðum til að tryggja að húsnæðisverð hækki ekki eins mikið og sést hafi undanfarin ár.

„Það er líka mjög mikilvægt að menn fari vel yfir nauðsyn gjaldtöku sem hefur líka aukist sem hluti af kostnaði við byggingu húsnæðis,“ segir Eygló.

Þegar farið er í stór verkefni, eins og að tryggja nægt framboð af húsnæði, þá verði allir að koma að borðinu, segir Eygló, og vera tilbúnir til að leggja eitthvað á sig. Hún segir sveitarfélögin ekki hafa brugðist við erindinu.

Ráðherrann leggur til að samþykkt verði 1.200 milljóna króna viðbótarfjárveiting á fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár vegna stofnfjárframlaga frá Íbúðalánasjóði til uppbyggingar á leiguíbúðum fyrir efnaminna fólk.

Gert var ráð fyrir 1.500 milljóna króna framlagi í fjárlögum en eftir breytinguna mun framlagið nema 2.700 milljónum.

Greiðsla stofnframlaganna var ákveðin í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um ýmsar aðgerðir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á vinnumarkaði. Í þessu skyni skyldi stefnt að byggingu 5-600 íbúða árlega á árunum 2016 til 2019 með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem samanlagt myndu nema sex milljörðum króna.

Í minnisblaði ráðherra frá 23. september sagði að óvíst væri hvort 1,5 milljarðar á fjárlögum 2016 dygðu til að byggja þær 500-600 íbúðir sem ráðgerðar voru í yfirlýsingunni, meðal annars vegna hærra íbúðaverðs.

Nú hefur verið ákveðið að Íbúðalánasjóður, fyrir hönd ríkisins, muni afgreiða stofnframlög fyrir 2.700 milljónir vegna byggingar eða kaupa á 450 íbúðum.

Í minnisblaði ráðherra segir að meginskýringin á þessari miklu hækkun sé mun hærra íbúðaverð en lagt var til grundvallar í fjárlögum. Það sé um 28 milljónir króna að meðaltali samanborið við 17-18 milljónir í forsendum fjárlaga. Stóru atriðin í mikilli hækkun íbúðaverðs umfram forsendur fjárlaga felist í fimm þáttum; hærra lóðarmati, stærra húsnæði, staðsetningu húsnæðis, hækkun hlutfalls stofnframlaga í meðförum Alþingis og bílastæðum/bílskýlum sem eru inni í kostnaðinum.

„Meginástæðan fyrir auknum kostnaði er ekki byggingarkostnaðurinn sjálfur, heldur snýr hún að hlutum eins og lóðaverði, eins og kröfum sem snúa að bílastæðum eða bílskýlum, vegna þess að menn eru að fara í stærra húsnæði en við vorum búin að áætla og þetta eru allt þættir sem við eigum að geta haft áhrif á,“ segir Eygló Harðardóttir húsnæðismálaráðherra.

**jonhakon@frettabladid.is**

**Það er líka mjög mikilvægt að menn fari vel yfir nauðsyn gjaldtöku sem hefur líka aukist sem hluti af kostnaði við byggingu húsnæðis.**

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra





**Félags- og húsnæðismálaráðherra segir að hækkun fasteignaverðs skýrist af hærra lóðaverði. Öðrum þáttum í byggingarkostnaði sé ekki um að kenna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNIN
Tilnefning
BANDALAG ÞÝÐENDA OG TÚLKA

★★★★★

*„Þetta er krassandi frásögn og þeim fullorðna lesanda sem breytist ekki í spennt barn við lesturinn er ekki viðbjargandi. Þessi ævintýralega saga er einfaldlega dýrðleg skemmtun fyrir jafnt unga sem aldna.“*

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / DV



*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# VILLIBRÁÐ Í MIKLU ÚRVALI

























## Maltgrís hamborgarhryggur

Sérvalinn og séralinn fyrir Hagkaup af svínabóndanum á Vallá Kjalarnesi. Grísinn er fóðraður á soðnu maltbyggi, humlum og öðru úrvals góðgæti frá bruggmeisturum Ölgerðarinnar. Grísinn er í góðu yfirlæti við kjötaðstæður sem gerir kjötið einstaklega meyrt og bragðgott.

## Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr nýju hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðamaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

Jólin vaxtalaus

Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Íbúar fastir og komast ekki frá Aleppo

**Ekkert varð úr vopnahléi sem átti að gefa íbúum í hverfum uppreisnarmanna í Aleppo tækifæri til að forða sér. Loftárásir stjórnarhersins hófust að nýju í gær. Amnesty International sakar stjórnarherinn um stríðsglæpi. Óttinn er að drepa mig og börnin mín, segir íbúi.**

**SÝRLAND** Stjórnarherinn í Sýrlandi hóf í gær að nýju sprengjuárásir á þau hverfi í Aleppo sem enn voru á valdi uppreisnarmanna. Sprengjunum virðist varpað á hús og götur án þess að skotmörk séu sérstaklega valin.

Á þriðjudag hafði verið gert samkomulag, fyrir milligöngu Rússa og Tyrkja, um vopnahlé á meðan almenningur fengi að forða sér úr borginni yfir til annarra svæða í Sýrlandi sem enn eru á valdi uppreisnarmanna, en það vopnahlé var rofið með átökunum í gærmorgun.

Rússar saka uppreisnarmenn um að hafa rofið vopnahléið en uppreisnarmenn segja stjórnarherinn hafa rofið það fyrst, að því er fram kemur á fréttavefnum Al Jazeera og fleiri fréttamiðlum.

Þá er fullyrt að stjórnarherinn krefjist þess að fá 260 manns afhenta áður en hægt verði að hleypa öðrum út úr hverfunum.

Mannréttindasamtökin Amnesty International segja frásagnir Sameinuðu þjóðanna af aftökum án dóms og laga á þriðjudag ekki óvæntar. Voðaverk af því tagi jafngildi stríðsglæpum.

Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna sagðist hafa vitneskju um að 82 óbreyttir borgarar hafi verið skotnir niður á staðnum, inni á heimilum sínum eða úti á götu, þar á meðal börn.



**Íbúar á því sem eftir er af svæðum uppreisnarmanna í borginni reyndu á þriðjudag að komast burt, en vopnahléið var rofið í gærmorgun með nýjum loftárásum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Frá upphafi átakanna hafa hersveitir sýrlenskra stjórnvalda, með stuðningi Rússa, ítrekað sýnt fram á fullkomið skeytingarleysi gagnvart alþjóðlegum mannúðarlögum og algjöra lítilsvirðingu gagnvart óbreyttum borgurum," segir Lynn Maalouf, yfirmaður rannsókna Amnesty International á svæðisskrifstofu samtakanna í Beirút.

„Raunar hafa óbreyttir borgarar verið skotmörk hersveita, bæði í hernaðaraðgerðum og með víðtækri beitingu á geðþóttahandtökum, þvinguðum mannshvörfum ásamt beitingu pyndinga og annarrar illrar meðferðar," segir Alouf. „Hætta er á að hersveitir stjórnvalda fremji fleiri grimmdarverk eftir því sem þær færast nær því að ná fullu valdi yfir austurhluta Aleppo. Það veldur miklum ótta hjá þúsundum óbreyttra borgara sem eru fastir í borginni."

Stjórn Bashars al Assad forseta virðist gera sér vonir um að sigur á uppreisnarmönnum í Aleppo marki upphafið að endalokum borgarastyrjaldarinnar, sem geisað hefur í meira en fjögur ár og kostað hundruð þúsunda lífið.

> **Frá upphafi átakanna hafa hersveitir sýrlenskra stjórnvalda, með stuðningi Rússa, ítrekað sýnt fram á fullkomið skeytingarleysi gagnvart alþjóðlegum mannúðarlögum og algjöra lítilsvirðingu gagnvart óbreyttum borgurum.**
>
> Lynn Maalouf, yfirmaður rannsókna Amnesty International á svæðisskrifstofu samtakanna í Beirút

Uppreisnarhópar gegn stjórninni hafa þó enn stór svæði í Sýrlandi á sínu valdi og eru líklegir til að halda áfram skæruhernaði.

Íbúar borgarinnar hafa sumir hverjir verið duglegir að segja frá upplifun sinni á samfélagsmiðlum og hafa færslur þeirra vakið athygli á hinum hörmulegu aðstæðum í borginni.

„Kæri heimur, það eru heiftarlegar sprengjuárásir núna. Hvers vegna þegið þið?" spyr Fatemah, enskukennari í Aleppo, á Twitter-aðgangi dóttur sinnar, Bana Alabed. „Óttinn er að drepa mig og börnin mín."

Bana, sem er sjö ára, hefur skrifað á Twitter síðan í september ásamt móður sinni þar sem þær lýsa lífi fjölskyldunnar í hinni stríðshrjáðu borg.

**gudsteinn@frettabladid.is**






# Magni kvaðst vera saklaus

**DÓMSMÁL** Magni Böðvar Þorvaldsson, sem ákærður er fyrir morðið á Sherry Prather sem framið var árið 2012, mætti fyrir dóm í Jacksonville í Flórída í gær og kvaðst saklaus. Þá var ákæran einnig lesin upp fyrir Magna.

Magni á íslenskan föður og bandaríska móður og er því með tvöfalt ríkisfang. Í Bandaríkjunum gengur hann undir nafninu Johnny Wayne Johnson.

Í samtali við Fréttablaðið segir Sara Hatt, unnusta Magna, að opinber lögfræðingur hans hafi ekki mætt til réttarhaldanna. Þá svari hann heldur ekki í síma. Hatt segist nauðsynlega þurfa að hitta lögfræðingin þar sem hún sé með myndir og upptökur sem geti hjálpað málstað Magna.

„Við þurfum hjálp til þess að útvega honum annan lögfræðing. Við höfum ekki efni á því sjálf," segir Hatt.

Hún segist einnig hafa sætt ofsóknum eftir handtöku Magna. „Móðir fórnarlambsins veittist að mér í dómsal og spurði mig hvernig væri að vera trúlofuð morðingja."

Þá segir hún Magna ekki hafa fengið að taka lyf sem hann þarfnist. „Við komumst að því að hjúkrunarfræðingur fangelsisins hafði gefið honum sýklalyf við vandamálum tengdum kólesteróli," segir Hatt og bætir því við að það hafi verið leiðrétt í gær.



**Magni Böðvar Þorvaldsson.** MYND/JSO



**Sherry Lee Prather.** MYND/JSO

> **Því miður er Magni mjög þunglyndur.**
>
> Sara Hatt, unnusta Magna Böðvars

„Magni hefur verið mjög samstarfsfús allan tímann. Hann hefur hlýtt öllum og ekki angrað neinn. Ég tala við hann daglega og við skrifumst á. Því miður er Magni mjög þunglyndur," segir Hatt.

Magni mætir næst fyrir dóm þann 25. janúar. **– þea**

# Opinbera hagsmuni sína

**DÓMSTÓLAR** Frá áramótum verða upplýsingar um hagsmunatengsl hæstaréttardómara aðgengilegar á vefsíðu dómstólsins. Tekið verður mið af þeim reglum sem dómurum hefur hingað til borið að tilkynna nefnd um dómarastörf.

Meðal þess sem talið verður fram á heimasíðunni verða aukastörf sem dómarar hafa, hvort aukagreiðsla komi fyrir þau og úr hendi hvers.

Þá koma fram eignarhlutir í hvers kyns félögum, fasteignir í eigu dómara sem ekki eru hugsaðar fyrir hann og fjölskyldu hans og allar skuldir dómara sem ekki beinlínis tengjast öflun fasteignar til eigin nota.

Upplýsingarnar munu miðast við stöðu í ársbyrjun 2017 og verða uppfærðar jafnskjótt og tilefni er til. Þurfi aðilar dómsmáls að fá upplýsingar um hagsmuni dómara fyrir það tímamark geta þeir beint fyrirspurn til Hæstaréttar. **– jóe**



**Hingað til hefur nægt að dómarar tilkynni um hagsmunatengsl sín til nefndar um dómarastörf.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# EKKI BARA JÓLAGJAFIR!




The Travel Book
VILDARVERÐ: 6.299.-
Verð: 8.999.-




Það sem ég tala um þegar ég tala um hlaup
VILDARVERÐ: 4.399.-
Verð: 5.499.-



Þjóðminjar
VILDARVERÐ: 10.999.-
Verð: 14.499.-




Útópía
VILDARVERÐ: 2.899.-
Verð: 3.699.-




Larousse Gastronomique
VILDARVERÐ: 10.499.-
Verð: 14.999.-




25% vildarafsláttur

Kubbaklukkur
VILDARVERÐ FRÁ: 5.249.-
Verð frá: 6.999.-



25% vildarafsláttur

Upptakari kúlulaga
VILDARVERÐ: 2.249.-
Verð: 2.999.-



25% vildarafsláttur

Hnattlíkan Antiquus með ljósi (30 cm)
VILDARVERÐ: 14.122.-
Verð: 18.829.-




25% vildarafsláttur



25% vildarafsláttur

CROSS Century blý- og kúlupenni (sett í öskju)
VILDARVERÐ: 16.499.-
Verð: 21.999.-



25% vildarafsláttur

LEITZ COMPLETE Tölvutaska (31x41 cm)
VILDARVERÐ: 14.243.-
Verð: 18.990.-




25% vildarafsláttur

PINWORLD hnattlíkan
VILDARVERÐ FRÁ: 3.749.-
Verð frá: 4.999.-



25% vildarafsláttur

PINWORLD heimskort
VILDARVERÐ FRÁ: 4.649.-
Verð frá: 6.199.-



CROSS Tech3+ penni með stylus (í öskju)
VILDARVERÐ: 8.399.-
Verð: 11.199.-



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 15. desember, til og með 18. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




# Nær óhugsandi án Sjálfstæðisflokksins

**Þegar sjö vikur eru liðnar frá kosningum og engin ríkisstjórn í sjónmáli er óhætt að segja að stjórnarkreppa ríki. Alþingismenn búast ekki við að mynduð verði ríkisstjórn fyrr en á nýju ári. Möguleikar Vinstri grænna á að vera í ríkisstjórn eru nánast að engu orðnir.**

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Líkurnar á ríkisstjórn án Sjálfstæðisflokks fara ört minnkandi eftir því sem lengra líður frá kosningum. Nú þegar er búið að reyna helstu möguleika við ríkisstjórnarmyndun en án árangurs. Bráðlega verða sjö vikur liðnar frá alþingiskosningum.

Fljótlega eftir kosningar kom í ljós að Viðreisn og Björt framtíð hygðust starfa náið saman í stjórnarmyndunarviðræðunum. Flokkarnir reyndu að ná saman við Sjálfstæðisflokk en án árangurs. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, skilaði þá stjórnarmyndunarumboðinu og Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, tók við keflinu.




## Enginn með umboðið

Katrín gerði tilraun til að mynda fimm flokka stjórn með Viðreisn, Bjartri framtíð, Pírötum og Samfylkingunni en þær viðræður sigldu í strand. Þá reyndi Katrín að skipta Viðreisn út fyrir Framsóknarflokkinn en var fljótlega gerð grein fyrir því að ekki kæmi til greina af hálfu hinna flokkanna að starfa með Framsókn.

Eftir að Katrín hafði skilað umboðinu fékk enginn stjórnarmyndunarumboðið um tíma. Bjarni talaði aftur við formenn Viðreisnar og Bjartrar framtíðar en alveg óvænt var tilkynnt að óformlegar viðræður yrðu á milli Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar. Katrín og Bjarni tóku sér nokkra daga til að funda en að lokum var niðurstaðan sú að of langt væri á milli flokkanna málefnalega til að gerlegt væri að brúa bilið. Birgitta Jónsdóttir tók þá við stjórnarmyndunarumboðinu og reyndi aftur við þá fimm flokka stjórn sem upphaflega var reynd.


Óttari Proppé, formanni Bjartrar framtíðar, hefur ítrekað verið boðið að koma í ríkisstjórn án Viðreisnar. Hann segir samstarfsslit við Viðreisn ekki einu sinni hafa verið rædd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Annað hljóð í Birgittu

„Fyrirfram hefði ég haldið að þessi fimm flokka stjórn væri raunhæfust óháð öllu öðru. En mér finnst vera komið þyngra hljóð í Birgittu varðandi þann möguleika að vinna með VG,“ segir Stefanía Óskarsdóttir, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Snörp orðaskipti urðu á milli Katrínar og Birgittu í Kastljósi á þriðjudag og ljóst að titringur er innan VG vegna viðræðuslitanna. Vinstri græn virðast líta svo á að reynt sé að sverta flokkinn að einhverju leyti eftir slitin og farið sé með rangt mál um viðræðuslitin. Flokkurinn hafi verið reiðubúinn að skoða kerfisbreytingar í sjávarútvegi og landbúnaði.

Að sama skapi strauk yfirlýsing þingflokks Vinstri grænna hinum fjórum flokkunum mjög svo öfugt en í henni sagði að þingflokkur VG hefði lagt áherslu á að gera breytingar í þágu nauðsynlegra umbóta í heilbrigðismálum, menntamálum og velferðarmálum. Yfirlýsingin þótti gefa í skyn að vilja hinna fjögurra flokkanna hefði ekki staðið til þess.

## Allt er þá þrennt er

Nú þykir líklegt að Sjálfstæðisflokkur, Björt framtíð og Viðreisn reyni í þriðja sinn að ná saman um málefnin. Sú ríkisstjórn hefði minnsta mögulega meirihluta á þingi, 32 þingmenn. „Það er alveg inni í myndinni að Sjálfstæðisflokkurinn nái Viðreisn aftur til baka. En samt, þar liggur munurinn í Evrópumálum og sérstaklega í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum. Ég veit ekki hvernig þetta leysist,“ segir Stefanía.

Ítrekaðar tilraunir hafa þó verið gerðar til að koma upp á milli Viðreisnar og Bjartrar framtíðar í þeirri von að hægt væri að stofna til stjórnar með Framsóknarflokknum. Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, segir að enn sem komið er sé það ekki inni í myndinni. „Við höfum ekki rætt neitt annað,“ segir Óttarr.

Þá eiga Sjálfstæðismenn og Píratar alveg eftir að ræða saman. Þeir Sjálfstæðismenn sem Fréttablaðið ræddi við við vinnslu fréttarinnar sögðust ekki vilja útiloka neitt. Það segir þó heilmikið um stöðuna að upplýsingafulltrúi Pírata hló eiginlega að blaðamanni þegar hugmyndin um samstarf flokkanna var viðruð.




# Volkswagen atvinnubílar

Það er engin tilviljun að Volkswagen atvinnubílar hafa verið vinsælustu atvinnubílar á Íslandi undanfarin ár. Auðugt vöruúrval sameinar eiginleika Volkswagen sem ná til áreiðanleika og hámarksgæða fyrir hagstætt verð. Fjölbreyttar útfærslur eru sniðnar að ólíkum þörfum viðskiptavina svo allir geta fundið sér bíl við sitt hæfi.

Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrvalið í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins. Eigum úrval Volkswagen atvinnubíla til afhendingar fyrir áramót.

Volkswagen Amarok verð frá: **4.990.000** (án vsk 4.024.194)

Volkswagen Crafter verð frá: **5.700.000** (án vsk 4.596.774)

Volkswagen Caddy verð frá: **2.540.000** (án vsk 2.048.387)

Volkswagen Transporter verð frá: **4.330.000** (án vsk 3.491.935)

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**Atvinnubílar**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Sögulegar stjórnarkreppur

Alls eru nú 47 dagar liðnir frá því að kosið var til Alþingis í október. Það er mun lengri tími en tók að mynda síðustu ríkisstjórn, 26 dagar, eða ríkisstjórnina þar á undan, 15 dagar. Oft hefur stjórnarmyndun þó tekið mun lengri tíma, bæði hér á landi sem í útlöndum. Á málþingi árið 2007 sagði Guðni Th. Jóhannesson forseti, þáverandi prófessor, að á þeim tíma sem verst gekk að mynda ríkisstjórnir hefðu of margir formenn útilokað stjórnarmyndunarkosti fyrirfram. Mögulega er slíkt hið sama uppi á teningnum nú.



**1947**

## Ísland 117 dagar

Lengsta stjórnarmyndun lýðveldissögunnar hér á landi tók 117 daga. Kosið var þann 30. júní 1946 og var ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar, samsteypustjórn Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, mynduð þann 4. febrúar 1947.





**1977**

## Holland 208 dagar

Hollendingar áttu Evrópumet í stjórnarkreppum frá árinu 1977. Kosið var til þings þann 25. maí og tók 208 daga að mynda nýja ríkisstjórn. Náðist þá samkomulag á milli Kristilegra demókrata og Frelsis- og lýðræðisflokksins um að mynda saman ríkisstjórn.

**1978**

## Ísland 68 dagar

Erfiðlega tókst að mynda ríkisstjórn árið 1978. Kosið var þann 25. júní og myndaði Ólafur Jóhannesson ríkisstjórn 1. september sama ár, 68 dögum seinna, með Alþýðubandalagi og Alþýðuflokki. Sú stjórn sprakk þó, meðal annars vegna deilna um efnahagsmál, og var kosið aftur ári síðar.



**1979-1980**

## Ísland 67 dagar

Kosningarnar í kjölfar þess að ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar sprakk urðu ekki til þess að leysa úr flækjuástandi í íslenskum stjórnmálum. Kosið var þann 3. desember 1979 og náði Gunnar Thoroddsen að mynda ríkisstjórn 67 dögum seinna, eða þann 8. febrúar árið 1980. Var stjórnin mynduð með Framsóknarflokki og Alþýðubandalagi. Gunnar var hins vegar ekki formaður og myndaði hann stjórnina í óþökk formannsins, Geirs Hallgrímssonar. Fylgdi einungis brot Sjálfstæðismanna Gunnari í ríkisstjórn.



**1987**

## Ísland 74 dagar

Nýlegasta dæmið um langa stjórnarkreppu var eftir kosningarnar 25. apríl 1987. Þá tók 74 daga að mynda ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar sem stóð saman af Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Sú stjórn lifði þó einungis í rúmt ár.

**2010**

## Írak 264 dagar

Stuttu áður en Belgar settu heimsmet í stjórnarkreppu settu Írakar met sitt. Vörðu þeir 264 dögum í stjórnarkreppu. Var þá mynduð ríkisstjórn undir forystu Nouri al-Maliki. Ein helsta ástæðan fyrir langri stjórnarkreppu er talin vera sú að fjölmargir leiðtogar höfðu útilokað að vinna með ákveðnum flokkum.





**2010-2011**

## Belgía 542 dagar

Eftir þingkosningar í Belgíu þann 13. júní 2010 tók við lengsta tímabil án kjörinnar ríkisstjórnar sem nokkurt þróað land hefur gengið í gegnum. Þegar stjórnarmyndun tókst loksins, þann 6. desember 2011, höfðu liðið 542 dagar frá því kosið var. Ein helsta ástæðan fyrir stjórnarkreppunni var ágreiningur á milli Flæmingja og Vallóna. Áður höfðu Belgar verið í langri stjórnarkreppu árin 2007 til 2008, þá 196 daga.




**2015-2016**

## Spánn 314 dagar

Spánverjar eru nýkomnir úr langri stjórnarkreppu. Eftir kosningar þann 21. desember 2015 tókst ekki að mynda ríkisstjórn og ákveðið var að blása aftur til kosninga þann 27. júní síðastliðinn. Niðurstöður kosninganna voru hins vegar svipaðar þeim fyrri og náðu flokkar ekki saman fyrr en 29. október síðastliðinn. Þá voru liðnir 314 dagar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 165155




# GULL, SILFUR EÐA SVARTUR DEMANTUR?

**NILFISK** ryksugurnar eru sannkallaðir skartgripir inn á heimilið en þær eru svo miklu meira en fegurðin ein. **NILFISK** eru öflugar og hljóðlátar, ómissandi félagar í heimilisstörfunum. Í **NILFISK** heimilisryksugunum er HEPA-sía sem hindrar rykagnir í að sleppa út í andrúmsloftið.

**Rekstrarland er opið alla virka daga kl. 9-18.**

Netgíró
Betri leið til að borga

Jólareikningur Netgíró
**Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017**
Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald
(ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 108 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

# FALLEGU PAKKARNIR FÁST Í HÖLLINNI



**SÖDAHL**
Jóladúkur, Winterland
Stærð: 150x220 cm
Fæst í fleiri stærðum

**14.990 kr.**



**IITTALA ULTIMA THULE**
Kertastjakar, 65 mm
glær / frost

**2.890 / 4.890 kr. stk.**



**BODUM CAFFETTIERA**
Pressukanna, svört, hvít, rauð
Átta bolla

~~11.990 kr.~~
**JÓLAVERÐ 9.990 kr**



**AIDA POUL PAVA**
Geymslubox
10x11 cm, 10x18 cm

**2.990 kr./ 3.490 kr.**



**NIKE STYTTA**
Vængjaða gyðjan
Stærð: 19 cm

**5.790 kr.**

**BJÖRN WIINBLAD**
Jólabolli / jólaskál
350 ml / 16 cm

**3.490 / 4.490 kr. stk.**



**IVV SOMMELIER**
Rauðvínskarafla
23 cm há

**8.990 kr.**



**IITTALA FESTIVO**
Kertastjakar
120 mm / 180 mm

**5.890 / 7.290 kr.**





**BJÖRN WIINBLAD**
Kertastjaki / Kanna
Margir litir

**5.990 / 3.490 kr.**



**IITTALA KASTEHELMI**
Krukka með loki / kertastjaki
margar litir til

**4.690 kr. / 2.290 kr.**



**POUL PAVA**
Plastflöskur 0,65 l, BPI fríar
Nokkrar stærðir og litir

~~1.990 kr.~~ **JÓLAVERÐ 1.490 kr stk**




**JD**
Jólabollar í boxi
nokkrar gerðir

**2.490 kr.**

**SÖDAHL**
Rúmföt 140x200 cm
margar aðrar gerðir til

**15.990 kr.**






**CLEVELAND**
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljós-grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm

**139.990 kr.**
~~189.990 kr.~~



**FRIDAY**
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt eða brúnt áklæði.
Stærð: 260 × 170 × 87 cm

**139.990 kr.**
~~179.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 | **Akureyri** Dalsbraut 1 | **Ísafjörður** Skeiði 1

**Laugard. 17. des. 11–18 | Sunnud. 18. des. 13–18**
**21.–23. des. 10–22 | Aðfangadagur 24. des. 10–13**
**Aðra daga fram að jólum er opið 10–18**

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# STÓLADÖGUM LÝKUR UM HELGINA

# STÓLADAGAR 25% afsláttur af ÖLLUM stólum*

* Gildir ekki af sérpöntunum. 15% afsláttur af Skovby stólum og Timeout.

LAZBOY®
*Live life comfortably.®*



## EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF

BORÐSTOFUSTÓLUM
HÆGINDASTÓLUM
ELDHÚSSTÓLUM
OG BARSTÓLUM
YFIR 500 GERÐIR

## EKKI MISSA AF ÞESSU!

**PINNACLE**
Brúnt leður á slitflötum.
Stærð: 84 × 90 × 100 cm

134.993 kr. ~~179.993 kr.~~



**MONTESE**
Hægindastóll með háu baki, svart leður.
149.993 kr. ~~199.990 kr.~~



**LECCE**
Barstóll, hvítur, rauður og svartur.
20.243 kr. ~~26.990 kr.~~



**ASTRO**
Hægindastóll, rautt, grátt og blátt áklæði.
44.993 kr. ~~59.990 kr.~~



**ALEXA**
Borðstofustóll, brúnt og svart leður.
26.243 kr. ~~34.990 kr.~~



**EBBA**
Hægindastóll, gult, blátt, rautt og grátt áklæði.
44.993 kr. ~~59.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Risaáfangi í djúpborun á Reykjanesi

**Tekist hefur að bora niður á 4.500 metra dýpi á háhitasvæði HS Orku á Reykjanesi. Er dýpsta hola þessarar gerðar á Íslandi – og líklega í heiminum. Vonast er til að úr verði vinnsluhola með margfalda vinnslugetu venjulegrar borholu. Kostnaður nálgast tvo milljarða.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Afar mikilvægum áfanga var náð í íslenska djúpborunarverkefninu (IDDP) á dögunum þegar tókst að bora niður á 4.500 metra dýpi á Reykjanesi – en markmiðið er að bora niður á allt að fimm kílómetra. Holan, sem er á vinnslusvæði Reykjanesvirkjunar, hefur þegar þá sérstöðu að vera langdýpsta hola sem boruð hefur verið á háhitasvæði hér á landi og líklega í heiminum.



Þór, kraftmesta tæki Jarðborana, er notaður til verksins og nálgast nú fimm kílómetra markið. MYND/HSORKA

### Margt getur farið úrskeiðis

Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku, vill ekki ganga svo langt að segja að nú hilli undir að fimm kílómetra markinu verði náð, einfaldlega vegna þess að þegar borað hefur verið niður á svo mikið dýpi sem raun ber vitni geti margt farið úrskeiðis með litlum fyrirvara.

„Við getum ekkert fullyrt um það. En væntingar aukast vissulega þegar áfanga sem þessum er náð. Allt getur þetta tekið snöggan endi, vegna þess að einhverra hluta vegna er ekki hægt að bora dýpra. Í fyrri tilraunum hefur nákvæmlega þetta gerst,“ segir Ásgeir og vísar til djúpborunarholu sem var boruð á jarðhitasvæðinu við Kröflu árin 2008 og 2009. Það var fyrsta holan í djúpborunarverkefninu (IDDP-1).

Spurður nánar um þann áfanga sem nú hefur náðst segir Ásgeir að fyrsti áfanginn hafi verið að komast niður á þrjá kílómetra og takast að fóðra holuna, næsti áfangi var að komast niður á 3.500 metra og hefja hina eiginlegu djúpborun. Síðan hafi verið mikill sigur að komast niður á fjóra kílómetra og enn meiri að komast nú niður á 4.500 metra – sérstaklega þegar við bætist að tekist hafi að ná borkjörnum upp á yfirborðið sem eru bergsýni sem gefa mikilvægar upplýsingar. Náðst hefur upp sýni af 4.300 metra dýpi og aldrei fyrr hefur náðst sýni úr slíku dýpi.

### Engin hola dýpri

„Það skýrist af því að þetta er líklega dýpsta borhola sem boruð hefur verið við þessar aðstæður, svo segja má að það hafi verið margir áfangar, og sumir þeirra eru met, í þessari framkvæmd. Það er því að þakka að undirbúningur verksins var afar vandaður, tel ég mig geta fullyrt.

Allar forsendur við borunina hafa verið hugsaðar upp á nýtt miðað við hefðbundna borun og lagður mikill metnaður í að fá besta mannskap, búnað, aðferðir og efni. Þetta er allt gert á grunni nýrrar hugsunar og dreginn er lærdómur af mikilli reynslu í háhitaborun á Íslandi og djúpborunarverkefninu við Kröflu á sínum tíma,“ segir Ásgeir, sem bætir við að áætlaður kostnaður við verkefnið nálgist tvo milljarða króna. Til samanburðar má geta þess að hefðbundin vinnsluhola á háhitasvæði á Íslandi kostar 500 til 700 milljónir króna. Við þetta bætist kostnaður við að bora holuna niður á 2.500 metra dýpi á sínum tíma, en þetta verkefni hófst með dýpkun þeirrar holu frá 2.500 metrum.

Um er að ræða samstarfsverkefni um djúpborun sem leitt er af HS Orku og unnið í samstarfi við norska olíufélagið Statoil og önnur fyrirtæki innan íslenska djúpborunarverkefnisins (IDDP). Íslenska djúpborunarverkefnið var stofnað árið 2000 og voru stofnendur þess HS Orka, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Orkustofnun. Jarðboranir sinna boruninni og nýta sitt öflugasta tæki, Þór, sem er knúinn raforku sem framleidd er í orkuverum HS Orku skammt frá borstaðnum. Við þennan öfluga hóp bætast verkfræðiráðgjafar, Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) og háskólar og vísindasamfélagið – en fengist hafa erlendir styrkir til verksins, til dæmis Evrópusambandsstyrkur til rannsókna. Kostnaðinn axla því margir aðilar – hérlendis sem erlendis.




> **Þetta hefur ekki verið mælt, en við höfum vísbendingar um að hitastigið sé komið yfir 400 gráður.**
>
> Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku



### Umhverfisvænt

Tilgangur djúpborunarverkefnisins er að kanna hvort framleiða megi orku úr djúplægum jarðhitakerfum sem gæti aukið orkuframleiðslu háhitasvæða umtalsvert og þar með dregið úr umhverfisáhrifum og landrýmisþörf orkuvinnslunnar og vonandi lækkað kostnað við orkuvinnsluna.

„Þegar höfum við lært gríðarlega mikið. Hvað svo sem verður um holuna þá er mikil vitneskja þegar í hendi, þó svo fari að við getum ekki notað holuna. Mögulegt er að hún nýtist til niðurdælingar, það er að segja að dæla vökva niður fyrir kerfið sem við erum að vinna orkuna úr. Svo er besti kosturinn að úr verði öflug vinnsluhola sem er markmiðið.

Öflug vinnsluhola sem gæti leitt af sér þá þróun í jarðhitaheiminum, hér og annars staðar í heiminum, að það verði mögulegt að bora dýpri, öflugri holur sem gera það mögulegt að ná tilteknu magni af orku með færri borholum. Þar með þurfum við að snerta minna af yfirborði lands og umhverfisáhrif verða minni – sem er afar mikilvægt í dag. Eins væri hægt að minnka kostnað við að ná orkunni,“ segir Ásgeir en um þróunarverkefni er að ræða og margt eftir að gerast í framhaldinu.

Vinnslutækni djúprar borholu ræðst af því hvernig jarðhitavökvi finnst á fjögurra til fimm kílómetra dýpi. Reynist efnasamsetningin viðráðanleg og unnt verður að vinna yfirhitaða orkuríka gufu beint upp úr djúpu borholunni er það fyrsti valkostur sem mun þar með auka orkuvinnslu á Reykjanesi. Markmiðið er að bora niður á allt að fimm kílómetra dýpi, eins og áður sagði, þar sem búast má við hitastigi sem nemur 400 til 500 gráðum.

Ásgeir segir vísbendingar um að bergið niðri á 4.500 metra dýpi sé orðið verulega heitt; það sé hins vegar ekki vitað nákvæmlega þar sem nauðsynlegt er að halda holunni kaldri á meðan á borun stendur.

„Þetta hefur ekki verið mælt, en við höfum vísbendingar um að hitastigið sé komið yfir 400 gráður,“ segir Ásgeir.

### Árangur þegar mikill

Hvort náist hið fyrirfram setta markmið að bora niður á fimm kílómetra dýpi, segir Ásgeir það ekki skipta öllu máli – framhaldið verði það sama hvort sem borholan verður 4.500 metrar eða fimm kílómetrar þegar borun lýkur. Þá hefjist frágangur á holunni og síðan ýmsar mælingar og vísindarannsóknir – láta þarf holuna hitna upp til að sjá hvernig hún bregst við miklum hita. Þegar sé til staðar áætlun fyrir þennan fasa verkefnisins sem spannar allt að því tvö ár.

„Kannski ári eftir að borun er lokið er komið gott mat á árangurinn – hvernig holan hagar sér og hvernig er raunhæft að nýta hana til framtíðar litið,“ segir Ásgeir en álitið er að ef hola sem þessi nýtist til vinnslu sé ekki útilokað að djúpborun geti skilað holu sem skilar 30 til 50 megavöttum. Venjuleg vinnsluhola sem nú er nýtt á Íslandi gefur kannski um fimm megavött en ekki er talið útilokað að djúpborun geti skilað holu sem skilar 30 til 50 megavöttum. Allt slíkt tal er þó byggt á áætlunum og enn ósannað.


Á bensínstöð ekki
svo langt í burtu ...
ÓB
Á götum og þjóðvegum landsins geysar
látlaus umferð. Bensínþyrstar bifreiðar
æða fram og aftur í leit að fyllingu með
afslætti. Á meðan kúrir leynivopnið í
vösum bílstjóra ...
Taktu þátt á Facebook-síðu ÓB og þú
gætir unnið tvo miða á Star Wars.
-13 KR
Í HEILA VIKU
VELDU ÞÉR LYKILVIKU Á OB.IS
olís
ÓB
MEGI LYKILLINN VERA MEÐ ÞÉR
PIPAR\TBWA • SÍA • 165769

# Landfræðileg samþjöppun afgerandi

**Ný greining sýnir afar greinilega hvernig stórir verkunarstaðir sjávarafla hafa frá 1990 dregið til sín sífellt hærra hlutfall fiskaflans hér á landi. Helmingur bolfiskaflans er unninn stutt frá Sundahöfn og Keflavíkurflugvelli. Austfirðingar vinna síld, makríl og kolmunna að stórum hluta.**


Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is






**Haukur Már Gestsson,** hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasanum



**Bjarki Vigfússon,** hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasanum

Gríðarlegar breytingar hafa orðið í íslenskum sjávarútvegi síðastliðin 20-25 ár þar sem mikil samþjöppun hefur orðið í eignarhaldi aflaheimilda og í landfræðilegri dreifingu fiskvinnslunnar síðan árið 1990. Þessar breytingar eru jafnframt enn stærri í sniðum en margur heldur.

Þetta kemur skýrt fram í nýrri greiningu þeirra Bjarka Vigfússonar og Hauks Más Gestssonar, hagfræðinga Íslenska sjávarklasans.

**Gengur vel – núna**

Í greiningu sinni, Verstöðin Ísland – hagfræðileg og landfræðileg samþjöppun í íslenskum sjávarútvegi 1993 til 2013, segja þeir Bjarki og Haukur Már frá hvernig miðstýrð offjárfesting í togurum og fiskvinnslum á 8. áratug síðustu aldar leiddi til ósjálfbærrar nýtingar auðlindarinnar og sársaukafullri hagræðingu, eða endurskipulagningu í íslenskum sjávarútvegi. Varpað er ljósi á með hvaða hætti þessi hagræðing hefur átt sér stað, hvaða kraftar hafa þar verið í aðalhlutverkum og hvernig þeir hafa haft ólík áhrif á byggðirnar í landinu og einstaka landshluta.

Þeir benda á að greinin er sjálfbær og skilar góðri afkomu; lagar sig hratt að tæknibreytingum og kröfum viðskiptavina sinna. Engum dylst, segja þeir, að íslenskur sjávarútvegur stendur framarlega að mörgu leyti og framtíð hans má teljast björt, ólíkt því sem blasti við fyrir ekki svo löngu.

„Um sjávarútveginn standa hins vegar enn mjög háværar og oft hatramar deilur sem eiga rætur, meðal annars, í erfiðri stöðu sjávarbyggðanna og minnkandi byggðafestu í mörgum þeirra, bæði vegna minnkandi afla þar til vinnslu en einnig vegna óvissunnar um framtíðina sem hagræðingarferlið og samþjöppunin hefur haft í för með sér. Þetta á ekki síst við um allra minnstu sjávarbyggðirnar, sem kannski eiga fæsta möguleika til atvinnuuppbyggingar af einhverju tagi," segir þar.

**100+**

**útgerðir að baki 12 stærstu útgerðunum.**

**Fórnarkostnaður hagræðingar**

Athyglisvert er – og er það sérstaklega dregið fram hér – hvernig nokkrir stórir verkunarstaðir draga nokkuð hratt til sín sífellt hærra hlutfall fiskaflans til vinnslu á meðan aðrir tapa aflanum frá sér. Nokkuð skýrt mynstur sést í því hvert á landið aflinn leitar eftir tegundum.

Í uppsjávariðnaði hefur landfræðileg samþjöppun vinnslunnar verið afar afgerandi og vinnsla uppsjávarfisks fer nú að langstærstum hluta fram í tíu bæjarfélögum. Þar af eru nokkur nágrannasveitarfélög á Austurlandi með meira en helming aflans til vinnslu. Vinnsla botnfisks hefur ekki þjappast saman á einstakar byggðir með jafn afgerandi hætti, og kemur þar margt til, en sömu tilhneigingar til samþjöppunar gætir þar einnig, þar sem suðvesturhornið virðist hafa sterkt aðdráttarafl. Í nokkrum bæjarfélögum hefur umfang sjávarútvegs farið úr því að vera mjög myndarlegt í nánast ekkert á síðastliðnum 20 árum.

## Yfir 100 eldri fyrirtæki að baki 12 stærstu

Þær breytingar á eignarhaldi aflaheimilda sem átt hafa sér stað frá upphafi 10. áratugarins hafa nú getið af sér nýtt landslag í íslenskum sjávarútvegi. Þetta nýja landslag einkennist meðal annars af því að stóru sjávarútvegsfyrirtækin hafa stækkað og þessi stóru fyrirtæki stunda veiðar og vinnslu og reka mörg hver eigin söludeildir.

Samanlögð hlutdeild 12 tekjuhæstu sjávarútvegsfyrirtækjanna í heildaraflamarki árið 2014 var rúm 59% mælt í þorskígildum. Tekjur þeirra af afla sem veiddur var og unninn á Íslandi voru líklega á bilinu 170-200 milljarðar króna á árinu 2013 en til samanburðar var heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða frá Íslandi þetta sama ár um 270 milljarðar króna. Þessi fyrirtæki eru því með stóran hluta aflans og tekna greinarinnar á sinni könnu.

Þessi 12 fyrirtæki eiga það öll sameiginlegt að hafa vaxið myndarlega síðasta aldarfjórðunginn og að baki þeim eru ekki færri en 100 eldri útgerðarfélög. Fyrirtækin eru Samherji, HB Grandi, Síldarvinnslan, Ísfélag Vestmannaeyja, Vinnslustöðin, Skinney Þinganes, Fisk Seafood, Þorbjörn, Eskja, Brim, Vísir og Rammi.






# Skiptir **uppruninn** máli…

## eða er það leitin að honum?

**Opinn fræðslufundur í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar**

**Sturlugötu 8, fimmtudaginn 15. desember kl. 17.00–18.30.**

Erindi flytja:

- **Kári Stefánsson**
  Örsögur um leit
- **Brynja Dan Gunnarsdóttir**
  Leitin að upprunanum
- **Ásdís Halla Bragadóttir**
  Tvísaga
- **Agnar Helgason**
  Saga Hans Jónatans rakin úr erfðaefni afkomenda

Kaffiveitingar frá kl. 16.30 – **allir velkomnir**

ÍSLENSK
ERFÐAGREINING

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




Rafallinn var hífður upp úr skipinu um klukkan fjögur en vinna hófst um sjö um morguninn. Túrbínan er 45 megavött en önnur álíka mun koma á næsta ári. MYNDIR/HREINN HJARTARSON

# Á hægferð með túrbínu

Fyrsta túrbúna Þeistareykjavirkjunar kom til landsins í gær. Hún var hífð frá borði flutningaskipsins BBC Palonia áður en henni var ekið um götur Húsavíkur til Þeistareykja. Túrbínan vegur rúm 200 tonn og þurfti því að fara eftir alls konar krókaleiðum í gegnum bæinn. Tveir bílar aðstoðuðu bílinn sem dró vagninn, einn fyrir framan og annar fyrir aftan, enda ekki oft sem öll þessi tonn eru á götum landsins. Var farið hægt en örugglega.



Þeistareykjavirkjun verður 17. aflstöð Landsvirkjunar. Vinnsluholur munu knýja vél fyrsta áfanga og verið er að bora fleiri vinnsluholur til að afla gufu fyrir annan áfanga.



Heildarkostnaður við fyrsta áfanga virkjunarinnar nemur á bilinu 20 til 24 milljarða króna. Þegar mest var voru hátt í 200 starfsmenn við vinnu á svæðinu á framkvæmdatímabilinu.



Kallarnir á bryggjunni fóru að öllu með gát enda hver farmur í skipinu afar dýr. Heildarfjárhæð samningsins, við Fuji og Balcke Dürr, er um 4,7 milljarðar króna.


50% AFSLÁTTUR
AF JÓLAVÖRU
50% AFSLÁTTUR
GILDIR 15.–24. DESEMBER
20% AFSLÁTTUR
AF GJAFAVÖRU
ZWOLLE SPEGILL
ÁÐUR 19.990,-
NÚ 15.992,-
Stærð: 76x96 cm.
ANTIEKE FÍLAMYND
ÁÐUR 3.990,-
NÚ 3.192,-
3 FYRIR 2
AF PÚÐUM
VERÐ FRÁ 1.990.-
FAMILIES ARE FOREVER
20% AFSLÁTTUR
HNÖTTUR
ÁÐUR 9.990,-
NÚ 7.992,-
BRIOUDE BLAÐAGRIND
ÁÐUR 3.990,-
NÚ 3.192,-
CARDONA KISTA
ÁÐUR 19.990,-
NÚ 15.992,-
Stærð: 70x45xH46 cm.
OPNUNARTÍMI 15. - 18. DESEMBER
15. DES. Opið 11-22 í öllum verslunum
16. DES. Opið 11-22 í öllum verslunum
17. DES. Opið 10-22 í öllum verslunum
18. DES. Opið 12-22 á Smára- og Korputorgi
13-22 á Glerártorgi
the PIER
AUTHIE LAMPI
ÁÐUR 8.990,-
NÚ 7.192,-
GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# TÆKNI

## Microsoft hyggst snjallvæða heimili og kynnir raddstýrðan hátalara

Tæknirisinn Microsoft birti í gær auglýsingu þar sem sjá mátti glitta í væntanlegan snjallhátalara fyrirtækisins. Hátalarinn er frá Harman Kardon en verður útbúinn stafrænu aðstoðarkonunni Cortönu úr smiðju Microsoft.

Hátalarinn á að keppa við sams konar vörur frá Google og Amazon, nefnilega Google Home og Amazon Echo.

Líkt og með Home og Echo verður hátalarinn raddstýrður. Hægt er að biðja hann um að gera ýmislegt, til að mynda að spila tónlist eða þylja upp uppskriftir.

Cortana hefur til þessa verið aðgengileg í Windows 10 stýrikerfinu en hún er byggð á samnefndri gervigreind úr tölvuleikjaseríunni Halo. Þar er Cortana bláleit heilmynd sem aðstoðar aðalpersónuna Master Chief við að drepa geimverur.

Cortana hefur þó hafið innreið sína í raunveruleikann og hyggur á fleiri áfangastaði en fyrrnefndan hátalara og Windows 10.

Sífellt fleiri heimilistæki tengjast nú internetinu og eru því útbúin æ öflugri tölvum. Þessa þróun má til að mynda sjá í prenturum, ísskápum, lásum og ofnum.

Á þriðjudag sagði Microsoft að forritarar fengju aðgang að tólum til að innleiða gervigreind Cortönu í umrædd tæki og þar með snjallvæða heimili fólks. Amazon og Google hyggja á sams konar þróun. – **þea**



Úr auglýsingu Microsoft fyrir raddstýrðan hátalara sem kemur á markað á nýju ári. MYND/SKJÁSKOT

**» Hægt er að biðja hátalarann um að gera ýmislegt, til að mynda að spila tónlist eða þylja upp uppskriftir.**

# Þessu leituðu Íslendingar að árið 2016

**Fréttablaðið lítur yfir vinsælustu leitarorð Íslendinga á árinu sem er að líða. Samkvæmt gögnum frá Google eru það Iceland, Google og Reykjavík. Donald Trump, verðandi Bandaríkjaforseti, er langvinsælastur á meðal fræga fólksins. Brúnegg náðu miklum toppi nýlega.**




Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is


Fjölmargir Íslendingar nýta sér leitarvél Google. Sjá má að hvaða orðum er helst leitað á Trends-síðu Google. Á meðal orða sem Íslendingar leituðu helst að 2016 eru Iceland, Google, Vísir, Reykjavík og Trump.

Þá má sjá hversu miklu oftar var leitað að ákveðnum leitarorðum samanborið við árið á undan. Þannig leituðu Íslendingar mun oftar að EM 2016 heldur en í fyrra líkt og þeir gerðu með leitarorðin Ugly Pizza, Aron Can og Trump news.

Gögnin eru þó ófullkomin. Orð geta lent í röngum flokki og íslenskir frasar reynast Google erfiðir.

Fréttablaðið tók einnig saman hvernig leit að fjórum áhugaverðum fréttamálum þróaðist á árinu.

### Fjögur íslensk fréttamál á Google




### Vinsælustu leitarorð Íslendinga á Google árið 2016

**ALLT**

| Vinsælast | Mesta aukningin |
|---|---|
| Iceland | Em 2016 +700% |
| Google | Euro 2016 +500% |
| Reykjavík | KrakkaRÚV +300% |
| Translate | Donald Trump +300% |
| Youtube | Dagatal 2016 +200% |

**MATUR**

| Vinsælast | Mesta aukningin |
|---|---|
| Reykjavík | Ugly Pizza +>5000% |
| Restaurant | Jólahlaðborð +>5000% |
| Domino's | Sausage Party +>5000% |
| Uppskriftir | Lobster and stuff +>5000% |
| Pizza | Rok veitingastaður +4450% |

**ÍÞRÓTTIR**

| Vinsælast | Mesta aukningin |
|---|---|
| Football | Reykjavíkurmaraþon 2016 +>5000% |
| Euro 2016 | Iceland vs England +>5000% |
| Premier League | Ufc 205 +>5000% |
| Liverpool | Ufc 200 +>5000% |
| UFC | Ufc 202 +>5000% |

**FRÉTTAVEITUR**

| Vinsælast | Mesta aukningin |
|---|---|
| Vísir | Fréttablaðið á netinu +120% |
| Mbl | Morgunblaðið +90% |
| Stod2 | Skjárinn dagskrá +80% |
| DV | mbl.is +80% |
| Visir | Fréttablaðið +70% |

**LISTIR OG AFÞREYING**

| Vinsælast | Mesta aukningin |
|---|---|
| YouTube | Aron Can +>5000% |
| You | Melania Trump +>5000% |
| Movies | Stranger Things +4000% |
| IMDb | Pokémon Go +3050% |
| Netflix | 10 Cloverfield Lane +2850% |

**FRÆGA FÓLKIÐ**

| Vinsælast | Mesta aukningin |
|---|---|
| Trump | Trump news +>5000% |
| Donald Trump | Melania Trump +2450% |
| Kylie Jenner | Trump +650% |
| Kardashian | Donald Trump +450% |
| Kendall Jenner | Tiffany Trump +350% |



**Mun fleiri leituðu að Pokémon Go en í fyrra.** MYND/NIANTIC





Jólaplattinn í hádeginu og um helgar 3.200 kr

BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
00354 456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS


## Sjálfakandi Google sjálfstætt fyrirtæki

Sjálfkeyrandi bílaverkefni sem Google hefur unnið að undanfarin ár verður nú sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Waymo. Verður fyrirtækið því undir Alphabet, móðurfélagi Google.

„Við erum nú orðið sjálfstætt fyrirtæki undir Alphabet-regnhlífinni," sagði John Krafcik, forstjóri hins nýja Waymo, á blaðamannafundi í San Francisco í gær. Þá sagði Krafcik einnig að Waymo-teymið hefði í fyrsta sinn prufað bíla sína án þess að manneskja hefði nokkur tök á að grípa inn í í borginni Austin á síðasta ári.

Bíll Waymo er hvorki útbúinn fótstigum né stýri þannig að ómögulegt er fyrir manneskju að grípa inn í.

Fyrstur til þess að sitja í slíkum bíl á ferð um götur Austin var Steve Mahan, lögblindur vinur eins verkfræðinga Waymo. Sat Mahan einn í bílnum á meðan gervigreind bílsins sá um að þræða götur borgarinnar.



Sýningareintak sjálfkeyrandi bíls frá Waymo. NORDICPHOTOS/AFP

Tæknifréttasíðan The Information greindi frá því á mánudaginn að Google ætlaði að leggja verkefnið til hliðar og einbeita sér þess í stað að því að vinna við hlið annarra bílaframleiðenda og hjálpa þeim að innleiða gervigreind fyrir sjálfsstýringu. Hins vegar er ljóst að þær upplýsingar voru ekki alveg réttar.

„Við höldum að þessi tækni geti gagnast við leigubílaþjónustu, flutninga og jafnvel persónulega notkun. Sjálfkeyrandi tækni kemur að miklum notum," sagði Krafcik einnig. – **þea**


HONDA
The Power of Dreams
BETRI AFKÖST
SPARNEYTNI OG TÆKNI
CR-V
Hvort sem þú vilt öryggi, sparneytni og lipurð í borgarsnúningana eða þægindi, rými og útsýni í skoðunarferðina þá er Honda CR-V fyrir þig. Bættu við hagstæðu verði og 5-stjörnu öryggi og þú sérð heildarmynd hagkvæma borgarjeppans sem hefur rakað að sér verðlaunum í öllum heimsálfum. Heildarmyndin endurspeglast í háu endursöluverði og verðlaunum sem áreiðanlegasti bílaframleiðandi heims í tæp 10 ár í röð.
CR-V - ENDALAUST BETRI
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



Best er að kaupa það sem fólk biður um á jólunum. NORDICPHOTOS/ GETTY

# Hugulsemi skiptir litlu

Það að eyða miklum tíma í að leita að hinni fullkomnu gjöf handa öllum sem maður gefur jólagjafir og tryggja að mikil hugulsemi liggi þar að baki er sóun á tíma ef marka má nýja rannsókn um jólagjafir sem Jeff Galak við Carnegie Mellon-háskóla framkvæmdi.

The New York Times greinir frá því að það sé einnig til lítils að stefna að mikilli afhjúpun á aðfangadag, hvort sem um er að ræða leikfang eða skartgrip. Flestir hafa lítinn áhuga á dramatískum jólagjöfum.

Að mati Galaks fara góðar gjafir oft í vaskinn vegna þess að þeir sem eru að gefa gjöfina eru með hugann við athöfnina þegar gjöfin er opnuð á meðan þeir sem fá gjöfina vilja eitthvað nytsamlegt til lengri tíma litið.

Samkvæmt rannsókninni er ekki endilega til góðs að hugsa gjöfina allt of mikið út frá einstaklingnum sem fær hana. Oft gefi einhver óheppilegar gjafir af því að hann er alltaf að hugsa um að gefa hverjum og einum sérstaklega góða og persónulega gjöf.

Þá geti verið vænlegt til vinnings að spyrja viðkomandi einfaldlega hvað hann vilji og kaupa það. Sálfræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að almennt sé fólk ánægðara með að fá gjöf af óskalista en gjafir sem ekki var beðið um. Margir eru meira að segja ánægðir með beinharða peninga, nema að um sé að ræða gjöf frá maka.

Hugulsemin skilar venjulega ekki því sem búist er við. – sg

## Jólaörtröð á pósthúsum



Jana Peschk, starfsmaður hjá DHL í Rüdersdorf í Þýskalandi, gengur frá jólapökkum. Mikil örtröð ríkir um hátíðirnar höndla starfsmenn DHL í Rüdersdorf allt að 450 þúsund pakka. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur þeim netinu. Það, auk sendinga jólapakka milli landa, hefur þýtt lengri biðraðir á pósthúsum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Gagnrýna ófyrirsjáanleika Seðlabanka

**Stýrivextir hafa lækkað um 0,75 prósent á árinu. Vaxtalækkunin í gær kom greiningaraðilum töluvert á óvart. Greining Íslandsbanka gagnrýnir ófyrirsjáanleika sem hefur einkennt síðustu ákvarðanir Seðlabankans. Stýrivextir hér eru áfram meðal þeirra hæstu í Evrópu. Greiningin spáir áframhaldandi**

„Við erum á því að það hefði mátt standa betur að þessu,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka.

Seðlabankinn lækkaði í gær stýrivexti um 0,25 prósent. Um var að ræða þriðju vaxtaákvörðunina af fjórum frá miðju ári þar sem vaxtaákvörðun Seðlabankans er þvert á flestar spár og telur Ingólfur þetta vekja upp spurningar um fyrirsjáanleika peningastefnunnar.

„Þessar forsendur sem þeir eru að leggja til grundvallar þessari vaxtaákvörðun nú lágu fyrir síðast. Að minnsta kosti hefði framsýn leiðsögn, sem er þeirra leið til að segja hvers sé að vænta næst, átt að gefa í skyn að nefndin væri ekki sammála og að þá væru því meiri líkur á að þeir myndu lækka vexti frekar en halda þeim óbreyttum. Þetta gerðu þeir ekki síðast, þá var framsýn leiðsögn óbreytt og hlutlaus,“ segir Ingólfur.

Hann segir fyrirsjáanleika auka virkni peningastefnunnar. „Það gerir hana bitmeiri, það er almennt viðurkennt og seðlabankastjóri viðurkenndi það líka að það er ekki markmið í sjálfu sér að Seðlabankinn eða peningastefnunefndin eigi að koma á óvart með sínum ákvörðunum. Þeir eiga að vera tiltölulega fyrirsjáanlegir í því sem þeir eru að einblína á og að peningastefnan sé gegnsæ og skiljanleg öllum,“ segir Ingólfur.

Frá áramótum hafa stýrivextir lækkað um 0,75 prósent. Í yfirlýsingu vegna vaxtaákvörðunarinnar segir nefndin að kjölfesta verðbólguvæntinga við verðbólgumarkmiðið virðist hafa styrkst og aðhald peningastefnunnar að einhverju leyti aukist í gegnum hækkun gengis krónunnar. Segir hún að þetta gefi henni svigrúm til að lækka nafnvexti nú.

Ingólfur segir vaxtalækkunina skila sér með töf en að hún hafi komið fram í útlánavöxtum strax eftir lækkun í ágúst. Þá hafi verið hraðar breytingar í óverðtryggðum útlánavöxtum bankanna. Þetta hafi

> Þessar forsendur sem þeir eru að leggja til grundvallar þessari vaxtaákvörðun nú lágu fyrir síðast.
>
> Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka






Einstök **námstefna**

um **Google for Education**

13.-14. janúar í Verzlunarskóla Íslands

Kynntu þér dagskrána á **advania.is**

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

EdTechTeam

advania Welcome to IT



hjá flutningafyrirtækinu og meðfjölgað mjög sem panta jólagjafir á

rýnir ófyrirsjáanleika sem lækkunum á næsta ári.

áhrif á heimilin og snúi einnig að fyrirtækjum sem eru að fjármagna sig innanlands. „Það kemur fram í því að þá er ódýrara að fjármagna sig, sem myndi ýta undir fjárfestingu og einhverja neyslu líka og fjölga störfum.“

Stýrivextir hér á landi eru þrátt fyrir lækkanir enn með þeim hæstu innan Evrópu. Greining Íslandsbanka telur að svigrúm verði til frekari lækkana á fyrri helmingi næsta árs og spáir því frekari lækkun þá.

**saeunn@frettabladid.is**

# Ógjöfult ár á innlendum hlutabréfamarkaði

Það sem af er ári hefur úrvalsvísitalan lækkað um sjö prósent leiðrétt fyrir arðgreiðslum. Um er að ræða viðsnúning milli ára en árið 2015 var 49 prósenta ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði.

Fram kemur í frétt á vef VÍB að fimm atriði hafi sérstaklega litað íslenska hlutabréfamarkaðinn á árinu: styrking krónunnar, aukin eftirspurn eftir fjármunum lífeyrissjóðanna, vaxtalækkanir og ekki vaxtalækkanir, kjarasamningar og áframhaldandi kraftur í fjölgun ferðamanna.

Arðsleiðrétt ávöxtun frá áramótum hefur verið mest hjá N1 eða 102,1 prósent og næstmest hjá Eimskipi þar sem hún nemur 45,7 prósentum. Hún hefur verið lægst hjá Icelandair og Granda þar sem hún hefur lækkað um yfir þrjátíu prósent.

Íslenska krónan hefur styrkst um 16 prósent á móti evru frá áramótum, 27 prósent gegn pundi og 21 prósent gagnvart sænsku krónunni. VÍB greinir frá því að fyrir innlend rekstrarfélög hafi þessi styrking fyrst og fremst verið jákvæð enda auðveldað þeim varðandi launahækkanir. Þessi breyting hefur hins vegar verið afar skaðleg þeim fjölmörgu félögum í kauphöllinni sem hafa hluta af sínum tekjum í erlendri mynt.



**Kauphöll Íslands**

Bæði koma áhrifin fram þannig að tekjurnar eru fyrst og fremst í annarri mynt en krónu en hlutabréfin skráð í krónum og því lækkar virði tekna félagsins í krónum talið.

Kröftugar launahækkanir og vinnudeilur árið 2015 skiluðu sér í uppgjörum. Árið 2016 hefur því einkennst af hagræðingu, ekki síst hjá fjarskiptafélögum. Hugsanlegar vinnudeilur í byrjun 2017 hafa jafnframt spilað inn í væntingar fjárfesta, að því er kemur fram í fréttinni. – **sg**

# Markaðurinn jákvæður við vaxtalækkun

Í kjölfar ákvörðunar Seðlabankans um að lækka stýrivexti í gær tóku hlutabréf í Kauphöllinni kipp.

Grænt var yfir markaðnum og hækkuðu nánast öll hlutafélög. Úrvalsvísitalan hækkaði um rúmlega eitt prósent á fyrsta klukkutíma viðskipta.

Hækkanirnar gengu þó að einhverju leyti til baka og í lok dags hafði úrvalsvísitalan hækkað um 0,73 prósent.

Gengi allra skráðra bréfa utan Skeljungs, VÍS og Marels hækkaði í gær. Hækkunin var einna mest á gengi Haga eða um 2,54 prósent í 224 milljóna króna viðskiptum.

Vænta má að markaðurinn telji því að lækkunin muni hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið hér á landi. En sem fyrr segir getur verið ódýrara fyrir fyrirtæki að fjármagna sig vegna vaxtalækkunar. – **sg**






Krakkarnir sátu agndofa þegar Giljagaur heilsaði upp á þá á Þjóðminjasafninu. Hann var klæddur í sín þjóðlegu jólasveinaklæði. Jólasveinarnir þrettán staldra allir við á Þjóðminjasafninu klukkan ellefu þann dag sem þeir koma til byggða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Jólastemning hjá *ungum* sem öldnum

Senn líður að jólum og eru ungir sem aldnir farnir að hlakka til hátíðanna. Í vikunni hjálpuðust eldri kynslóðir og yngri að við jólakortagerð í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Rauði krossinn stóð fyrir jólaballi fyrir börn hælisleitenda og Giljagaur heilsaði upp á hressa krakka á Þjóðminjasafninu.



Börn úr leikskólanum Austurborg og eldri kynslóðir frá Félagi eldri borgara í Breiðholti hittust í vikunni og áttu notalega stund saman við pappírssnjókornaföndur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Giljagaur faðmaði dreng sem var himinlifandi með að hitta einn af hinum einu sönnu jólasveinum í Þjóðminjasafninu. Íslensku jólasveinarnir voru upphaflega miklar barnafælur. En nú er öldin önnur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Rauði krossinn í samstarfi við Landsvirkjun stóð fyrir vetrarhátíð í vikunni fyrir börn hælisleitenda. Fjölskyldur og börn frá Palestínu, Sómalíu, Albaníu, Írak, Sýrlandi, Erítreu og fleiri löndum, alls um áttatíu manns, sóttu jólagleðskapinn. „Jólasveinninn kom inn um gluggann og færði börnunum gjafir. Það var rosalega gaman,“ segir Zoe Roberts, hjá Rauða krossinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lifandi jólatré

FRÁBÆRT VERÐ

Normannsþinur, íslensk fura og blágreni.

Einnig mikið úrval af gervijólatrjám og skrauti.

## Sölustaðir

**SELFOSS**

*FIM* **8-18**
*FÖS* **8-19**
*LAU* **10-19**
*SUN* **12-18**

**TIMBURVERSLUN BREIDD**

*FIM-FÖS* **8-20**
*LAU* **10-20**
*SUN* **11-20**

## Dagskrá Breidd

**LAUGARDAGINN 17.DES**
MOSFELLSKÓRINN 13-14
JÓLAJAZZ (SPILASJÚKIR) 14-15

**SUNNUDAGINN 18.DES**
JÓLAJAZZ (SPILASJÚKIR) 13-13:45
ÁLAFOSSKÓRINN 14-15



**JÓLATRÉSFÓTUR,**
5" grænn eða rauður.
**5.495kr.**
88470259/60



## Verðlisti

| NORMANNSÞINUR | VERÐ |
|---|---|
| 100 - 125 cm | 2.955 kr. |
| 126 - 150 cm | 3.395 kr. |
| 151 - 175 cm | 4.695 kr. |
| 176 - 200 cm | 6.595 kr. |
| 201 - 225 cm | 7.395 kr. |
| **BLÁGRENI** | |
| 100 - 150 cm | 5.495 kr. |
| 151 - 200 cm | 10.375 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |
| **ÍSLENSK FURA** | |
| 100 - 150 cm | 5.775 kr. |
| 151 - 200 cm | 8.975 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

byko.is

Sérvalin tré í stofuna til þín

BYKO
SKREYTUM SAMAN


KRÓNAN
399
kr.
stk.
Klementínur 950 g, Spánn
Ódýrt
Klementínur 2,3 kg, Spánn
629
kr.
stk.
GRØN BALANCE
ØKOLOGI
Økologisk
Frugt
LÍFRÆNT VOTTAÐ
389
kr.
stk.
Grön Balance lífrænar klementínur 750 g, Spánn
Clementinen
Tilboðin gilda til 18. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
1 Sæti
Árleg könnun DV
TVÍREYKT HÚSAVÍKUR Hangilæri Úrbeinað
3999 kr. kg
Húsavíkur tvíreykt hangilæri úrbeinað
Krónan mælir með!
Nóatúns hamborgarhryggur
NÓATÚN
1899 kr. kg
Krónan mælir með!
BERBERIE ANTON
Frönsk Aliönd
5999 kr. stk.
Anton Berberie önd, 3,2 kg, Frakkland
Ódýrt
KRÓNAN Hamborgarhryggur
Krónan mælir með!
FRIÐRIK V Veislumatur
Lambalæri með sveppum púrtvíni, úrval fyllinga
3199 kr. kg
Ódýrt
Krónu hamborgarhryggur
1399 kr. kg
Tilboðin gilda til 18. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN







**6999** kr. kg

Hreinsuð ungnautalund, Nýja Sjáland

\+




**999** kr. stk.

Duxelle fylling fyrir Wellington, 350 g

\+




**289** kr. stk.

Smjördeig utan um kjötið, 275 g




Krónan mælir með!

**3499** kr. stk.

Kalkúnaskip með salvíusmjöri




**799** kr. stk.

Friðrik V jólapate


KRÓNAN
ódýrt
599 kr. stk.
Celebrations 380 g - 1576 kr/kg
540 kr. stk.
Toblerone 360 g
ódýrt
979 kr. stk.
After Eight 800 g
ódýrt
3598 kr. stk.
Mackintosh 2,9 kg
Tilboðin gilda til 18. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Ógn við lýðræðið



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Reynslan hefur kennt okkur að lýðræði er besta stjórnarfyrirkomulagið sem við höfum í samfélaginu. Lýðræðið virkar hins vegar ekki sem skyldi ef borgararnir geta ekki tileinkað sér upplýsingar úr umhverfi sínu, túlkað þær og tekið ákvarðanir á grundvelli þeirra. Enda er það grunnforsenda virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Staða íslenskra nemenda hefur nú aldrei verið lakari á öllum þremur sviðum PISA-könnunar OECD. Könnunin mælir meðal annars lesskilning en PISA skilgreinir lesskilning sem það að „skilja texta, nýta þá, ígrunda og tengjast þeim með það í huga að ná settum markmiðum, þróa þekkingu sína og möguleika og taka virkan þátt í samfélaginu“. Nú eiga 22 prósent íslenskra nemenda erfitt með að lesa sér til gagns en það er undir meðaltali OECD. Hlutfallið var 15 prósent um síðustu aldamót.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra komst nálægt kjarna þessa máls í viðtali á Bylgjunni síðastliðinn sunnudag. „Geta þessara einstaklinga til þess að móta afstöðu í lýðræðislegri umfjöllun er auðvitað mjög skert miðað við þá sem geta lesið sér til gagns. Þetta er ógn við lýðræðið okkar,“ sagði Illugi.

Börn öðlast lesskilning með æfingu. Þess vegna er ekki við skólana og kennarana að sakast. Það er á ábyrgð foreldra að börn æfi sig í lestri utan veggja skólastofunnar. Það þarf líka að hafa hugfast að íslensk ungmenni verja drjúgum tíma við notkun tækja sem skilja ekki íslensku. Ein stærsta áskorun sem við stöndum frammi fyrir við verndun íslenskrar tungu er að tryggja að hún þrífist í lífi nútímamannsins. Það þýðir að hún sé til staðar í viðmóti samfélagsmiðla, snjalltækja og leikjatölva. Þökk sé vinnu íslenskra sérfræðinga hjá Google skilur Google-leitarvélin mælt íslenskt mál. Mikið verk er hins vegar óunnið og Google er bara einn af mörgum leikendum á þessu örlagasviði íslenskrar tungu sem tækni nútímans er. Á fjárlögum þessa árs var 30 milljónum króna varið til Máltæknisjóðs sem styður við verkefni í því skyni að gera íslensku gjaldgenga í stafrænni upplýsingatækni. Þetta er jákvætt skref en fjárveitingin er dropi í hafið.

> **Mikið verk er hins vegar óunnið og Google er bara einn af mörgum leikendum á þessu örlagasviði íslenskrar tungu sem tækni nútímans er.**

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, gerði íslenskuna að umtalsefni í ávarpi sínu á Austurvelli í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar og kjörgengis kvenna 19. júní á síðasta ári. Vigdís minnti á tvö dýrmæt djásn sem Íslendingum hefðu verið falin til verndar. „Það er náttúra Íslands og þjóðtungan okkar, íslenskan. Enginn getur tekið þessi djásn frá okkur nema við sjálf. Þess vegna fæ ég aldrei hvatt ykkur nógu oft, unga fólkið í landinu, til að gleyma aldrei að varðveita og vernda þessi djásn sem bæði eru þess eðlis að ef þau eru einu sinni glötuð þá verða þau ekki endurheimt,“ sagði Vigdís.

Þetta eru orð að sönnu. Það er mikilvægt að þær kynslóðir sem nú eru að vaxa úr grasi og ófædd börn framtíðarinnar tileinki sér þann lærdóm að eitt dýrmætasta vopn þeirra er sterkt vald á tungumálinu. Varðveiting þess er sameiginlegt verkefni okkar allra.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Ástin á lýðræðinu**

Í gær heyrðist í fyrrverandi forsætisráðherra þjóðarinnar, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, ræða við Bylgjuna um stöðuna sem upp er komin í íslenskri pólitík. Sagði hann það hafa verið dómadagsvitleysu að kjósa í haust. Það hljóta að teljast tíðindi að fyrrverandi forsætisráðherra, og þingmaður, sem vill ennþá láta taka sig alvarlega, skuli búa yfir slíkri ást á lýðræðinu eins og raun ber vitni. Lýðræðinu sem kom honum til valda árið 2013, lýðræðinu sem kom honum á þing í október síðastliðnum og lýðræðinu sem gerði hann að formanni Framsóknarflokksins árið 2009.

**Taktleysi**

Það er einnig nokkuð taklaust að tala um „dómadag“ sem lýsingu á íslensku lýðræði á sama tíma og tugþúsundir einstaklinga eru innlyksa í austurhluta Aleppo í Sýrlandi. Á sama tíma og stjórnarherinn sýrlenski kom í veg fyrir brottflutning almennra borgara frá Aleppo, hefur að nýju stórfelldar árásir sem beinast meðal annars að bláasaklausum konum og börnum, þar sem þjóðarmorð eru stunduð á hverjum einasta degi, er rætt um dagsetningu kosninga á Íslandi. Sýrlenskur friðelskandi almenningur myndi glaður vilja fá að kjósa Assad á brott hið snarasta, og gildir þá einu það léttvæga smáatriði, hvort kosningar séu að hausti eða vori.

sveinn@frettabladid.is

# PISA og lesskilningur – skipta greinarmerki máli?



Arnór Guðmundsson
forstjóri Menntamálastofnunar

Menntamálastofnun hefur sætt gagnrýni fyrir að vanda ekki til þýðinga á PISA-prófi. Hefur gagnrýnin annars vegar byggt á athugasemdum við þýðingu á spurningum í PISA 2015 og hins vegar á meintum spurningum úr eldri PISA-könnunum sem gengið hafa manna á milli á netinu. Stofnunin hefur beðist afsökunar á þeim hnökrum sem voru á þýðingum í PISA 2015 en getur trauðla elt ólar við meira en tíu ára gömul dæmi um hráar þýðingar sem gengið hafa á netinu.

Að sjálfsögðu er það réttmæt ábending að íslenska í þeim prófum sem Menntamálastofnun leggur fyrir á að vera í lagi og að því verður unnið í næstu fyrirlögn PISA sem verður 2018. Það er umhugsunarefni af hverju fjórum löggiltum skjalaþýðendum, sem sáu um þýðingarnar, sást yfir þær villur sem bent hefur verið á. Menntamálastofnun hefur því ákveðið að bæta það vinnulag sem viðhaft hefur verið við PISA-könnunina. Verður sérstök áhersla lögð á að íslenskulesa þær spurningar sem notaðar verða í næstu fyrirlögn PISA.

> **Að sjálfsögðu er það réttmæt ábending að íslenska í þeim prófum sem Menntamálastofnun leggur fyrir á að vera í lagi.**

**Meginskilaboð PISA-könnunar**

Í þeirri umræðu sem nú á sér stað um niðurstöður PISA verður að gæta þess að missa ekki sjónar á þeim meginskilaboðum sem felast í niðurstöðum könnunarinnar. Þau eru að lesskilningi nemenda við lok grunnskóla hefur hrakað mikið hér á landi og er hann mun lakari en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Hafa fræðimenn bent á að ef ekkert verði að gert kunni íslenskan smám saman að víkja fyrir enskum áhrifum. Þetta tel ég vera stórmál og hef leyft mér að halda því fram að í þessu samhengi sé stafsetning og greinarmerkjasetning í spurningum könnunarinnar kannski léttvæg. Við munum hins vegar hafa kommur og spurningarmerki á réttum stöðum í næstu fyrirlögn PISA.

Fyrir áhugamenn um þýðingu á texta sem notaður var í PISA árið 2000, og gengið hefur manna á milli á Facebook, vísa ég í frétt á heimasíðu Menntamálastofnunar.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Segulbandasögur

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Litlu munaði að Richard Nixon Bandaríkjaforseta tækist að bíta þá af sér sem höfðu grun um aðild manna hans að innbrotinu í skrifstofur Demókrataflokksins í Watergate-byggingunni í Washington, D.C., 17. júní 1972. Nixon gersigraði andstæðing sinn úr röðum demókrata, öldungadeildarþingmanninn George McGovern, í forsetakosningum þá um haustið. Innbrotið í Watergate nokkrum mánuðum fyrr var bersýnilega framið til að komast yfir gögn um andstæðinginn.

Böndin bárust að mönnum Nixons. Hversu nærri forsetanum og mönnum hans stóðu innbrotsþjófarnir fimm? Það lá ekki fyrir í upphafi. Eina blaðið sem þorði að taka málið upp af myndugleik var staðarblaðið Washington Post og það einkum fyrir hugdirfsku tveggja ungra blaðamanna, Bobs Woodward og Carls Bernstein, sem fengu ritstjórann í lið með sér. New York Times þorði ekki að snerta málið fyrr en eftir dúk og disk.

Uppljóstrari innan úr stjórnsýslunni („Deep Throat“ var hann nefndur) fóðraði blaðamennina á upplýsingum og hélt þeim við efnið. Hann steig fram úr leynum 30 árum síðar og reyndist þá vera Mark Felt, staðgengill og um skamma hríð eftirmaður J. Edgars Hoover, yfirmanns alríkislögreglunnar FBI. Fréttaflutningur beit ekki á forsetann. Það mátti þingið í Washington eiga að það setti málið í rannsókn á sínum vegum. Málið komst á skrið þegar John Dean, lögfræðingur Hvíta hússins, greindi frá því við yfirheyrslu í þinginu að upptökutæki væru til staðar á skrifstofu forsetans.

**Segulbönd sem sönnunargögn**

Upphófst nú stríð um böndin. Forsetinn neitaði í fyrstu að afhenda þau. Hæstiréttur úrskurðaði að forsetanum bæri að láta böndin af hendi. Forsetinn afhenti þá útskrift af böndunum en í hana vantaði rösklega 18 mínútur sem einkaritari forsetans kvaðst bera ábyrgð á; hún sagðist óvart hafa þurrkað þennan kafla út við vinnu sína þótt sýnt væri að mikla leikfimi hefði þurft til þess. Dramað vatt upp á sig. Um síðir neyddist Nixon til að viðurkenna að hann hefði haldið hluta hljóðritanna frá sérstökum saksóknara sem fjallaði um málið og var forsetinn þá orðinn ber að því að hindra framgang réttvísinnar. Taflinu var lokið. Nixon sagði af sér 9. ágúst 1974 til að komast hjá brottvikningu úr embætti.

Ferill og endalok Watergate-málsins vitna um að Bandaríkjamenn eru jafnir fyrir lögum þegar mikið liggur við og einnig að ákvæði stjórnarskrárinnar um valdmörk og mótvægi eru virkur bókstafur. Þingið gerði skyldu sína, það gerði einnig réttarkerfið, og forsetinn vék úr embætti þegar hann varð uppvís að lögbroti.

**Heim til þín, Ísland**

Víkur nú sögunni hingað heim. Snemma var vitað um upptöku símtals seðlabankastjóra og forsætisráðherra 6. október 2008 þar sem þeir ræddu sín á milli um risalán Seðlabankans til Kaupþings. Seðlabankinn hefur staðfastlega neitað að afhenda upptökuna eða útskrift af henni. Jafnvel fjárlaganefnd Alþingis var neitað um aðgang að upptökunni.

Þá gerist það átta árum síðar að Kastljós RÚV birtir mynd af hluta útskriftar símtalsins, útskriftar sem var notuð við yfirheyrslu Sérstaks saksóknara 2012 yfir embættismanni Seðlabankans. Embætti Sérstaks saksóknara hélt efni símtalsins leyndu fyrir almenningi þar til skýrslu um yfirheyrsluna var að því er virðist lekið þaðan út til Kastljóssmanna.

Í útskrift símtalsins kemur fram að seðlabankastjórinn lýsir þeirri ákvörðun bankans að lána Kaupþingi 500 milljónir evra með þessum orðum: „Í dag getum við skrapað saman 500 milljónir evra og erum þá náttúrulega komnir inn að beini.“ Bankastjórinn lýsti því jafnframt yfir í hinu hljóðritaða símtali, skv. skýrslu sem tekin var af fyrr nefndum embættismanni Seðlabankans sem var viðstaddur símtalið, að lánið væri tapað.

Eitt er að veita áhættusamt lán af almannafé sem tapast. Annað er að veita lán vitandi að það muni tapast eins og kom á daginn. Seðlabanka er líkt og ríkisviðskiptabanka óheimilt ráðstafa fé – almannafé! – með svo gáleysislegum hætti, og gildir þá væntanlega einu hvort veð var tekið fyrir láninu enda hefði slíkt lán án veðs verið skýlaust lögbrot.

**Eftirlitshlutverk bankaráðsins**

Ætla mætti að bankaráð Seðlabankans hafi fjallað um þau atvik í bankanum sem uppljóstrun Kastljóss um efni símtalsins dýra virðist afhjúpa, en það hefur þó hvergi komið fram opinberlega. Í lögum um Seðlabankann (28. gr.) segir svo: „Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda.“

Nú vill svo til að fundargerðir bankaráðs Seðlabanka Íslands eru ekki opinber gögn og því eru þær ekki aðgengilegar á vefsetri bankans. Mér kemur í hug fv. þingmaður, vinur minn, sem var nýhættur á þingi og bað um að fá að sjá fundargerð um nefndarfund sem hann sat. Skrifstofa Alþingis synjaði honum um aðgang að fundargerðinni.

Hvernig væri nú að lyfta lokinu? – og birta fundargerðir bankaráðs Seðlabanka Íslands t.d. tíu ár aftur í tímann svo að fólkið í landinu megi sjá hvernig bankaráðið hefur rækt eftirlitshlutverk sitt. Vonandi flytur einhver bankaráðsmaðurinn tillögu um það á næsta fundi ráðsins.

> **Hvernig væri nú að lyfta lokinu? – og birta fundargerðir bankaráðs Seðlabanka Íslands t.d. tíu ár aftur í tímann svo að fólkið í landinu megi sjá hvernig bankaráðið hefur rækt eftirlitshlutverk sitt. Vonandi flytur einhver bankaráðsmaðurinn tillögu um það á næsta fundi ráðsins.**

# Dagur íslenskrar tónlistar?



Sigurgeir Sigmundsson
viðskiptafræðingur, gítarleikari og starfandi tónlistarskólakennari

Nú er Dagur íslenskrar tónlistar nýliðinn og við tekur aðventan þar sem tónlistin hljómar úti um allt. Íslendingar eru stoltir af tónlistarfólkinu sínu og flykkjast nú í tónleikahallir og á samkomustaði þar sem tónlistin er aðalatriðið. Áhorfendur finna hvernig tónarnir flæða um krók og kima hugarfylgsnanna en fæstir átta sig á því að á bak við hvern tón liggja mörg þúsund tímar þrotlausra æfinga.

Það má segja að árið sé að verða ein samfelld tónlistarhátíð og sem dæmi má nefna Blúshátíð í Reykjavík, Jazzhátíð, Myrka músíkdaga, Menningarnótt, Iceland Airwaves, Aldrei fór ég suður, Neistaflug, Þjóðhátíð, Fiskidaginn, Sumartónleika í Skálholti, Íslensku óperuna, Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju, Reykholtshátíð, Gay Pride, Ljósanótt, kirkjutónleika, tónleika í Hörpu, á veitingahúsum og svo mætti lengi telja. Varlega áætlað fara því um 600 þúsund manns á auglýsta tónleika á Íslandi árlega ef tekið er mið af könnunum sem gerðar voru fyrir byggingu Hörpu. Með menningarhátíðum bæjarfélaganna má því áætla að allt að milljón Íslendingar sæki tónleika og tónlistarviðburði árlega.

Sú sprenging sem hefur orðið í íslensku tónlistarlífi hefur ekki komið til að sjálfu sér, hún er afleiðing þrotlausrar vinnu í tónlistarskólum landsins sem enn fremur útskrifa nemendur sem margir hverjir hafa komist inn í æðstu menntastofnanir sem finnast í tónlist erlendis.

Þetta hefur í för með sér gríðarlegar tekjur fyrir sveitarfélögin í formi beinna og óbeinna skatta að ónefndum þeim fjársjóði sem tónlistarmenningin er. Fjárfesting í tónlist er því fjárfesting til framtíðar.

**Á ábyrgð sveitarfélaga**

Nú þegar tónlistarskólakennarar berjast fyrir tilveru sinni er það algerlega á ábyrgð sveitarfélaganna, með Reykjavíkurborg í broddi fylkingar, að hægt verði að halda því góða starfi áfram sem fram hefur verið lagður að. Tónlistarskólakennarar voru svo óheppnir að vera í samningsviðræðum „hrunhaustið 2008“ og misstu þannig af vöfflubakstri og eðlilegum launahækkunum. Laun tónlistarskólakennara eru því nú þegar þetta er skrifað 25 prósentum lakari en laun grunnskólakennara. Það þarf að leiðrétta.

Þeim sem hafa fylgst með málefnum tónlistarskólakennara verður það fljótlega ljóst að sveitarfélög í dreifbýlinu hafa viljað gera sitt til þess að mæta réttmætum kröfum tónlistarskólakennara um leiðréttingu en Reykjavíkurborg hefur ekki léð máls á því. Tónlistarskólakennarar hafa ítrekað óskað eftir fundi með Degi B. Eggertssyni borgarstjóra síðastliðin þrjú ár, án árangurs. Fundarefnið er staða tónlistarskólakennara.

Hvort sem hann er sáttur við það eða ekki heldur „Dagur íslenskrar tónlistar“ á lyklunum að lausn kjaradeilu tónlistarskólakennara, nema hann vilji senda málefni þeirra til umfjöllunar hjá kjararáði. Það væri nú ekki slæmt.

> **Tónlistarskólakennarar hafa ítrekað óskað eftir fundi með Degi B. Eggertssyni borgarstjóra síðastliðin þrjú ár, án árangurs. Fundarefnið er staða tónlistarskólakennara.**

**Birting lýsingar**

**Útgefandi:** Lýsing hf., kt. 621101-2420, Ármúla 1, 108 Reykjavík.

Lýsing hf. hefur birt grunnlýsingu fyrir útgáfuramma og endanlega skilmála fyrir skuldabréfaflokkinn LYSING 16 1 í tengslum við umsókn um að skuldabréfaflokkurinn verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Grunnlýsingin og endanlegir skilmálar flokksins LYSING 16 1 eru dagsett 14. desember 2016. Grunnlýsingin og endanlegu skilmálarnir eru gefin út á íslensku.

Grunnlýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

NASDAQ Iceland hf. tilkynnir opinberlega ef skuldabréfin eru tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin eru á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en tilkynnt er um slíkt með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Gefin hafa verið út skuldabréf í flokknum LYSING 16 1, sem öll hafa verið seld, að nafnvirði 2.000.000.000 kr. en heildarheimild útgáfunnar nemur 15.000.000.000 kr. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq Verðbréfamiðstöð hf. og er auðkenni þeirra LYSING 16 1 og ISIN númer IS0000027886.

Nánari upplýsingar um útgáfuna má finna í grunnlýsingunni og endanlegum skilmálum skuldabréfaflokksins LYSING 16 1 sem nálgast má hjá útgefanda að Ármúla 1, 108 Reykjavík, eða á vefsíðu hans **https://www.lysing.is/lysing/starfsemin/fjarfestatengsl/** í næstu 12 mánuði.

**Reykjavík, 14. desember 2016,**

**Stjórn Lýsingar hf.**

Lýsing

# Geðveikt heilsujafnrétti



Silja Björk Björnsdóttir
baráttukona

Nýlega luku þættirnir Bara geðveik göngu sinni á Stöð 2. Í þættinum fékk þjóðin ómetanlegt tækifæri til að skyggnast inn í líf fjögurra ólíkra geðsjúklinga, upplifa sársauka þeirra og sigra, góða daga og slæma.

Einn þessara geðsjúklinga er ég.

Þegar mér bauðst tækifæri að taka þátt í Bara geðveik, hikaði ég ekki eitt augnablik. Ég ákvað samstundis að taka þátt í þessu krefjandi verkefni – ekki fyrir mína eigin „athyglissýki“ eða „framapot“, heldur vegna þess að síðan ég veiktist og steig fyrstu skrefin í fræðslu og forvarnarstarfi geðsjúkdóma, hef ég átt mér þann draum einan að sjá fullkomið gegnsæi í málum andlegra sjúkdóma sem líkamlegra. Geðsjúklingar eru eins mismunandi og þeir eru margir og þar af leiðandi ómögulegt að setja þá alla í sama sjúkrarúmið. Rétt eins og krabbameinssjúklingar erum við geðsjúklingarnir öll ólíkar manneskjur með ólíka líkama og bregðumst öll á mismunandi hátt við lyfjameðferðum og læknisaðstoð.

Samt lenda geðsjúklingar allir neðst í íslenska heilbrigðiskerfinu og helst allir í sama sjúkrarúminu, bókstaflega. Þeir lenda líka neðst í opinberu forvarna- og fræðslustarfi og einkennast verkefni, auglýsingar og birtingarmyndir geðsjúklinga af einni og sömu staðalímyndinni. Þrátt fyrir allt er fólk enn þá dregið í efa með sín andlegu veikindi, alvarleiki þeirra er lítillækkaður og svo virðist sem manneskja þurfi að koma með blæðandi úlnliði, froðufellandi og hárreytandi sig niður á Landspítala til að teljast vera „nógu veik“ til að fá hjálp.

Íslenska heilbrigðiskerfið er í besta falli skammarlegt fyrir geðsjúklinga. Vissulega er sérhæfð læknisþjónusta yfirleitt dýrari en rútínuheimsókn á heilsugæsluna en það er sorglegur brandari að sálfræðingar þurfi að starfa utan sjúkratryggingarammans og aðeins örfáir sálfræðingar geta boðið upp á þjónustu sína niðurgreidda. Það er þó kaldur íslenskur raunveruleiki að fyrir einn klukkutíma af andlegri handleiðslu frá menntuðum sérfræðingi þarf geðsjúklingur að hósta upp 10-14.000 krónum.

Þetta gerir aðeins það að verkum að samfélagið elur af sér enn veikari einstaklinga sem eiga enn verra með það að fóta sig í lífinu, á atvinnumarkaði og skólakerfinu. Þegar fólk hefur ekki efni á mannsæmandi þjónustu við sínum andlegu verkjum og mætir á sama tíma fordómum og sjúkdómahyggju úti í samfélaginu er ekki nema von að fólk loki sig af, bæli niður verkina og leiti sér aldrei viðunandi hjálpar.

Hvers vegna er það svo, í háþróuðu nútímasamfélagi íslensku þjóðarinnar sem stærir sig af frændskap og jafnréttisstefnu, að við geðsjúklingarnir njótum ekki sömu réttinda í heilbrigðiskerfinu og þeir líkamlega veiku? Það er óumflýjanlegur sannleikur að íslenska heilbrigðiskerfið er í molum en svo mörg vandamál sem elta hvert annað uppi í endalausri hringrás öryrkjubóta og skriffinnsku, væru leyst með því einu að breyta viðhorfi okkar, og heilbrigðiskerfisins, í garð okkar geðsjúklinganna og jafnvel leysa vandamálin áður en keðjuverkunin fer af stað.

Í þáttaröðinni fáið þið að sjá að þrátt fyrir allar okkar hömlur og óútskýranlegu kvilla, því svo takmörkuðum tíma og peningum er eytt í rannsóknir á geðsjúkdómum, erum við bara venjulegir Íslendingar og eigum það skilið að lifa góðu, fullnægjandi lífi. Og við erum fleiri en ykkur myndi nokkurn tímann gruna því andleg veikindi eru leyndarmál í hverri einustu fjölskyldu.

Sviptum dulu leyndardómsins og tabúsins af geðsjúkdómum. Komum úr felum og fræðum samfélagið um allt það sem lífið hefur upp á að bjóða, hvernig heilar okkar eru ekki allir stilltir á sömu bylgjulengd og hvernig það getur verið gjöf að upplifa heiminn frá sjónarhorni geðsjúklingsins.

Aðeins þá, þegar samfélagið hefur að fullu meðtekið þann sannleik að heilsujafnrétti ætti að ríkja í heiminum og andlegir sjúkdómar metnir á sama meiði og þeir líkamlegu, getum við sameinast sem þjóð og þrýst á heilbrigðiskerfið að taka til í mygluðum skápum sínum. Lofum ekki þættina og gleymum þeim í næstu viku þegar eitthvað nýtt og meira ögrandi fangar athygli okkar. Höldum þessu samtali á lofti þar til eyru allra landsmanna opnast og geðsjúklingar geta frjálsir rætt sín vandamál án ótta við fordæmingu og skömm.

Látum það ekki vera til einskis að ég, Ágústa, Brynjar og Bjarney hleyptum ykkur inn í einkalíf okkar og hjörtu heldur verðum reynslunni ríkari, víðsýnni og betri einstaklingar, betri þjóð fyrir vikið.

Komum úr felum og munum það að við erum ekki bara geðveik, heldur svo miklu miklu meira.

# Þingvallavegur



Bjarki Bjarnason
bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ

Á undanförnum misserum hafa Vegagerðin og Mosfellsbær unnið að nýju deiliskipulagi fyrir Þingvallaveg þar sem hann liggur um Mosfellsdal. Verkefnið hefur verið unnið í góðri samvinnu þessara aðila og fulltrúi íbúasamtakanna í Mosfellsdal hefur komið að þeirri vinnu. Niðurstöður liggja nú fyrir og samkvæmt þeim er lagt til að lögð verði tvö ný hringtorg í Dalnum, undirgöng komi á móts við Laxnes, vegurinn verði breikkaður og fleira gert til að bæta umferðaröryggi.

## Gamli Þingvallavegurinn

Fyrir skemmstu ritaði Guðný Halldórsdóttir, íbúi í Mosfellsdal, tvær greinar í Fréttablaðið um vegamál og setti fram sjónarmið sín sem ganga í aðra átt en rakið er hér að framan. Hún er lítið hrifin af vegabótum í dalnum en leggur til að nýr vegur verði lagður þvert yfir Mosfellsheiði; bendir hún á að þar sé til staðar gamall vegur sem hægt væri að nýta sem vegstæði fyrir þann nýja.

Hér er um að ræða veg sem gengur undir nafninu Gamli Þingvallavegurinn en hann var lagður frá Geithálsi austur að Almannagjá á árunum 1890-1896 undir verkstjórn Árna Zakaríassonar og Einars Finnssonar. Vegurinn var því ekki byggður af Guðjóni Helgasyni snemma á 20. öld, líkt og Guðný segir í blaðagrein sinni, þótt Guðjón hafi vissulega unnið mikið að vegagerð á Mosfellsheiði eftir að hann flutti að Laxnesi árið 1905.

Gamli Þingvallavegurinn var mikið framfaraspor á sínum tíma, hann var byggður á hestvagnaöld en nýttist einnig eftir að tímar bílsins runnu upp. Vegurinn var þó aðeins notaður í fáeina áratugi sem aðalleið til Þingvalla því ráðist var í vegagerð norðar á heiðinni fyrir Alþingishátíðina árið 1930. Gamli Þingvallavegurinn var þá fljótlega aflagður og hefur verið spillt til beggja enda en á háheiðinni er hann mjög heillegur á löngum kafla, þar er að finna ýmsar fornminjar, meðal annars hleðslur, vörður, grjóthlaðin ræsi og brýr.

## Kjarni málsins

Það er vel þess virði að taka til skoðunar hugmyndir um nýjan Þingvallaveg á nýjum slóðum. En að minni hyggju er það þó afleit hugmynd að leggja hann ofan á Gamla Þingvallaveginn, sem er einskis nýtur sem vegstæði fyrir nýjan veg, en um leið yrðu merkar menningarminjar eyðilagðar; skynsamlegra væri að friðlýsa þann ágæta veg.

Í þessari umræðu er kjarni málsins sá að tillögur um vegabætur í Mosfellsdal eru efst á baugi um þessar mundir. Skipulags- og hönnunarvinna verkefnisins er komin á lokastig og mun brátt verða auglýst opinberlega. Þá gefst öllum kostur á að koma með ábendingar og leggja fram athugasemdir sínar um fyrirhugaðar framkvæmdir.




# Dauðafæri klúðrað!



Gunnar Ólafsson
heilsuhagfræðingur

Á vef velferðarráðuneytisins hefur verið lögð til kynningar og umsagnar ný reglugerð um greiðsluþátttöku fyrir heilbrigðisþjónustu. Því ber að fagna að lög hafa verið samþykkt um þak á kostnað vegna heilbrigðisþjónustu sem nýja reglugerðin byggir á.

Tilgangur reglugerðarinnar er að takmarka kostnað notenda heilbrigðisþjónustu við ákveðið hámarksþak á 12 mánaða tímabili. Með nýrri reglugerð munu greiðslukerfin í heilbrigðisþjónustu verða færri, þau einfölduð og fyrirsjáanleiki og gegnsæi aukið. Aftur á móti verða áfram í gildi nokkur greiðsluþátttökukerfi, eitt kerfi fyrir almenna heilbrigðisþjónustu, annað kerfi fyrir lyf, þriðja kerfi fyrir þjálfun, fjórða kerfið fyrir tannlækningar og fleiri kerfi fyrir flóknari þætti heilbrigðisþjónustu (eins og tæknifrjóvganir og lýtalækningar).

Það má hrósa heilbrigðisyfirvöldum fyrir að setja hámarksþak á heilbrigðiskostnað. Það eru þó nokkur atriði sem vert er að staldra við og endurskoða í drögum að reglugerð um greiðsluþátttöku fyrir heilbrigðisþjónustu.

Í fyrsta lagi verður að gagnrýna hið nýja kerfi fyrir það hversu há mörkin á hámarkskostnaði verða. Í tillögu ráðherra er gert ráð fyrir að hámarkskostnaður einstaklinga á 12 mánaða tímabili geti verið á bilinu 49.200-69.700 kr. og fer eftir því hve mikið notandi notar þjónustuna sex mánuðum fyrir nýtt greiðslutímabil. Gert er ráð fyrir að hámarkskostnaður aldraðra, öryrkja og barna verði 46.467 kr. á ári. Þetta er of hátt, sérstaklega m.v. lífeyrisgreiðslur og þá staðreynd að flestir aldraðir og öryrkjar eru einnig með háan lyfjakostnað, bæði hámarkslyfjakostnað (41.000 kr.) sem og annan kostnað sem greiðsluþátttaka ríksins nær ekki til (verkja-, svefn- og sýklalyf).

Í öðru lagi ber að gagnrýna tillögur að nýju greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu fyrir hve flókið það kerfi er og að það mismunar fólki eftir því hve mikið það notar kerfið. Það er ólíkt því sem gerist í greiðslukerfi lyfja sem er einfaldara kerfi og mismunar ekki fólki eftir því hve mikið það kaupir af lyfjum.




**Að mínu mati er boðuð reglugerð um greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu skref í rétta átt. Aftur á móti eru heilbrigðisyfirvöld að klúðra dauðafæri með því að hafa boðað hámark fyrir greiðslu á 12 mánaða tímabili alltof hátt.**

Hið nýja greiðsluþátttökukerfi fyrir heilbrigðisþjónustu er óþarflega flókið og ógegnsætt ólíkt greiðsluþátttökukerfi lyfja, sem er einfalt og allir skilja.

Langflestir sem munu greiða hámarkskostnað vegna umræddrar heilbrigðisþjónustu greiða einnig hámarkskostnað vegna lyfja (62 þúsund á ári) og því getur hámarkskostnaður einstaklinga vegna heilbrigðisþjónustu (sem ríkið greiðir fyrir) og vegna lyfja orðið á bilinu 111 til 131 þúsund krónur á 12 mánaða tímabili. Með þessu kerfi er kostnaðarþátttaka sjúklinga á Íslandi miklu hærri en á hinum Norðurlöndunum.

Í Svíþjóð er hámarksþak á kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu um 1.100 SEK (um 13.500 ISK) á 12 mánaða tímabili og fólk greiðir að hámarki 2.200 SEK (um 27.000 ISK) fyrir lyf á 12 mánaða tímabil. Alls greiða Svíar almennt að hámarki um 3.300 SEK (um 40.000 ISK) á 12 mánaða tímabili fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf eða um ⅓ af því sem ráðherra boðar.

Í Noregi er hægt að velja um tvö greiðslukerfi, eiginkostnaðarkerfi 1 (NOK 2.185 eða um 29.000 ISK) og eiginkostnaðarkerfi 2 (NOK 2.670 eða um 35.000 ISK). Í báðum kerfum er þak á kostnaði (mishátt) en eiginkostnaðarkerfi 2 tekur til fleiri þátta í heilbrigðisþjónustu en kerfi 1. Bæði kerfin taka til komugjalda, lækniskostnaðar, röntgen, rannsókna auk lyfja.

## Lækka verður hámarksþakið

Að mínu mati er boðuð reglugerð um greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu skref í rétta átt. Aftur á móti eru heilbrigðisyfirvöld að klúðra dauðafæri með því að hafa boðað hámark fyrir greiðslu á 12 mánaða tímabili alltof hátt. Til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um að sjúklingar búi við svipaðar aðstæður og í nágrannalöndum okkar þarf að lækka þakið. Það er lag til að lækka hámarksþakið og ég vona að heilbrigðisyfirvöld sýni meiri metnað í málinu en þau gera. Það hefur komið fram að boðaðar breytingar á greiðsluþátttöku sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu eru ófjármagnaðar og geti kostað á bilinu 1,3-1,8 milljarða. Ég tel að með því að bæta við 700 milljónum ættum við að geta náð því að hafa kostnaðarþak vegna heilbrigðiskostnaðar og lyfja undir 100 þúsund krónum á 12 mánaða tímabili.

Ég endurtek því orð sem ég skrifaði á sínum tíma um greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu: Þegar hámarksgreiðslur eru orðnar þetta háar er ósanngjarnt að deila kostnaðinum á sjúklinga í stað þess að stærri hluta heilbrigðiskostnaðar sé dreift á alla skattgreiðendur eins og gert er annars staðar á Norðurlöndum.

Því vil ég hvetja heilbrigðisráðherra til að standa í lappirnar og berjast fyrir lægri hámarksþökum á greiðslur vegna heilbrigðisþjónustu og að hið opinbera greiði stærri hlut gegnum skattkerfið.


ÚT MEÐ ÞIG
ÚLPUJÓL
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚLPUM
THERMOBALL - NORTH FACE
EINN JAKKI FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR
FÁANLEGIR Í ÝMSUM LITUM OG Í BÆÐI DÖMU- OG HERRASNIÐI
JÓLATILBOÐ
(ÁÐUR 29.990 KR.)
23.992 KR.
GÖNGUSTAFIR
VERÐ FRÁ
8.990 KR.
BASE CAMP DUFFEL
TÖSKUR FRÁ THE NORTH FACE Í ÝMSUM STÆRÐUM OG LITUM
VERÐ FRÁ
16.990 KR.
MEINDL GÖNGUSKÓR
ISLAND: VINSÆLUSTU GÖNGUSKÓRNIR. ÞESSIR ERU TIL Í ALLT.
LÆKKAÐ VERÐ
49.990 KR.
BAKPOKAR
DEUTER FUTURA DAGPOKAR
FRÁ 19.990 KR.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
Fatnaður á mynd: North Face
ÁRNASYNIR

# Hjálp í viðlögum



Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður VG í Suðurkjördæmi

> **Í alllöngum stjórnarmyndunarviðræðum og nú, við umræður um göllud fjárlög fráfarandi ríkisstjórnar, eru ábyrgar lausnir meginverkefni VG, bæði öndunaraðstoð og hjartahnoð!**

Hvað er mikilvægast núna í stjórnmálum? Að mati okkar þingmanna VG eru það brýnar viðgerðir, nánast hjálp í viðlögum, á heilbrigðis- og menntakerfinu, í velferðarmálum og á ýmsum innviðum samfélagsins, t.d. í samgöngum. Af hverju? Af því að það er ákall mikils meirihluta landsmanna eftir hremmingar hrunsins í ein átta ár, nú þegar betur árar en áður á því langa tímabili.

Þessar voru líka kosningaáherslur VG og raunar allra flokka úti í kjördæmunum. Í alllöngum stjórnarmyndunarviðræðum og nú, við umræður um göllud fjárlög fráfarandi ríkisstjórnar, eru ábyrgar lausnir meginverkefni VG, bæði öndunaraðstoð og hjartahnoð! Lausnirnar felast að sjálfsögðu í öflun fjár umfram tekjuhlið fjárlagafrumvarps sem stendur í um 780 milljörðum króna.

Í kosningavinnu VG voru lagðar fram tillögur um hvar ná ætti í fáeina tugi milljarða króna til umbóta og hvernig þeim skyldi skipt. Mikill hagnaður stórfyrirtækja og banka er staðreynd. Af öðrum dæmum má nefna að af öllum fjármagnstekjum eiga 1-2 prósent eigenda um helming upphæðarinnar. Um 10 prósent landsmanna eiga 60 prósent allra eigna. Launamenn í tveimur efstu tekjuþrepum Hagstofunnar hljóta um helming allra greiddra launa, um 700 milljarða. Ýmsir gjaldstofnar geta hækkað án þess að valda almenningi verulegum vandræðum og veiðigjöld gætu hækkað (með girðingum) sem framlag til samneyslunnar.

Eftir kosningar og þingsetningu hafa málamiðlanir slípað þessar hugmyndir og nú er metið sem svo að fé að upphæð á þriðja tugmilljarð króna þurfi til lágmarksviðgerða á alvarlega skaddaðri samfélagsþjónustunni. Þessu hefur VG haldið á lofti og óskað eftir samstarfi við aðra flokka þar um við myndun stjórnar. Það hefur ekki gengið eftir. Og nokkur mál, hugleikin VG og flokkunum, hafa einnig verið rædd og um margt myndast grunnur að málefnasamstöðu en ekki reynt í alvöru á hana, t.d. í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum.

Áherslan á ríkisfjármál með virkum hluta, af fyrrgreindri stærðargráðu, til úrbóta í tugum verkefna sem hafa verið skorin eða geymd verður kyndill VG í vinnunni við fjárlögin. Þar verður leitað samstöðu við aðra flokka/þingmenn.

Þarna kristallast kannski einhver meirihlutasamstaða um úrbætur jafnt sem stefnu til lengri tíma litið. Þær kunna að leiða til nýrra viðhorfa í stjórnarmyndunarkaplinum.

# Ferðamennska: Ofnýtt auðlind



Þórólfur Matthíasson
hagfræði-prófessor

Sambúð Íslendinga við landið, fiskinn, krónuna og hvers við annan hefur verið afar skrykkjótt. Upp úr 1960 urðu miklar framfarir í veiðum og vinnslu síldar. Í kjölfarið hófst gríðarleg sókn í norsku sumargotssíldina, síldin fór spriklandi í söltun, mjöl og lýsi. Gjaldeyrir streymdi inn til landsins, gengi krónunnar styrktist. Góðæri ríkti.

En síldarstofninn stóð ekki af sér ofsókn Íslendinga, Norðmanna og Rússa og hrundi árið 1968. Íslensk stjórnvöld brugðust við með tveimur 50 prósenta gengisfellingum og stórfelldum millifærslum og niðurskurði. Raungengi og lífskjör hröpuðu.

Í kjölfar útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 og 200 sjómílur fylgdi mikil fjárfesting í skuttogurum og hafnarmannvirkjum. Afli Íslendinga jókst og gjaldeyrir streymdi til landsins. Gengi krónunnar styrktist og góðæri ríkti. En að því kom að þorskstofninn þoldi ekki ofsóknina og var að hruni kominn upp úr 1982-3. Eftir raungengisris komu timburmennirnir með tilheyrandi lífskjaraskerðingu og atvinnuleysi. Upp úr 2000 hófst útrás fjármálavíkinganna með stuðningi forsetaembættis og annarra stjórnvalda. Það ferðalag einkenndist af ofrisi krónunnar og harkalegu falli og óþarfi að rekja þá sögu frekar.

Hagfelld ytri áhrif (lágt gengi krónunnar fyrst eftir hrun, órói á hefðbundnum ferðamannastöðum við sunnanvert Miðjarðarhaf, lágt eldsneytisverð) og markviss markaðssetning stjórnvalda (m.a. með niðurgreiðslu á gerð Hollywoodkvikmynda!) og stórra ferðaþjónustuaðila eru grundvöllur mikillar fjölgunar ferðamanna á Íslandi. Gjaldeyririnn streymir inn og gengið styrkist. Seðlabankinn reynir að halda aftur af gengisstyrkingu krónunnar með ærnum kostnaði (líklega um 25-50 milljarðar á ári vegna kostnaðar við gjaldeyrisvarasjóðinn).

Þeir sem muna ófarir fyrri ára eru þegar farnir að tala um að nýtt hrun sé í uppsiglingu. Að flugfélögin munu ofnýta ferðamannaauðlindina með sama hætti og útgerðin ofnýtti síldina og þorskinn og fjármálavíkingarnir trúgirni erlendra sparifjáreigenda. Að gengi krónunnar muni hækka uns ferðamenn finna sér aðra afþreyingu en að láta okra á sér á Íslandi. Að gengi krónunnar muni hækka uns hátæknifyrirtæki og tölvuleikjaframleiðendur flytja starfsemi úr landi. Að gengi krónunnar muni þrengja að útflutningsstarfsemi. Að gengi krónunnar verði svo hátt að útflutningsfyrirtækin pakki saman og hverfi til annarra landa eða leggi upp laupana.

Sagan frá 1968 og 1982 og 2008 segir okkur að þessi dapra sviðsmynd getur orðið að raunveruleika, en hún þarf þess ekki. Ef það á að koma í veg fyrir ofris og fall krónunnar verður að hækka kostnað þeirra fyrirtækja sem stunda ferðamannarányrkju án þess að hækka um leið kostnað allra annarra fyrirtækja. Það er hægt, en ekki með því að láta gengið hækka og hækka.

> **Ef það á að koma í veg fyrir ofris og fall krónunnar verður að hækka kostnað þeirra fyrirtækja sem stunda ferðamannarányrkju án þess að hækka um leið kostnað allra annarra fyrirtækja. Það er hægt, en ekki með því að láta gengið hækka og hækka.**

Einfaldasta og nærtækasta aðferðin er að hækka komugjöld til landsins og hækka gistináttagjald og setja virðisaukaskatt á gistiþjónustu og veitingaþjónustu í hærra þrep þess skatts. Séu þessar aðgerðir útfærðar með réttum hætti ætti að vera möguleiki að reka sjálfbæra ferðaþjónustu og fjölbreytta útflutningsvöruframleiðslu hér á landi án þess að ferðaþjónustan eyðileggi rekstrargrundvöll annarra útflutningsgreina. Sé ekkert að gert er hætt við nýrri sveiflu raungengis og lífskjara.




NÝTT Í SÖLU

## Farsóttarhúsið - 101 Reykjavík

## Þingholtsstræti 25

Á lóðinni stendur veglegt timburhús reist af Sjúkrahúsfélagi Reykjavíkur á árunum 1882-1884 úr timbri á hlöðnum kjallara. Inngangar með stigahúsum eru bæði í suður og norðurhluta hússins. Húsið er klætt með bárujárni og timbri. Um er að ræða kjallara, tvær hæðir og ris.

Á tillögu að deiluskipulagi, dagsett 25. okt. 2016, verður húsið skilgreint íbúðarhús/fjölbýli og heimilað er að skipta húsinu upp í allt að fjórar íbúðir samtals 628 fm. Lóð verður minnkuð og verður eftir breytingu 280 fm. Óheimilt verður að reka gististarfsemi í húsinu.

Byggingarreitur (96 fm). Á lóðinni er einnig gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja hús á tveimur hæðum með risi og kjallara samtals 186 fm. Íbúðarhús og/eða hreinleg atvinnustarfsemi, þó engin gististarfsemi. Ekki mega vera fleiri íbúðir í húsinu en ein. Þetta verður Þingholtsstræti 25b





**Húsið verður til sýnis þriðjudaginn 20. desember milli kl. 16 og 17**

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



**Úlfar Þór Davíðsson**
*Löggiltur fasteignasali*
ulfar@fastborg.is
844 6447

BORG FASTEIGNASALA



**Kjartan Hallgeirsson**
*Löggiltur fasteignasali*
kjartan@eignamidlun.is
824 9093

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
15. DESEMBER 2016 FIMMTUDAGUR

# GENGUR VEL HJÁ 24ICELAND

**24Iceland kynnir** Rúmt ár er síðan fyrirtækið 24Iceland hóf að selja eigin úr um allt land. Móttökurnar hafa verið mjög góðar en viðskiptavinir geta t.d. sett saman eigin úr á vef fyrirtækisins. Fram undan eru nýjar og spennandi vörur.





Fallegu armbandsúrin frá 24Iceland vekja athygli hvar sem þau sjást um land allt. MYNDIR/ÁSTA EINARS

Fallegu armbandsúrin frá 24Iceland hafa vakið mikla athygli undanfarið ár fyrir skemmtilega og litríka hönnun. Þau hafa svo sannarlega slegið í gegn bæði hjá heimamönnum og erlendum ferðamönnum en mynd af Íslandi prýðir flestar skífur úranna.

Fyrirtækið 24Iceland er árs gamalt um þessar mundir en það hóf rekstur í lok nóvember 2015 að sögn sögn Valþórs Sverrissonar, framkvæmdastjóra þess. „Þetta er búið að vera mjög viðburðaríkt og skemmtilegt ár hjá okkur. Úrin hafa fengið mjög góðar viðtökur en í dag má finna þau í 22 verslunum víða um land. Auðvitað kom að því að við fengum samkeppni en núna virðast allir vera að framleiða og selja íslenska hönnun. En þó ekkert í líkingu við úrin okkar. Mér finnst samkeppni bara af hinu góða. Ef maður sér einhvern vera að apa eftir eigin vörum þá veit ég að við erum að gera eitthvað rétt.“

## Nýjar vörur væntanlegar

Og hann er bjartsýnn á næsta ár og segir ýmsar skemmtilegar nýjungar fram undan. „Við ætlum að gera enn betur á næsta ári. Marmari virðist t.d. vera detta mikið í tísku og við munum senda mjög falleg úr frá okkur á næstunni. Einnig munum við bráðlega setja í sölu skart frá 24Iceland og það verður spennandi að sjá viðtökurnar við því. Að lokum má nefna að við erum einnig að skoða annars konar vörur undir sama vörumerki en sú vinnsla er nýlega hafin. Þær vörur tengjast ekki úrunum okkar á neinn hátt en fyrstu skrefin lofa góðu.“

Að sögn Valþórs leggja starfsmenn fyrirtækisins sig 100% fram við að veita góða og snögga þjónustu. „Hægt er að koma til okkar upp á Krókháls 6 en þar erum við með verslun. Móttökurnar hafa verið alveg hreint ótrúlegar á þessum stutta tíma og það er heitt á könnunni til kl. 17 alla virka daga. Við sendum úrin um allt land á 2-3 dögum og 4-5 dögum innan Evrópu. Öll úrin kosta 19.900 kr. og hefur verið ekkert breyst frá upphafi. Það mun ekki breytast á næstunni þótt vel gangi hjá okkur. Í desember fylgir einnig aukaól með öllum úrum á vefnum og í öllum verslunum.“

**Nánari upplýsingar um úr 24Iceland má finna á www.24iceland.is, þar sem m.a. er hægt að setja saman eigið úr, og á Facebook og Instagram undir 24iceland. Símanúmerið er 823 5201.**



Valþór Sverrisson er framkvæmdastjóri 24Iceland. MYND/STEFÁN













Kristrún og Andri kynntust í Háskóladansinum og segja æði algengt að pör myndist í gegnum dansinn. MYND/EYÞÓR

# MAFÍÓSASJARMI

Jólaball **Lindy Ravers** og **Hlemmur Square** verður haldið á Hlemmi á laugardaginn. Parið Kristrún Rúnarsdóttir og Andri Yngvason eru mikið áhugafólk um lindy hop dansinn og þá tísku sem fylgir dansstílnum.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Andri og Kristrún eru sammála um að lindy hop dansinn hafi haft áhrif á stíl þeirra. „Hann hefur áhrif á hvernig ég mála mig og greiði á mér hárið þegar ég vil vera extra fín. Hvað fötin varðar hefur dansinn kynnt mig fyrir ýmsum fallegum hlutum sem ég hefði annars aldrei kynnst,“ segir Kristrún. Andri segist fara mun oftar í klippingu en áður en hann byrjaði að dansa. „Nú á ég líka meira af fötum í þessum stíl þannig að þegar tilefni gefst er ég mun líklegri til að mæta í tweed heldur en venjulegum jakkafötum.“

Hvað er það við lindy-stílinn sem heillar? „Ég hugsa að þetta sé svona viss fortíðarþrá. Þegar maður horfir á bíómyndir og þætti þar sem sögusviðið er frá tímanum 1920 til 1940 tekur maður eftir því hvað allir eru vel klæddir þegar þeir fara út. Það er viss sjarmi yfir þessu og það er gaman að reyna að framkalla svona umhverfi,“ svarar Andri. „Hann er svo elegant,“ bætir Kristrún við.

Innt eftir því hvort þau eigi sér fyrirmyndir þegar kemur að tísku nefnir Kristrún Sharon Davis sem er atvinnu lindy hop-dansari. „Bestu fyrirmyndirnar eru mafíumyndir og -þættir. Mafíósarnir eru alltaf svo fínir í tauinu. Þættirnir Boardwalk Empire eru í sérstöku uppáhaldi hjá mér hvað þetta varðar. Þangað er hægt að sækja mikinn innblástur hvað varðar bæði klæðnað og hárstíl,“ segir Andri.

Þau segjast yfirleitt ekki vera í lindy-stílnum dagsdaglega en oftast við fínni tækifæri.

En hvar kaupa þau fötin sín? „H&M, Ebay, AliExpress. Svo hef ég líka verslað hjá Modcloth, Pinup Girl Clothing og What Katie Did,“ segir Kristrún. Andri segist kaupa föt í Herrafataverslun Kormáks & Skjaldar og Herragarðinum. „Svo fer ég á Fatamarkað Jörmundar á Laugavegi 25 þar sem er mikið úrval af alls konar gamaldags herraklæðnaði ásamt skóm.“

Kristrún og Andri mæla heilshugar með dansi sem áhugamáli. „Ef fólk vill læra að dansa eða bara kynnast fullt af æðislegu fólki mæli ég hjartanlega með Háskóladansinum,“ segir Kristrún en nefnir einnig að danshópurinn Lindy Ravers dansi í Petersen svítunni í Gamla bíói á miðvikudögum. „Stundum erum við með taster-tíma fyrir þau danskvöld ef fólk hefur áhuga.“

Þau ætla að sjálfsögðu að mæta á jólaball Lindy Ravers á Hlemmi Square, Laugavegi 105, klukkan 20 laugardaginn 17. desember. „Það verður frí byrjendakennsla klukkan 20. Frítt er inn og allir eru velkomnir.“







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** **365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
Cube Curve 2016
55.990kr
Cube Aim 2016
55.990kr
Fimm ára afmæli!
30% afsláttur af CUBE 2016 árgerðum
30% afsláttur af aukahlutum
15. - 17. desember
Xenofit
www.xenofit.de
ParkTool
Tacx
STAGES
SCHWALBE
#teamcubeiceland
WWW.TRI.IS
Cube your life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00













Hulda Fríða hannar undir merkinu FRIDA. Henni finnst sjálfri best að klæðast víðum og þægilegum fötum. MYND/GVA

# SKÚLPTÚRLÍK FORM HEILLA

Andstæðir hlutir, alls kyns smáatriði og litir veita fatahönnuðinum **Huldu Fríðu Björnsdóttur** innblástur. Hún hannar undir merkinu FRIDA og gerir aðallega kjóla, yfirhafnir og fylgihluti.



Hulda Fríða hannar mest kjóla, yfirhafnir og fylgihluti eins og þennan fallega klút.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Hulda Fríða Björnsdóttir fatahönnuður fékk sína fyrstu saumavél mjög ung frá Fríðu ömmu sinni og hannaði og saumaði kjóla á sig í menntaskóla. Hún segist hafa getað algjörlega gleymt sér við að búa til eitthvað sjálf. Árið 2011 fór Hulda Fríða til Kaupmannahafnar og lærði fatahönnun í Margretheskólanum en í dag er hún með eigin línu. „FRIDA-línan var sýnd á Tískuvikunni í Kaupmannahöfn en merkið fékk mjög góðar viðtökur í fjölmiðlum og upp úr því hófst þetta allt saman. Eftir útskrift árið 2013 ákvað ég að flytja aftur til Íslands og stofnaði merkið FRIDA fljótlega eftir það. Núna er FRIDA-hönnun til sölu á Skólavörðustíg 21, í Skúmaskoti en við erum ellefu hönnuðir sem rekum búðina saman.“

## SKEMMTILEGT FERLI

Hönnun hefur heillað Huldu Fríðu lengi og henni finnst spennandi að geta þróað fatnað sem er öðruvísi og ekki fjöldaframleiddur. „Ég kýs að kaupa mér eitthvað einstakt sem ég er virkilega ánægð með og nota aftur og aftur. Það skiptir mig líka máli hvaðan hluturinn kemur og hvernig hann er framleiddur,“ segir hún.

Hulda segir hönnunarferlið vera skemmtilegt en það geti líka verið erfitt ákvörðunarferli því hún sé oft með stórtækar hugmyndir og eigi erfitt með að takmarka sig. „Einnig finnst mér samskiptin við viðskiptavinina gefandi og þegar ég sé einhverja í fötunum mínum verð ég alltaf svolítið stolt.“

## MEST KJÓLAR OG YFIRHAFNIR

Þegar Hulda er beðin um að lýsa eigin hönnun segir hún FRIDA vera gæðafatnað á konur sem framleiddur sé í takmörkuðu upplagi á ábyrgan hátt. „Ég vinn með samspil forma og prents. Vönduð snið og þægileg efni mynda sérstæða ímynd merkisins. Stafræn prentun er notuð á efnin sem eru framleidd á umhverfisvænan hátt, sniðin og efnin eru kvenleg og þægileg. Í nýjustu FRIDU-línunni eru mohair-ullarkápur, kjólar úr náttúrulegu efni, ullarpeysur og fylgihlutir úr silki.“

Hulda segist eiga erfitt með að lýsa eigin stíl en segir hann líklegast einkennast af þægilegum fötum úr góðum efnum. „Ég er helst í víðum fötum en ég hef verið undir japönskum áhrifum frá fyrstu línunni minni, Ocean Bugeisha. Ég er frekar litaglöð þó maður verði svartari með veðráttunni á Íslandi en ég er til dæmis alltaf í Art Deco-peysunni úr ullarblöndu frá FRIDU-línunni.“



Mest hannar Hulda kjóla, yfirhafnir úr ull og fylgihluti. Hún segir mikla vinnu og tíma fara í hönnunarferlið sjálft en hún sé stöðugt með hugann við hvernig hún geti útfært hugmyndirnar. „Mér finnst mjög gaman að vinna print eða mynstur í tölvunni. Svo fer alltaf meiri tími en maður gerir ráð fyrir í sníðagerð,“ lýsir hún.

## FELLUR FYRIR DÝRARI EFNUM

Hulda er hrifnust af silki en er byrjuð að vinna meira með ullina. „Það er frábært að geta notað framleiðendur hér heima og ef þeir væru fleiri hér myndi ég reyna að kaupa sem mest af þeim. En sérhönnuðu printin eða mynstrin panta ég erlendis frá og helst þá úr náttúrulegum efnum. Ég hef verið með lífræna bómull og fleiri umhverfisvæn efni. Gæði efnanna skipta mig miklu máli en ég fell mjög oft fyrir dýrari efnunum sem eru erfiðari í framleiðslu,“ segir hún og brosir.

Aðspurð hvaðan Hulda fær innblástur fyrir hönnun sína segir hún að geometrískar línur og skúlptúrlík form heilli sig mest. „Andstæðir hlutir, smáatriði, litir í kringum mig veita mér innblástur en ég hef verið að færa mig nær umhverfinu hér heima. Yfirleitt er ég að nota lífverur úr ólíkum heimum, til dæmis var fyrsta línan mín jafnvægið milli tveggja ólíkra heima, bardaga geishunnar og lífvera hafsins. Núna er ég að skoða ytra lag fugla og spendýra en er enn að þróa það lengra.“

**Frekari upplýsingar um hönnun Huldu Fríðu má finna á vefsíðunni fridafrida.com og á Facebook undir fridabyhulda.**



Hulda Fríða segist vinna með samspil forma og prents við hönnun sína. Vönduð, kvenleg snið og þægileg efni mynda ímynd FRIDU.



20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚLPUM
OG KÁPUM!
DÚNÚLPA
MEÐ EKTA LOÐFELDI
VERÐ 37.980
TILBOÐSVERÐ
30.384
STÆRÐIR 38-52
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is






Ingibjörg Gréta Gísladóttir framleiðir fallegar silkislæður með mynstrum frá íslenskum listamönnum. MYND/VILHELM

# ALICIA KEYS MEÐ ÍSLENSKA SLÆÐU

**Ingibjörg Gréta Gísladóttir** leikkona fer ekki troðnar slóðir í lífinu. Hún ákvað að snúa baki við leiklistinni og hefja framleiðslu á silkislæðum. Meðal þeirra sem skarta slæðum eru Alicia Keys og Kardashian-systur.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Ingibjörg Gréta framleiðir ekki eingöngu slæður undir merkinu Saga Kakala því hún rekur viðburðafyrirtækið rigga.is og elskar að koma fyrirtækjum, verkefnum og viðburðum á flug, eins og hún orðar það. Ingibjörg Gréta fór í viðskiptafræði eftir leiklistarnám, hélt síðan áfram námi og sérhæfði sig í nýsköpun og frumkvöðlafræði. Hún starfaði í Hugmyndahúsi háskólanna um tíma en þar tengdu HR og Listaháskóli Íslands hönnun, vísindi og viðskipti saman. „Upp úr þessu starfi spratt áhugi minn á listsköpun og viðskiptum. Ég framleiði silkislæður, rek fyrirtækið rigga.is og er með netverslunina Reykjavik Runway," segir Ingibjörg þegar hún lýsir því hvernig áhuginn kviknaði á hönnun og markaðssetningu. „Ég nálgast öll verkefni með „Design Thinking" að leiðarljósi og ósk mín er að nýta þekkingu mína og sérsvið fyrir íslenska hönnuði á erlendum markaði," bætir hún við.

Nú er undirbúningi jólaviðburða lokið hjá Ingibjörgu þótt hún fylgi verkefnum allt til loka og undirbúningur verkefna næsta árs hafinn. Hún er með stóra viðburði í janúar, leikritið Andaðu, sem sett verður upp í Iðnó og ráðstefnu á Markþjálfunardeginum.

Ingibjörg fær listamenn til að hanna munstur silkislæðanna og vinnur náið með þeim. „Þetta byrjaði allt fyrir fjórum árum. Ég var í samvinnu við Helgu Björnsson fatahönnuð og fór upp frá því að vinna með slæður. Núna hef ég gert þrjár línur með mismunandi hönnuðum. Ætli þetta sé ekki mín listræna útrás," segir Ingibjörg. „Að vera í hugmyndaflæði með listamönnum í hönnunarvinnunni gefur mér óskaplega mikið. Ferlið er svo skemmtilegt," segir hún. „Í nýjustu línunni, sem nefnist Gyðjur, er það Katrín Ólína Pétursdóttir sem hannaði mynstrið. Ég er einstaklega heppin og þakklát þessum hönnuðum fyrir að hafa trú á mér."



Söngkonan Alicia Keys með íslenska silkislæðu í þættinum The Voice.



Falleg slæða með mynstri eftir Katrínu Ólínu hönnuð.

> Alicia Keys varð mjög hrifin og það var mér hvatning. Hún hefur sett myndir af Saga Kakala slæðum á Snapchat og Instagram.
>
> Ingibjörg Gréta Gísladóttir

Ingibjörg Gréta hefur verið að markaðssetja Saga Kakala slæðurnar í Bandaríkjunum og hefur fengið afar góð viðbrögð, þar á meðal frá söngkonunni Aliciu Keys sem hefur skartað þeim meðal annars í þættinum The Voice. „Þegar ég setti „veiðarfærin" fyrst út í Bandaríkjunum fékk ég hringingu frá miklum reynslubolta í tískuheiminum sem óskaði eftir samstarfi við mig. Það var stórt tækifæri fyrir mig og lærdómur að þurfa að setjast niður og hugsa hvernig ég vildi markaðssetja vöruna. Ég valdi Alicu Keys úr hópi áhrifavalda og bauð henni slæður enda er hún ótrúlega flottur listamaður. Alicia varð mjög hrifin og það var mér hvatning. Hún hefur sett myndir af Saga Kakala slæðum á Snapchat og Instagram. Alicia er baráttukona sem eftir er tekið og það er mikils virði að fá hana til að bera slæðurnar," segir Ingibjörg. „Þótt ég sé að markaðssetja vöruna í Bandaríkjunum legg ég ekkert síður mikla rækt við heimamarkað. Það koma einungis fimmtán slæður á íslenska markaðinn með eins mynstri þannig að hver slæða er einstök," segir Ingibjörg Gréta.

Hún ætlar ekki að láta staðar numið því núna er hún að þróa og hanna silkikjóla, með íslenskum fatahönnuði, og töskur. „Ég reikna með að sýna nýjar vörur á Hönnunarmars 2017. Við eigum mikla fjársjóði í íslenskum hönnuðum. Við leggjum mikla áherslu á gæði og að hver kona sem ber Saga Kakala slæðu sé með eitthvað alveg spes."






# 20% afsl af kjólum og kápum fimmtud-sunnudag



Kjóll áður 14.990 kr.
nú 11.990 kr.



Kjóll áður 15.990 kr.
nú 12.790 kr.



Kjóll áður 19.990 kr.
nú 15.990 kr.



Kápa áður 24.990 kr.
nú 19.990 kr.



Kápa áður 24.990 kr.
nú 19.990 kr.



Úlpa áður 34.990 kr.
nú 27.990 kr.



Túnika áður 11.990 kr.
nú 9.590 kr.

Opið til kl 22 í kvöld

Fleiri myndir á Facebook

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**



Kjóll áður 14.990 kr.
nú 11.990 kr.

# MARGIR ÓLÍKIR STÍLAR Í GANGI

Ítalskur fatastíll er í uppáhaldi hjá Stefáni John Turner, tískubloggara og einum eigenda fatamerkisins Riptide. Hann klæðist þó dagsdaglega í götustíl og er óhræddur við að prófa nýja hluti. Honum finnst karlmenn í dag vera opnari og meðvitaðri þegar kemur að tísku. Framundan eru spennandi ferðalög, skrif á tískubloggið og nýjar vörur frá Riptide.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Stefán John Turner er maðurinn á bak við tískubloggið www.stefanjohnturner.com sem fór í loftið í lok sumars. Hann hefur lengi haft áhuga á tísku, eða frá því í lok grunnskóla, og hefur sá áhugi bara aukist á þeim áratug sem liðinn er síðan að hans sögn. „Ég þurfti útrás fyrir þennan áhuga minn og fannst tískublogg vera rétti vettvangurinn. Þar fjalla ég almennt um tísku en gef lesendum líka hugmyndir að hinum ýmsu fatasamsetningum sem vekja áhuga minn hverju sinni.“

Stefán, sem er fæddur og uppalinn á Íslandi, en á rætur að rekja til Bretlands stofnaði líka fyrr á árinu fatamerkið Riptide ásamt Ásgeiri Erni Eyjólfssyni og Lenu Magnúsdóttur. „Það verkefni er nú í fullri vinnslu og er óhætt að segja að það sé margt spennandi á döfinni. Í vikunni kynntum við m.a. skyrtulínuna okkar í samstarfi við íslenska fyrirtækið Skyrtu.“

Nýlega gekk Stefán svo til liðs við samfélagið og umboðsskrifstofuna Eylendu þannig að annasamir tímar eru sannarlega framundan hjá þessum 25 ára gamla Kópavogsbúa.

## KARLMENN OPNARI EN ÁÐUR

Ítalskur fatastíll hefur alltaf verið í uppáhaldi hjá Stefáni. „Smáatriðin, litasamsetningar og efnisval Ítalanna er einstakt. Dagsdaglega er það þó svokallaður götustíll, t.d. rifnar gallabuxur, frakki eða léttur jakki en ég er ekki hræddur við að prófa eitthvað nýtt.“

Sjálfur segist hann fylgjast vel með tískunni, þá helst á Instagram, ýmsum vefsíðum sem verða á vegi hans auk þess sem hann kaupi stundum GQ Magazine. „Mér finnst karlmenn vera orðnir opnari og meðvitaðri um tískuna í dag en áður. Það eru margir stílar í gangi en það sem ég tek helst eftir er að karlmenn eru farnir að klæða sig fínna dagsdaglega.“

Meðal uppáhaldsverslana hans hér á landi eru SuitUp Reykjavík en þar kaupir hann sérsaumuð jakkaföt. „Úrvalið þar er einstakt miðað við aðrar verslanir á Íslandi. Svo finnst mér Next í Kringlunni vera að koma sterkt inn þessa dagana. Nýlega var herradeildinni breytt svo hún er mikið stærri en áður og þar eru flottar vörur og gott úrval. Meðal erlendra verslana sem eru í uppáhaldi mætti nefna Massimo Dutti, Bershka og Zara. Uppáhaldshönnuðir mínir eru hins vegar Karl Lagerfeld, Michael Kors og Tom Ford. Ég er einnig mikið fyrir fylgihluti og má þar helst nefna Jean chain-keðjuna frá Chain & Able. Hún er skemmtileg viðbót við ýmsar buxur og með henni sker maður sig úr fjöldanum.“

## FÆRRI EN VANDAÐRI FLÍKUR

Hann segist hafa eytt meiri peninum áður fyrr í föt en vandi nú frekar valið, kaupi færri flíkur en vandaðri. „Uppáhalds hjá mér í dag eru svörtu Chelsea-skórnir mínir. Þeir eru frá TGA by Ahler, úr rúskinni og eru einstaklega þægilegir. Bestu kaup mín hingað til er sennilega Michael Kors úrið mitt. Eftir fjögurra ára notkun er það enn þá klassískt og gengur við öll tækifæri. Verstu kaup mín eru hins vegar fyrstu jakkafötin mín sem kostuðu 9.000 kr. Þau voru við, glansandi – þarf ég að segja meira?“

Annasamir tímar eru fram undan hjá Stefáni. „Í vetur stefni ég á að ferðast meira. Á planinu er að fara með félaga mínum að skoða New York í byrjun næsta árs. Fram undan eru svo spennandi tímar, bæði í blogginu og hjá okkur í Riptide. Ég hef alltaf pælt mikið í tísku komandi árstíða og er óhætt að segja ég sé líka orðinn mjög spenntur fyrir komandi sumri.“



**Hér er Stefán í jakka frá Zara í Smáralind og í gallabuxum frá Next.** MYND/SIGURÐUR VALDIMAR STEINÞÓRSSON



**Hér kæðist Stefán Adidas Stan Smith skóm en buxurnar eru keyptar í Zara í Danmörku. Skyrtan er frá merki hans Riptide.** MYND/EYÞÓR



**Chelsea-skórnir eru frá TGA by Ahler og eru í miklu upphaldi hjá Stefáni. Buxurnar eru keyptar í Next í Kringlunni og ljósbrúni frakkinn kemur frá H&M. Skyrtan er frá merki hans Riptide.** MYND/EYÞÓR

> Ég þurfti útrás fyrir þennan áhuga minn og fannst tískublogg vera rétti vettvangurinn. Þar fjalla ég almennt um tísku en gef lesendum líka hugmyndir að hinum ýmsu fatasamsetningum sem vekja áhuga minn hverju sinni.
>
> Stefán John Turner

# VIÐ LÆKKUM VERÐIN Á CANADA GOOSE VEGNA GÓÐS GENGIS!

CANADA GOOSE®

ARCTIC PROGRAM

Sportís ehf hefur verið viðurkenndur söluaðili
Canada Goose síðan árið 1996.
Verið velkomin til okkar í Mörkina 6!

SPORTÍS

MÖRKIN 6 - 108 REYKJAVÍK - S:520-1000 - SPORTIS.IS

OPIÐ: 10-18 MÁN.-FÖS. - 12-16 LAUGARDAGA


Justin Timberlake

# FARA MILLIVEGINN

Fúlskeggjaðir karlmenn hafa verið á hverju strái síðustu ár. Nú virðist aðeins vera farið að draga úr vextinum þótt skeggið sé langt frá því að vera á undanhaldi.

Hin síðari ár hafa menn í auknum mæli látið sér vaxa skegg eftir nokkuð langt skegglaust tímabil í kringum aldamótin 2000. Þá var metrómaðurinn við völd og menn voru óhræddir við að rækta sínar kvenlegu hliðar. Á þeim tíma var minna um að menn létu sér vaxa skegg og meira um vel skafinn, raksápuborinn vanga.

Hægt og bítandi fóru fleiri að láta skeggið vaxa þar til það hreinlega spratt fram fyrir nokkrum árum. Æ fleiri urðu fúlskeggjaðir og viðskiptin á rakarastofum glæddust, enda nóg að gera við að móta og snyrta herlegheitin.

Eitthvað hefur nú dregið úr mesta vextinum. Það er þó ekki þar með sagt að menn séu farnir að munda sköfuna á ný. Nú eru það þéttir en vel trimmaðir broddar eða snöggklippt alskegg sem menn skarta hvað mest. Sem fyrr eru það Hollywood-stjörnurnar sem leggja línurnar eins og sjá má.


David Beckham


Tom Hanks


Ben Affleck


Ryan Reynolds






Jensen 8013 umgjörð **kr. 14.900,-**



Centro Style 56200 umgjörð **kr. 16.800,-**



Ray-Ban 1528 -3573 barnaumgjörð **kr. 19.875,-**



Red-Bull 737-004 umgjörð **kr. 24.800,-**



Cocoa Mint umgjörð **kr. 14.900,-**



Bacebox 6617 umgjörð **kr. 11.900,-**



Bollé black sportgleraugu **kr. 22.850,-**



Tommy Hilfiger 1402 umgjörð **kr. 35.485,-**



Boss Orange 0056 umgjörð **kr. 27.650,-**



Cébé jöklagleraugu **kr. 32.900,-**



Ray-Ban 4246 Clubmaster umgjörð **kr. 28.890,-**



Ray-Ban 8412 umgjörð **kr. 35.370,-**

# Ný gleraugu?

Eyesland leggur metnað sinn í að bjóða viðskiptavinum sínum vandaðar vörur á góðu verði. Heimsþekkt vörumerki og fjölbreytt vöruval. Í boði eru allskonar gleraugu, lesgleraugu sem og margskipt gleraugu, linsur, sólgleraugu, hjólagleraugu, hlaupagleraugu, skíðagleraugu, fjallagleraugu, veiðigleraugu -með eða án styrks.

Gleraugu við öll tækifæri, hvort sem það er í vinnu, á fjöllum, í útiveru eða bara heima við lestur, þá færðu gleraugu við hæfi hjá Eyesland.




**Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Grandagarði 13.**

YES LAND gler∘augu

**Eyesland** · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is



„Hreindýraleður er hráefni sem hefur verið notað lengi á svæðinu fyrir austan, en ekki í þessu samhengi. Við erum að búa til tískuvörur og leggjum áherslu á hráefnið sjálft.“ MYND/ANNA MAGGÝ



Innblástur línunnar er fenginn frá afslappaðri götutísku nútímakvenna sem kjósa að hafa þægindin í fyrirrúmi. MYND/ANNA MAGGÝ



Elísabet Karlsdóttir og Ágústa Sveinsdóttir skipa hönnunarteymið Alvöru. Þær frumsýna nýja línu úr hreindýraskinni annað kvöld. MYND/RAGNA MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

# FRUMSÝNA LÍNU ÚR HREINDÝRASKINNI

Hönnuðirnir Elísabet Karlsdóttir og Ágústa Sveinsdóttir frumsýna fatnað og fylgihluti úr leðri á sýningu annað kvöld en saman skipa þær hönnunartvíeykið Alvöru. Línuna kalla þær Useless og fer sýningin fram á Fiskislóð 53 og stendur einungis í þrjátíu mínútur.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



„Useless er lína úr austfirsku hreindýraleðri sem við frumsýnum annað kvöld. Hún er væntanleg á markað á næsta ári,“ útskýrir Elísabet Karlsdóttir fatahönnuður en hún skipar hönnunartvíeykið Alvöru ásamt vöruhönnuðinum Ágústu Sveinsdóttur. Í hönnun sinni leitast þær við að skapa nýjar og tilraunakenndar leiðir í efnisnotkun og horfa ekki einungis í notagildið heldur einnig í það hvaðan efnið kemur og hvernig það verður til.

„Hreindýraleður er hráefni sem hefur verið notað lengi á svæðinu fyrir austan, en ekki í þessu samhengi. Við erum að búa til tískuvörur og leggjum áherslu á hráefnið sjálft,“ útskýrir Elísabet. Hún segir þær Ágústu vilja með þessu vekja athygli á íslensku hráefni og meðal annars hreindýraleðri. Fram að þessu hafi það einungis verið nýtt að hluta og mikið af skinnum fari til spillis þar sem þau séu aukaafurð af veiðum.



„Markmið verkefnisins er að skapa framleiðslumöguleika með sjálfbærni að leiðarljósi.“

„Það kveikti í okkur Ágústu að vinna með það en markmið verkefnisins er að skapa framleiðslumöguleika með sjálfbærni að leiðarljósi. Þá eru skinnin öll svo ólík af villtum dýrum sem er skemmtilegt og verður hluti af hönnuninni. Það flækir að sjálfsögðu hönnunarferlið að vinna með efni sem ekki er hægt að kaupa úti í búð. Við nálgumst skinnin í samvinnu við fólk fyrir austan sem safnar þeim saman fyrir okkur. Skinnin eru send í sútun á Sauðárkróki, einu sútunarverksmiðju landsins. Það má því segja að verkefnið sé líka samfélagslegt, við erum í samstarfi við fólkið á svæðinu og viljum vinna með það sem hægt er að gera á Íslandi,“ segir Elísabet.

Useless er annað samvinnuverkefni þeirra Ágústu og Elísabetar en áður höfðu þær unnið að skartgripalínunni Silfru sem þær sýndu á HönnunarMars á þessu ári. Þær fengu styrk úr Hönnunarsjóði til frekari þróunar á þeirri línu en silfrið í línunni er steypt í vatni. Von er á Silfru á markað á nýju ári.

„Useless og Silfra eiga það sameiginlegt að vera unnin út frá hráefninu,“ segir Elísabet.

Sýningin fer fram að Fiskislóð 53 og verður húsið opnað klukkan 20. Sýningin verður í formi innsetningar þar sem hönnun, ljósmyndir og vídeó mætast í einni heild. Hún hefst klukkan 20.30 og stendur einungis í hálftíma. Gefið verður út zine (smátímarit) í takmörkuðu upplagi sem allir sýningargestir fá að gjöf.

**Nánar má forvitnast um hönnun Alvöru á www.alvarareykjavik.is.**




Nú í fyrsta skiptið er hægt að fá íþróttafatnað í ZikZak, verðið er frábært og stærðirnar góðar
- Íþróttafatnaðurinn okkar er tilvalinn í jólapakkann!
Opið til 22.00
GLÆNÝ ÍÞRÓTTALÍNA Í ÖLLUM STÆRÐUM!
Við stelpurnar kynnum nýja íþróttalínu á frábæru verði og í stærðunum 36-56
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
PEYSA 11.990kr st. 42-56
BUXUR 6.990kr st. 42-56
BOLUR 5.990kr st. 42-56
Peysa 11.990,- st.42-56 Buxur 6.990,- st.42-56
Bolur 4.990,- st.S-XXXL Buxur 6.990,- st.S-XXXL
Bolur 3.990,- st.42-56 Buxur 6.990,- st.42-56
WORK OUT
Toppur 4.990,- st.S-XXXL
Bolur 6.990,- st.42-56 Buxur 6.990,- st.42-56
Bolur 7.990,- st.S-XXXL Buxur 7.990,- st.S-XXXL
Peysa 11.990,- st.42-56 Buxur 6.990,- st.42-56
Bolur 6.990,- st.42-56 Buxur 6.990,- st.42-56
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# STUTTHÆRÐUR TÖFFARI

**Leikkonan Evan Rachel Wood hefur hlotið mikið lof fyrir túlkun sína á vélmenninu Dolores Abernathy í þáttunum Westworld. Hún hlaut nýverið verðlaunin Critics' Choice sem besta leikkona í dramaþætti og er einnig tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna sem besta leikkona fyrir leik sinn í þáttunum.**

Wood byrjaði snemma að leika og fékk fyrsta aðahlutverkið í kvikmyndinni Digging to China (1998) aðeins níu ára gömul. Fyrstu Golden Globe-tilnefninguna hlaut hún fyrir leik sinn í unglingadramanu Thirteen (2003). Meðal þekktra mynda sem Evan Rachel Wood hefur leikið í má nefna The Wrestler (2008), Whatever Works (2009) og The Ides of March (2011). Hún hefur einnig leikið í sjónvarpsþáttum á borð við True Blood og Mildred Pierce.Nýjasta hlutverk hennar er hin margslungna Dolores Abernathy í vísindaskáldsöguþáttunum Westworld sem slegið hafa í gegn. Wood er margt til lista lagt en hún er einnig söngkona og er í rafpopptvíeykinu Rebel and a Basketcase. Samband Wood við söngvarann Marilyn Manson vakti nokkra athygli á sínum tíma. Hún var gift breska leikaranum Jamie Bell (Billy Elliot) frá 2012 til 2014 og saman eiga þau einn son.


Við frumsýningu Westworld í Hollywood í september.

Evan Rachel Wood í hlutverki Dolores í Westworld.


Töff með tvílitt hár.


Evan Rachel Wood er líka söngkona og er í hljómsveitinni Rebel and a Basketcase.


Með klassíska greiðslu í Los Angeles í nóvember 2014.


Á Critics' Choice verðlaunahátíðinni nýverið þar sem leikkonan hlaut verðlaun fyrir leik sinn í Westworld.


Í Vanity Fair Óskarsverðlaunapartíinu 2014.

NÝ SENDING MEÐ JÓLAKJÓLUM
Mikið úrval í stærðum14-28 eða 42-56
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!


SKOÐAÐU ÚRVALIÐ EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS
Jólaopnun í verslun okkar að Fákafeni 9
LAUGARDAGUR 10.desember ....... 11-18
SUNNUDAGUR 11. desember ....... 13-18
12 - 15 desember ........... 11-18
15 - 22 desember ........... 11-20
ÞORLÁKSMESSA ........... 11-21
AÐFANGADAGUR ........... 11-13

Curvy.is Fákafeni 9 | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 10–18. Laugard. kl. 10–17 Sunnud. til kl 16

## JÓLAGJAFIRNAR FÁST HJÁ OKKUR

**Opið alla helgina**
**Laugardagur til kl 17**
**Sunnudagur 12 - 16**

### Einarsson fluguhjól

Ein vönduðustu og fallegustu fluguhjólin á markaðnum
Made in Iceland !
**Verð frá 69.000 kr**

Frí nafna merking á hjólin til jóla !



### Íslenska Fluguhnýtingarsettið

Frábært sett með öllu
Sett saman af okkur fyrir vinsælustu flugurnar á íslandi
**Verð. 14.950 kr**




### Flugukastnámskeið

Er ekki komin tími til að senda veiðifélagann á kastnámskeið í vor
**3 klst námskeið 6.900 kr maí /júní**



### Jaxon monolith flugustöng

Lína 4-5-6-7 eða 8. **18.900 kr.**




**Jólatilboð !**
Fluguhjól með flotlínu fylgir frítt með

### Jaxon 4 og 5 laga öndunarvöðlur

Þetta er bestu vöðlur sem þú færð á undir 30 þús

Lækkað verð vegna styrkingar krónunar
**26.900 kr**



### Snowbee vöðlur og jaxon skór

Nýtt módel af snowbee öndunarvöðlum
Stakar vöðlur **18.900 kr**
Skór **15.900 kr**
Saman í setti **28.900 kr**



### Strandveiðisett

Okkar besta stöng og hjól með ofurlínu og fullan poka af sökkum og taumum
Nokkrar ýsur og þorskar á land og þú ert í plús eftir 2 túra .
**39.700 kr**



### Fullt af flottum veiðikössum á 20% afsl.

**Verð frá 1.990 kr**



### Allir spúnar 2 fyrir 1

**Spúnar frá 395 kr**

Góð hugmynd fyrir jólasveina sem gefa í skóinn !



### Flugubox með 18 silunga-flugum eða 10 laxaflugum

**Frábært verð 3.500 kr**



**veidiportid.is**

### Barna og unglingavöðlur

**Lækkað verð frá 8.900 kr**



### Yukon sjónaukar

eru klassa sjónaukar frá Hvítarússlandi
**20% afsl. Til jóla verð frá 9.500 kr – 64.900 kr**



## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Prius. Árgerð 2013, ekinn 36 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.992030.



MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI 4matic. Árgerð 2014, ekinn 26 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.890.000. Rnr.141625.



KIA Sorento ex luxury . Árgerð 2015, ekinn 45 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.390.000. Rnr.280155. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HYUNDAI I20 classic. Árgerð 2014, ekinn 62 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.280158.



CHEVROLET Captiva 2.2 7-sæta. Árgerð 2013, ekinn 93 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.991806.



FORD Escape xlt choice 4wd. Árgerð 2006, ekinn 100 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.142102. TILBOÐ NÚ kr. 1.050.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**






Toyota Kauptúni



TOYOTA Yaris h/b active. Árgerð 2016, ekinn 34 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.470.000 Tilboð 2.090.000. Rnr.450246.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

MB bílar



VW Golf comfortline 8v. Árgerð 2003, ekinn 161 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 495.000. Rnr.110615.

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

bíll.is
bestir í bílum...



SUBARU Forester. Árgerð 2016, ekinn 24 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.106618

**Bíll.is**
**Malarhöfði 2, 110 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

100bílar.is bílasala



Malt & Appelsín kippa og pakki af Mackintosh Quality Street fyrir þá sem skrá bílinn sinn á sölu hjá okkur í desember. Mikil sala- vantar bíla á skrá.



Hyundai I 30 Classic 2, 5/2014, ek 87 þús km, dísel, bsk, ásett verð 1.950 þús, er á staðnum, raðnr 151959.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



VW Polo Diesel 2012. 5 gíra. 86þ.km. Verð: 1.250þ. S: 6162597

VW Polo '98, ek. 103 þús., sk. '07, mikið yfirfarinn. Ásett verð 350 þús. eða tilboð. S. 864 6632.

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis verkefni. Uppl. í s.8478704 eða manninn@hotmail.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT

### Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677


# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri



**HYUNDAI PÍANÓ + LEÐUR STÓLL**
HYUNDAI píanó til sölu ( h:120cm b:150cm ), ásamt bólstruðum leður stól. Verð 220þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313 / 863 4291

## Til byggingar



Kaufmann mótaborð til sölu notað einu sinni 90 stk á 3500 stk. S:6992919

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Vantar pizzabakara fyrir ARA Restaurant & Bar, bæði í fullt starf og hlutastarf. s: 6633239

**200.000-450.000 Á MÁNUÐI**
Erum að leita af starfsfólki í verslun / veitingastað í 101 Reykjavík.
Unnið er kvöld og helgar. Getur hentað með skóla og einnig sem fullt starf.
Mjög góð laun í boði.
**Umsókn með mynd sendist á 101atvinna2017@gmail.com**

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

# HÚSNÆÐI

## Atvinnuhúsnæði



TIL LEIGU 292 FERM. ATVINNUHÚSNÆÐI AÐ SUÐURGÖTU 10, 107 R. BAKHÚS. UPPLÝSINGAR VEITIR ÓLAFUR Í S.5511665 Á SKRIFSTOFUTÍMA

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is






# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
Smiðjuvegur 2 • Kópavogur
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

**HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI**
· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

**Húsarif • Jarðvinna • Uppsláttur**
**Steypusögun • Kjarnaborun • Múrbrot**
PRIMA
**S: 555-1819 / 852-5804 / 852-5808**
**prima@primaehf.is**

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Frábær opnunartilboð í gangi hjá okkur núna!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í síma 789 3031 eða helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Bergstaðastræti 50

**3ja - 4ra herbergja íbúð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 93,0 fm. íbúð á 3. hæð við Bergstaðastræti. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni til suðvesturs út á sundin, að Álftanesi, Bessastöðum, Keili og Reykjanesskagann. Upprunalega voru þrjú svefnherbergi en stofan var stækkuð á kostnað herbergis. Einfalt er að breyta því til baka og bæta við þriðja svefnherberginu. Húsið hefur fengið gott viðhald á undanförnum árum. Sameign snyrtileg. **Verð 46,9 millj.**

## Fiskislóð 45

**Glæsilegt loft /vinnustofa - endabil.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Glæsilegt 86,2 fm. vinnustofu / loft á 2. hæð auk um 20,5 fm. millilofts, sem ekki er getið hjá Fasteignaskrá Íslands, samtals er eignarhlutinn því um 106,7 fm. að stærð. Eignin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt. Öll gólf eru flotuð og lökkuð og gólfhitalagnir eru á aðalhæð. Mjög mikil lofthæð er í eignarhlutanum eða um 5,0 metrar og eru öll loft hvítmáluð. Gluggar eru í tvær áttir þar sem um endabil er að ræða. **Verð 46,9 millj.**

**Staðsetning er virkilega góð á einum eftirsóttasta stað borgarinnar þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað undanfarin ár.**

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

1. **Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjarhrepps 2004-2016 á svæði austan við Árnes (Réttarholt A). Svæði fyrir verslun- og þjónustu í staði landbúnaðarsvæðis.**

Lögð fram til kynningar lýsing skipulagsverkefnis vegna breytingar á aðalskipulagi sem nær til svæðis sem liggur upp að þéttbýlinu Árnes. Er fyrirhugað að byggja þar upp þjónustu í tengslum við hestaferðir og er m.a. er gert ráð fyrir byggingu gistiaðstöðu og þjónustuhúss. Svæðið sem er rúmlega 9 ha að stærð er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði en með breytingunni er gert ráð fyrir að svæðið breytist að hluta í verslunar- og þjónustusvæði.

2. **Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 vegna Hvammsvirkjunar. Afmörkun lónstæðis.**

Árið 2011 var staðfest breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem gert var ráð fyrir Hvammsvirkjun. Fólst breytingin m.a. í afmörkun Hagalóns auk breyttrar legu Þjórsárdalsvegar. Á skipulagsuppdrættinum láðist þó að gera ráð fyrir færslu austasta hluta Gnúpverjavegar og afmörkun um 10 ha totu Hagalóns sem liggur ofan Þjórsárdalsvegar. Nú er hér kynnt lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi þar sem þetta er lagfært, veginum breytt og lónið afmarkað ofan Þjórsárdalsvegar.

3. **Breyting á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar fyrir Þingvallasveit 2004-2016. Ákvæði um deiliskipulag.**

Árið 2006 var staðfest aðalskipulag fyrir Bláskógabyggð fyrir svæði sem var áður innan fyrrum Þingvallasveitar. Í greinargerð aðalskipulagsins var sett sú stefna að unnið yrði að gerð deiliskipulags fyrir öll svæði sem ekki voru með lögformlegt deiliskipulag og að fjórum árum eftir staðfestingu yrði ekki heimilt að gefa út byggingarleyfi nema á grundvelli deiliskipulags. Frá þvi að aðalskipulagið tók gildi hefur reynst erfitt að koma í gegn deiliskipuagsáætlunum fyrir eldri frístundabyggðarsvæði og er því talið nauðsynl egt að heimila útgáfu byggingarleyfa á grundvelli grenndarkynningar eins og heimilt er á öðrum svæðum innan sveitarfélagsins.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

4. **Deiliskipulag lóðar fyrir smáhýsi í landi Skarðs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Auglýst tillaga að deiliskipulagi um 0,67 ha lóðar úr landi Skarðs sem staðsett er rétt sunnan bæjartorfu jarðarinnar. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir byggingu nokkurra smáhýsa sem samtals geta verið allt að 200 fm að stærð.

5. **Deiliskipulag fyrir 11 gistihús í landi Urriðafoss í Flóahreppi.**

Auglýst tillaga að deiliskipulagi um 2 ha svæðis úr landi Urriðafoss sem liggur milli Urriðafossvegar og Þjórsár rétt suðvestan við fossinn Urriðafoss. Afmarkaðir eru tveir byggingarreitir. Á svæði merkt B1 verður heimilt að byggja 5 allt að 120 fm hús og á svæði merkt B2 verður heimilt að byggja 6 allt að 80 fm hús. Aðkoma að svæðinu verður frá vegi sem liggur frá Urriðafossvegi að bílastæði við fossinn.

6. **Deiliskipulag fyrir bæjartorfu Sumarliðabæjar 2 í Ásahreppi.**

Auglýst tillaga að deiliskipulagi fyrir Sumarliðabæ 2 þar sem fyrirhugað er nýta jörðina fyrir hestaræktun. Eru afmarkaðir byggingarreitir fyrir íbúðarhús, reiðhöll og tengibyggingar, gestahús, reiðvöll, geymslur, starfsmannahús o.fl.

**Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:**

7. **Deiliskipulag frístundabyggðar á spildu úr landi Bíldsfells í Grímsnes- og Grafningshreppi. Bíldsfell 6 land 5.**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi 7. desember 2016 tillögu að deiliskipulagi 11 frístundahúsalóða á um 9,3 ha spildu sem kallast Bíldsfell 6 land 5. Tillagan var auglýst 1. september 2016 með athugasemdafresti til 14.október. Athugasemdir bárust og var tillagan samþykkt með breytingu hvað varðar aðkomu að svæðum sunnan við skipulagssvæðið.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16.
Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

Skipulagstillögur 1-3 eru í kynningu frá 15. desember 2016 til 4. janúar 2017 en tillögur 4-6 frá 15. desember 2016 til 27. janúar 2017.
Athugasemdir og ábendingar við tillögur 1-3 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 4. janúar 2017 en 27. janúar fyrir tillögur 4-6.
Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@sudurland.is**





Everyday leggings herra 10.790 kr.
Oasis hálfrennd dömu 15.490 kr.
Everyday hálfrennd dömu 12.490 kr.
Oasis Crewe síðerma dömu 13.790 kr.
Tech Lite stutterma dömu 9.990 kr.
Siren Tank hlírabolur dömu 7.990 kr.
Stutterma bolur herra 9.990 kr.
icebreaker® MERINO
Oasis leggings dömu 12.790 kr.
Stingur ekki
Dregur ekki í sig lykt
Náttúruleg vörn gegn bakteríum
Saumar sem koma í veg fyrir núning
Hnökrar lítið sem ekkert
Fljótt að þorna
Síðari að aftan
Oasis Admiral hálfrenndur herra 15.490 kr.
100% Merino ull
Bolir, húfur, jakkar, sokkar, vettlingar, leggings, nærföt
Lengri ermar
Þarf ekki ullarþvott, má þvo á 40°
Everyday leggings dömu 10.790 kr.
Síðerma herra frá 10.790 kr.
Everyday hálfrenndur dömu 12.490 kr.
Hafðu AKU með í valinu
AKU SUPERALP GTX
39.900 kr.
Framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum
Aukin mýkt við ökkla
Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi
Reimalæsing, hægt að vera með sitthvora stillinguna yfir rist, eða um ökkla
GoreTex filma, 100% vatnsvörn
Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum
2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi
2,6mm ekta ítalskt nubuck leður
AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur
Custom fit innlegg
IMS3 kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann
Vibram sóli
Dempun
stífir göngu- og klifurskór AKU TERREALTE GTX 42.900 kr.
stífir klifurskór AKU MONTAGNARD GTX 52.900 kr.
stífir klifurskór AKU SERAI GTX 54.900 kr.
léttir gönguskór AKU ALPINA PLUS GTX 29.900 kr.
léttir gönguskór AKU TRIBUTE GTX 24.900 kr.
millistífir gönguskór AKU CONERO GTX 34.900 kr.
Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópvogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is
„Finndu okkur á Facebook"
GG•sport
GG•sport
BÓNUS
BYKO

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is





# Ég elska íslenska lífsstílinn

**Christopher Caird hefur farið á kostum með Tindastóli í vetur en þessi 27 ára gamli strákur kom hingað fyrst til lands sem unglingur þegar hann fann sig knúinn til að yfirgefa heimabæ sinn á Englandi. Caird nýtur lífsins í Skagafirðinum með íslenskri konu og tveimur börnum. Þrátt fyrir að hann sé enskur kom fótbolti aldrei til greina hjá honum.**

**KÖRFUBOLTI** „Það hefur tekið smá tíma fyrir mig að komast almennilega í gang líkamlega en þetta er allt að koma. Mér líður vel,“ segir Chris Caird, leikmaður Tindastóls í Domino's-deild karla í körfubolta. Þessu 27 ára gamli Englendingur hefur farið á kostum með Stólunum í vetur eftir að hann gekk í raðir liðsins frá FSu á Selfossi.

Caird er að skora 19 stig að meðaltali í leik og er ein allra besta skyttan í deildinni. Hann er að hitta úr 46 prósent skota sinna fyrir utan þriggja stiga línuna en þessi fjölhæfi framherji getur jafnt skotið fyrir utan sem og ráðist að körfunni. Með hann í fantaformi og góða spilamennsku liðsins í heild sinni eru Sauðkrækingar búnir að vinna fimm leiki í röð og eru ásamt KR og Stjörnunni á toppi deildarinnar.

„Við áttum í vandræðum með að finna einkenni okkar sem lið framan af leiktíð þar sem svo mikið af nýjum leikmönnum er í liðinu. Hér var traustur hópur heimamanna en svo komum við Björgvin og fleiri inn í þetta. Eftir að við skiptum um útlending og fengum Antonio Hester inn erum við búnir að finna okkar lið og okkar einkenni. Okkur finnst gaman að spila körfubolta saman og ég held að það sjáist á leik okkar,“ segir Chris.

### Senegalarnir algjörir fagmenn

Tindastólsliðið var búið að vinna fjóra leiki og tapa tveimur í fyrstu sex umferðunum en talað var eins og Skagfirðingar væru í krísuástandi enda við miklu búist af liðinu sem styrkti sig mikið fyrir tímabilið. Stór hluti gagnrýninnar beindist að senegalska miðherjanum Mamadou Samb og varamanni hans, Pape Seck, sem síðar voru látnir fara en liðið hefur ekki tapað leik síðan.

„Samb og Sack voru báðir miklir atvinnumenn og létu aldrei sjá á sér að þessi gagnrýni færi fyrir brjóstið á þeim. Þeir tækluðu þetta eins og algjörir fagmenn og létu pressuna til dæmis frá Körfuboltakvöldi ekki hafa áhrif á sig. Þeir komu sterkir á æfingu á hverjum degi. Þetta eru frábærir strákar og engin egó. Það kom mér á óvart að þeir voru látnir fara en ég get ekki kvartað yfir komu Antonios. Það er ekki hægt,“ segir Chris, en enginn hefur grætt meira á komu bandaríska miðherjans en hann sjálfur.

„Hann tekur svo mikið til sín undir körfunni og er frábær sendingamaður. Þetta er bara góður leikmaður sem öll lið í deildinni eiga erfitt með að dekka í teignum. Við skotmennirnir njótum góðs af komu hans,“ segir Chris.

### Lífið ljúft í alvöru körfuboltabæ

Englendingurinn öflugi kom fyrst til Íslands árið 2008 og gekk í raðir akademíu FSu á Selfossi. Hann var þar til 2010 en kom svo aftur í fyrra. Nú er hann fluttur á Sauðárkrók og nýtur lífsins þar þó fjarlægðin frá höfuðborginni sé kannski aðeins of mikil.

„Það er rosalega gott að búa hérna. Það er ekki mikill munur á Selfossi og Sauðárkróki þannig það breyttist ekki mikið. Það versta er hvað það er langt til Reykjavíkur,“ segir Caird sem hefur gaman af því hve körfuboltinn er í miklum metum í bænum.

„Þetta er alveg frábært samfélag þar sem allt snýst um körfubolta. Maður fer ekki út í búð án þess að einhver hrósi manni fyrir góðan leik eða spyrji hvort maður sé klár í þann næsta. Þetta er allt annað en á Selfossi sem er alls enginn körfuboltabær. Þar fengum við ekki mikinn stuðning þrátt fyrir að vera eina liðið í bænum í efstu deild. Það var svolítið svekkjandi.“

### Flúði heimabæinn

Chris Caird er ekkert stórborgarbarn og því eðlilegt að hann njóti sín á Sauðárkróki. Hann er fæddur og uppalinn í bænum Daventry á Englandi, harðkjarnabæ 120 km norðvestur af Lundúnum. Flestir tengja England við fótbolta og fæstir við körfubolta svo að hvernig kom til að hann lagði körfuna fyrir sig?

„Ég var aldrei í fótbolta. Ég var kannski ekki bestur í löppunum,“ segir Chris og hlær. „Tennis og golf voru mínar íþróttir en körfuboltann lagði ég alfarið fyrir mig þegar ég var 16 ára gamall. Hann var mín leið til að komast burt úr bænum.“

Englendingurinn bakkar aðeins þegar blaðamaður gengur á hann með flóttann frá Daventry. Var hann í slæmum félagsskap eða hvað var málið?

„Lífsstíll heimamanna var ekki eitthvað sem mér líkaði og því þurfti ég að koma mér burt. Maður getur lent í slæmum félagsskap alls staðar en það eru töluvert meiri líkur á því að lenda í slíku í mínum heimabæ,“ segir Chris.

Að æfa körfu í Daventry er ekki auðvelt. „Þarna er engin körfuboltaaðstaða. Ef maður vill spila er einn völlur sem þarf að borga tíu pund held ég til að spila á í klukkutíma. Síðasta útikarfan er líka farin veit ég. Ég þurfti að taka tvo strætóa til að komast á æfingu,“ segir hann, en Chris spilaði með sýsluliðinu sínu sem var töluverðan spotta frá heimili hans. Þá er gott að eiga góða að.

„Ég verð að gefa mömmu „shout out“,“ segir Chris eins og sannur körfuboltamaður. „Hún studdi mig alltaf í körfunni og fór með mig á æfingar þannig að ég þurfti ekki oft að taka strætó. Ég á henni mikið að þakka. Nú býr hún á Selfossi þannig að ég er með stuðning hennar hér á Íslandi líka.“

### Elskar Ísland

Chris spilar sem Íslendingur í deildinni hér heima þar sem hann hefur verið með lögheimili í nokkur ár og þá er hann kvæntur íslenskri konu sem hann hitti á síðasta ári sínu hjá FSu áður en hann fór til Bandaríkjanna í háskóla. Saman eiga hjónin fimm ára strák og tveggja ára stelpu en Chris verður æ meiri Íslendingur.

„Ég elska Ísland og íslenska lífsstílinn og ég mun verða áfram á Sauðárkróki næstu árin,“ segir Chris, en hver eru framtíðarplönin?

„Það óráðið. Ég vil fara í masters-nám á einhverjum tímapunkti hvort sem það verður í Reykjavík, á Englandi eða annars staðar. Ég geri bara það sem er best fyrir fjölskyldu mína. Núna er ég ekkert að vinna heldur bara einbeita mér að körfuboltanum. Körfubolta vil ég spila eins lengi og ég get en hvað gerist svo eftir ferilinn á eftir að koma í ljós,“ segir Chris Caird.

### Erfitt að vera á Íslandi þegar England tapaði

Þrátt fyrir að elska Ísland viðurkennir Chris að hann hélt með Englandi þegar liðin mættust á EM í fótbolta síðasta sumar. „Three Lions 'til I die,“ segir Chris og vitnar til merkis enska knattspyrnusambandsins sem er þrjú ljón.

„Ég vildi alls ekki að þau myndu mæta hvort öðru. Það var erfitt að vera á sportbar á Selfossi þegar leikurinn fór fram. Ég var alveg látinn vita að Ísland vann leikinn þá og næstu vikurnar. Stór hluti fagnaðarlátanna beindist að mér. Ég var samt mjög ánægður fyrir hönd íslenska liðsins og Íslendinga. Þeir áttu þetta svo sannarlega skilið.“

**Maðurinn sem græddi mest á komu Israels Martin og Antonios Hester**
Cristopher Caird með miklu betri tölur í síðustu 4 leikjum Tindastóls



# SNJALLAR JÓLAGJAFIR

## ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS*

ULTRA THIN RAMMALAUS BEZEL

BRIGHTNESS INTELLIGENCE AMVA+ TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

EW2775ZH

### 27" AMVA+

**ULTRA THIN LÚXUS SKJÁR**

Rammalaus AMVA skjár frá BenQ með Ultra Thin bezel, 178° True To Life sjónarhorn og sjálfvirkri Brightness Intelligence tækni sem er algjör bylting í skerpu og myndgæðum.

- 27" AMVA+ FHD 1920x1080 skjár
- 3000:1 native skerpa og True 8-bit litir
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- Flicker-free og Low Blue Light Plus tækni
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Super Resolution Upscaling tækni
- Sjálfvirk Brightness Intelligence tækni
- 2x HDMI 1.4, VGA, HDMI kapall fylgir

BenQ

**44.990**

RAMMALAUS EDGE2EDGE

GOLD EÐA PLATINUM ÁFERÐ ;)

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNNUR AÐEINS 9.6mm OG 135gr

SEAGATE

OneDrive 200GB FYLGIR MEÐ

### 2TB UltraSlim

**HÁGÆÐA FERÐAFLAKKARI**

- Mjög falleg Ultra Slim Metal hönnun
- Þynnsti 2TB ferðaflakkari í heimi!
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- 200GB skýjahýsing hjá OneDrive fylgir
- Örþunnur og fisléttur 9.6mm og 135 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**19.990**

1TB SLIM AÐEINS 11.990

ID107

2 LITIR

WONLEX

### HEILSUÚR

**FRÁBÆRT HEILSUÚR FRÁ WONLEX**

- Frábært heilsuúr frá Wonlex
- Vandaður innbyggður púlsmælir
- Fylgstu með hvenær/hversu vel þú sefur
- Klukka, dagsetning caller ID, hitamælir ofl.
- Allt að 7 daga rafhlöðuending
- Þolir raka, rigningu og vökvaslettur
- Sérstaklega mjúk og þægileg silicon ól
- App í boði fyrir iOS og Android

**12.990**

FULLKOMINN FÉLAGI Í RÆKTINA!

G9-593

30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 349.990

FROST CORE KÆLING

VR READY

PREDATOR

### PREDATOR

- Intel Quad Core i7-6700HQ 3.5GHz Turbo
- 16GB DUAL DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 512GB SSD M.2 - Pláss fyrir auka disk
- 15.6" FHD IPS Anti-Glare 1920x1080
- 6GB GTX 1060 VR Ready leikjaskjákort
- 2.1 Predator SoundPound hljóðkerfi
- RGB baklýst ProZone leikjalyklaborð
- 867Mbps Killer Wireless, BT4.1, USB3.1
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**319.990**

GTX1060 VR READY LEIKJASKJÁKORT

0dB SILENT GAMING Windforce 3X TÆKNIN SKILAR LoL OG FLEIRI LEIKJUM Í 0dB HLJÓÐLEYSI!

3X ÖFLUGRA Nýjasta kynslóð GTX 1070 leikjaskjákorta var að lenda og er allt að 3X öflugri en eldri kynslóð GTX 970

GIGABYTE

### GTX1070

**G1 GAMING LEIKJASKJÁKORT**

- Nýjasta leikjaskjákortið frá GIGABYTE!
- 8GB GDDR5 8GHz 256-bit minni
- SUPER OC 1822Mhz og Nvidia boost 3.0
- DirectX12, GameStream og VR Ready!
- 1920 CUDA cores og 120T.U. fyrir leiki
- 3x 8K DP 1.4, HDMI 2.0 og DVI-D
- 16.7 milljón lita forritanleg RGB lýsing
- Nær hljóðlaus 0dB Windforce 3X tækni

**79.990**

GTX1060 FRÁ 39.990 | GTX1080 G1 129.990

### LUXA2 LAVI D

**ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL**

Glæsileg Bluetooth Over-Ear heyrnartól frá LUXA2 sem henta jafnt til að hlusta á tónlist og sem handfrjáls búnaður. 3.5mm tengi inn fyrir beina afspilun og hægt að brjóta saman.

- Glæsileg 4.0 Bluetooth On-Ear heyrnartól
- Tengjast þráðlaust við síma o.fl. tæki
- Hljóðnemi sem deyfir umhverfishljóð
- Takkar til að svara og stjórna tónlist
- Samanbrjótanleg og meðfærileg
- Einstaklega mjúkir og þægilegir púðar
- Allt að 16 tíma rafhlöðuending

16+

LUXA2 A Division of Thermaltake

**14.990**

ÞÆGILEG OG ÞRÁÐLAUS;)

2 LITIR

JÓLA TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 64.990

32GB WIFI **59.990**

**32GB iPad Air 2**

SENFUS **4.990**

Trust

**ÞRÁÐLAUSIR TAPPAR**

GEAR4U **34.990**

ÚRVAL LEIKJASTÓLA Á VERÐI FRÁ 26.990

**HÁGÆÐA LEIKJASTÓLAR**

NÝ KYNSLÓÐ ÖFLUGRI, ÞYNNRI OG LÉTTARI

PS4 STÝRIPINNI FYLGIR

500GB **46.990**

**PLAYSTATION 4 SLIM**

**OPNUNARTÍMAR**

Opið alla daga til jóla :)

12-23.des 10-19

Aðfangadag Lokað

# TÖLVUTEK

Allt að 100.000 með JólaGreitt, greiddu 1.FEB Kostnaður aðeins kr. 198 :)

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer LogiLink Parrot plantronics PS4 SALORA Trust WONLEX XBOX ONE

15. desember 2016 - Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl • Tölvutek er stærsta sérhæfða tölvuverslun landsins í fermetrum verslunarrýmis talið, samkvæmt niðurstöðu Neytendastofu þann 10.05.2016



**6,6 mörk í leik**

### Daníel Þór Ingason

Hægri og vinstri skytta
**53 mörk**
Tvisvar sinnum markahæstur
**9 mörk** á móti Gróttu
**7 mörk** á móti ÍBV



**6,1 mark í leik**

### Adam Haukur Baumruk

Vinstri skytta
**49 mörk**
Tvisvar sinnum markahæstur
**11 mörk** á móti Selfossi
**9 mörk** á móti Akureyri



**5,4 mörk í leik**

### Guðmundur Árni Ólafsson

Hægri hornamaður
**43 mörk**
Þrivar sinnum markahæstur
**11 mörk** á móti Val
**9 mörk** á móti Stjörnunni
**6 mörk** á móti Aftureldingu



**5,3 mörk í leik**

### Janus Daði Smárason

Leikstjórnandi
**42 mörk**
Tvisvar sinnum markahæstur
**11 mörk** á móti Fram
**6 mörk** á móti Aftureldingu

# Fjórföld ástæða fyrir sigurhring Hauka

**Fjórir leikmenn Hauka hafa skorað fimm mörk eða fleiri í leik í átta leikja sigurgöngu liðsins í Olís-deild karla. Haukaliðið getur lokað hringnum með sigri á nágrönnum sínum í Kaplakrika í kvöld en Haukaliðið væri þá búið að vinna öll lið deildarinnar í röð.**

**HANDBOLTI** Haukar geta lokað hringnum í kvöld þegar þeir heimsækja nágranna sína í FH í Kaplakrika í 16. umferð Olís-deildar karla í handbolta. Þetta eru síðustu deildarleikir liðanna fyrir tæplega tveggja mánaða jóla- og HM-frí.

Haukar hafa unnið átta deildarleiki í röð, eða alla leiki sína síðan þeir töpuðu á móti FH á heimavelli 12. október síðastliðinn. Haukarnir hafa unnið öll hin lið deildarinnar á þessum átta vikum sem eru liðnar og níundi sigurinn getur lokað sigurhring Haukanna.

Hafnarfjarðarliðin eru annars einu lið Olísdeildarinnar sem hafa ekki tapað í síðustu fimm umferðum og því tvö af heitustu liðum deildarinnar. FH-ingar hafa náð í 8 af 10 stigum síðan þeir töpuðu á móti Valsmönnum 11. nóvember síðastliðinn. Haukar eru nú tveimur stigum á undan en FH-ingar geta tekið af þeim annað sætið með sigri.

Haukar unnu um síðustu helgi auðveldan tíu marka sigur á Akureyri á Ásvöllum, 29-19. Haukar hafa ekki aðeins unnið átta leiki í röð því liðið hefur unnið þessa átta leiki með samtals 60 mörkum eða 7,5 mörkum að meðaltali í leik.

Sigurgangan hófst á móti Stjörnunni í Mýrinni 20. október og er nú enn í fullum gangi 56 dögum síðar.

Adam Haukur Baumruk var markahæstur í sigrinum á Akureyringum en hann er einn af fjórum leikmönnum Haukaliðsins sem hafa skipst á því að vera markahæstir í sigurgöngunni. Allir hafa þeir náð því að vera markahæstir í að minnsta kosti tveimur leikjum í sigurgöngunni.

Það sýnir um leið einn helsta styrk Haukaliðsins sem er breiddin. Fjórir leikmenn hafa skorað yfir 40 mörk í þessum átta sigurleikjum eða yfir fimm mörk að meðaltali í leik. Adam Haukur (49 mörk) er næstmarkahæstur á eftir Daníel Þór Ingasyni (53 mörk) en hinir tveir eru þeir Guðmundur Árni Ólafsson (43 mörk) og Janus Daði Smárason (42 mörk).

Varnarleikurinn á líka mikinn þátt í þessu en liðið sem fékk á sig 31 mark í fyrstu sjö leikjunum (2 sigrar og 5 töp) hefur aðeins fengið á sig 26 mörk að meðaltali í sigurgöngunni undanfarnar átta vikur.

Leikur FH og Hauka hefst klukkan 19.30. Á sama tíma heimsækir topplið Aftureldingar Gróttu út á Seltjarnarnesi. Mosfellingar verða á toppnum um jólin nái þeir í stig en ef Afturelding tapar og Haukar vinna þá munu Haukarnir sitja á toppi Olís-deildar karla næstu 50 daga. **ooj@frettabladid.is**

# Eins og koss dauðans að vinna Íslandsmeistara KR í vetur

**KÖRFUBOLTI** Hversu gott er fyrir liðin í Domino's deild karla að vinna KR? Stjarnan ætlar að reyna að bætast í hópinn í kvöld en örlög liðanna sem hafa unnið KR í vetur hafa verið grimm.

KR-ingar eru á toppi Domino's deildar karla, með reyndar jafnmörg stig og Stjarnan og Tindastóll en ofar í innbyrðisviðureignum. KR-liðið hefur unnið alla leiki á móti efstu liðunum en töpin tvö komu á móti liðum sem eru núna í 8. (Þór Þorl.) og 11. sæti (Njarðvík) deildarinnar.

Báðum leikjunum töpuðu KR-ingar illa (með samtals 24 stigum) þar sem liðið skoraði aðeins 68 stig að meðaltali. Frábær frammistaða hjá Þorlákshafnar-Þórsurum og Njarðvíkingum í þessum leikjum sínum í DHL-höll þeirra KR-inga keyrði allar væntingar í báðum félögum líklega upp úr öllu valdi. Í stað þess að byggja ofan á tvo af óvæntustu sigrum tímabilsins hefur það komið í ljós að það er koss dauðans að vinna KR í vetur.

Þór eða Njarðvík hafa ekki unnið deildarleik síðan þau unnu KR. Allir sjö leikirnir liðanna hafa tapast og nú eru þau bæði komin í hóp neðstu liðanna í deildinni.

## Liðin sem hafa unnið KR í deildinni í vetur

**Þór Þorlákshöfn vann KR 4. nóvember en síðan …**

**11. nóvember**
17 stiga tap á móti Stjörnunni (77-94)

**18. nóvember**
11 stiga tap á móti Þór Ak.(69-80)

**25. nóvember**
3 stiga tap á móti Tindastól (92-95)

**1. desember**
2 stiga tap á móti ÍR (72-74)

**9. desember**
2 stiga tap á móti Skallagrím (74-76)

**Njarðvík vann KR 24. nóvember en síðan …**

**1. desember**
11 stiga tap á móti Þór Ak. (94-105)

**8. desember**
19 stiga tap á móti ÍR (73-92)

Þórsarar unnu KR 4. nóvember en hafa síðan spilað fimm deildarleiki og tapað þeim öllum. Síðustu þremur leikjum hefur Þórsliðið þó bara tapað með samtals 7 stigum.

Njarðvíkingar unnu KR 24. nóvember og voru þá að vinna í Vesturbænum í fyrsta sinn síðan 2006. Þeir ákváðu að semja ekki við Stefan Bonneau í framhaldinu en Bonneau var greinilega ekki vandamálið. Njarðvíkingar hafa síðan mætt liðum sem voru neðar en þeir í töflunni fyrir viðkomandi leiki en tapað þeim báðum með sannfærandi hætti.

KR heimsækir Stjörnuna í Garðabæinn í kvöld í toppslag Domino's-deildar karla. Stjörnumenn stefna að sjálfsögðu á sigur þrátt fyrir örlög fyrrnefndra liða en sigur í kvöld þýðir að Stjörnuliðið verður búið að fagna sigri í þremur deildarleikjum í röð á móti KR. Stjarnan hefur unnið tvo leiki í röð á móti KR undir stjórn Hrafns Kristjánssonar, fyrrverandi þjálfara KR. Hvort Stjarnan bætist í hóp KR-bana kemur í ljós í Ásgarði í kvöld en það er í það minnsta ljóst að annaðhvort Þór eða Njarðvík fagna langþráðum sigri. Það er öruggt af því að liðin mætast í Ljónagryfjunni í Njarðvík í kvöld. **– ooj**



Maciej Baginski hefur aðeins hitt úr 7 af 31 þriggja stiga skoti sínu (23 prósent) frá leiknum á móti KR.



ARIETE
VÖFFLUJÁRN
EKTA BELGÍSKAR VÖFFLUR
VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........4.995
GRUNWERG MANDÓLÍN
VERÐ... 8.995
WURM
KRUKKA
MEÐ RÖRI
VERÐ... 495
GRUNWERG
HNÍFABLOKK
VERÐ... 6.495
MEDISANA
HITAPÚÐI
HÁLS OG BAK
VERÐ... 6.995
iBili
FONDUE POTTUR
VERÐ... 9.995
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
MARMARA
KÖKUKEFLI
VERÐ... 4.495
CILIO
ESPRESSÓKANNA
RAFMAGNS
VERÐ ÁÐUR...8.995
TILBOÐ .........5.995
WMF
KERAMIK
PÖNNUR
24sm og 28sm
VERÐ.... 15.995
MELISSA RACLETTE GRILL
8 MANNA
VERÐ... 7.995
WUSTHOF
HNÍFASETT
7 STK SETT
VERÐ ÁÐUR... 29.995
TILBOÐ ......... 19.995
ROSENDAHL GLÖS Í ÚRVALI
GLÖS 30 CL
4 STK Í KASSA
BJÓRGLÖS
2 STK Í KASSA
VERÐ... 3.995
VERÐ... 3.995
RAUÐVÍNSGLÖS
BORDEAUX 2 STK
HVÍTVÍNSGLÖS
BORDEAUX 2 STK
VERÐ... 3.995
VERÐ... 3.995
EVA SOLO
ELDHÚSÁHÖLD
4 STK SETT
VERÐ... 8.995
REVLON
BLÁSTURSBURSTI
Með jónatækni
Ný sending komin!
VERÐ... 7.995
SteakChamp
KJÖTHITAMÆLIR
Ótrúlega einfaldur í notkun
VERÐ... 7.995
SteakChamp
STEIKARHNÍFAR
VERÐ... 8.995
EVA SOLO
KARAFLA
NÝR LITUR LJÓSGRÁR
ÓTRÚLEGT LITAÚRVAL
1L
VERÐ... 7.995
DOLCE GUSTO
PICCOLO KAFFIVÉLAR
50% AFSLÁTTUR
Nescafé Dolce Gusto
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .... 4.995



Pioneer
MJ532 heyrnartól. Samanbrjótanleg. Fáanleg í 4 litum.
kr 10.900,-
Wii U
Flottur pakki með vinsælum Mario Kart 8 tölvuleik.
kr. 59.900,-
Leikir frá kr. 4.490,-
Pioneer Plötuspilari
PL-990 Reimdrifinn - Alsjálfvirkur - Innbyggður formagnari
kr. 49.900,-
veho
Ótrúlegur hljómur í þessum Bluetooth hátalara frá Veho
kr. 19.900,-
ORMSSON
Jóla dagar
levenhuk Zoom&Joy
Hágæða sjónaukar með lífstíðarábyrgð.
Allar gerðir í gluggakistuna, bílinn, bokpakann, ferðalagið, gönguferðina, fjallgönguna og veiðina.
Vatnsheldir og niturfylltir frá 14.900,- kr.
Verð frá 3.490,-
Pioneer
XW-BTSP70-K/S
Magnaður Bluetooth hátalari.
kr. 29.900,-
Gleðilegar og gagnlegar vörur á góðu verði
veho
Sportmyndavélar
NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps - Innbyggð WiFi tenging - Snjallforrit fyrir Android og Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjár og losanleg 1500mAh rafhlaða - Vatnshelt hylki á 100m fylgir - Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flottri tösku.
kr. 37.900,-
muse
Útvarpsvekjari
kr. 6.990,-
Pioneer
Hljómtækjastæða
PIX-EM-12 - 2 X 30W - CD MP3 og WMA afspilun - FM Útvarp m. 30 stöðva minni - RDS stuðningur - Tengi: USB, Audio-In, Loftnet
kr. 22.900,-
muse
Muse M-1910T
Blue Tooth karaoke kerfi
kr. 24.900,-
Pioneer
Hljómtækjastæða
X-HM21BT-K/S
Bluetooth stæða
Til í svörtu og silfur.
Áður kr. 45.900,-
Jólatilboð
kr. 36.900,-
SAMSUNG
K5505
Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now
LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót
32“ kr. 64.900.- / 40“ kr. 89.900.- / 49“ kr. 119.900,- / 55“ kr. 149.900.-
SAMSUNG
KU6405/6475
ULTRA HD
SAMSUNG EKTA UHD 4K TV
UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
43“ kr. 119.900.- / 49“ kr. 149.900.- / 55“ kr. 179.900.- / 65“ kr. 309.900.-
SAMSUNG
KU6655/6505
ULTRA HD
SAMSUNG EKTA UHD 4K TV
UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
43“ kr. 129.900.- / 49“ kr. 159.900.- / 55“ kr. 189.900.- / 65“ kr. 309.900.-

Tefal 25 ÁR HJÁ ORMSSON

# Tefal
Pottar og pönnur

20% afsláttur





ÁRGERÐ 2017

## AEG
**ÞVOTTAVÉL**
*L7FBE840E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**Verð kr. 119.900,-**

## AEG
**ÞVOTTAVÉL**
*L7FBM826E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.

**Nú kr. 139.900,-**

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR



## AEG
**ÞURRKARI - BARKALAUS**
T61271AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

**Kr. 89.900.-**



## AEG
**ÞURRKARI - BARKALAUS**
T76280AC
Barkarlaus þurrkari með rakaskynjara. Tekur 8 kg. af þvotti. Ný ryðfrí tromla sem minnkar slit og snýst í báðar áttir.

**Kr. 99.900.-**



## AEG
**UPPÞVOTTAVÉL**
FSILENCM2P
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 43db með 7 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Kr. 99.900,-**
STÁL **Kr. 109.900,-**



## AEG
**UPPÞVOTTAVÉL**
F56302M0
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 39db með 6 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Kr. 79.900,-**
STÁL **Kr. 89.900,-**



**VOLTA**
Lilly
m/hleðslurafhlöðu
kr. 3.990,-



## AEG
EQUIPT
kr. 13.900,-



## AEG
CE4120



## AEG
Skaftryksuga
m/Lithium rafhlöðu
kr. 29.900,-



## AEG
Ultra Silencer
kr. 36.900,-

NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS

Opnunartímar:
Föstudag kl. 10-18
Laugardag kl. 11-16
Sunnudag kl. 13-17

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
# ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

**100**
**ára afmæli**



**Aðalbjörg Jónsdóttir**
Dalbraut 20, Reykjavík,
er 100 ára í dag 15.12. 2016. Hún tekur á móti gestum í sal hússins að Dalbraut 20 kl. 15-17.

Blóm og gjafir afþakkaðar.

---



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Hreinn Steinsson**
frá Siglufirði, til heimilis að
Sléttahrauni 25, Hafnarfirði,
lést á Landspítalanum í Fossvogi
föstudaginn 9. desember.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju í dag
klukkan 13.00.

**Anna Sigrún Hreinsdóttir** **Þórður Þórðarson**
**Steinunn Hreinsdóttir** **Örn Geirsson**
**Vilhjálmur Hreinsson** **Fríða Rut Heimisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær sonur minn,
bróðir, mágur og faðir,
**Brynjar Már Bjarkan**
sem lést mánudaginn 28. nóvember,
verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju
þann 19. desember kl. 13. Blóm og
kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hans er bent á styrktarreikning fyrir dóttur
hans, 0545 -14- 407617, kt. 081261-3939.

**Halldóra Gunnarsdóttir og fjölskylda.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og vinarhug vegna andláts og útfarar
ástkærs sonar míns, bróður, mágs
og frænda,
**Eysteins Skarphéðinssonar**
Heiðarhvammi 3,
230 Reykjanesbæ.

Hjartans þakkir færum við starfsfólki D-deildar
Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka alúð
og umhyggju.

**Anna Margrét Jónsdóttir**
**Hólmfríður Skarphéðinsdóttir**
**Njáll Skarphéðinsson**
**Jón Valgeir Skarphéðinsson** **Anna Andrésdóttir**
**Sigurður Skarphéðinsson** **Linda Hrönn Birgisdóttir**
**Rakel Valsdóttir** **Jón Oddur Guðmundsson**
**og frændsystkini.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Elísabet Guðlaug Vigfúsdóttir**
síðast til heimilis í Hvammi,
heimili aldraðra á Húsavík,
andaðist 6. desember síðastliðinn.
Útför hennar fer fram frá Húsavíkurkirkju
föstudaginn 16. desember kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Vigfús Þór Leifsson**
**Heimir Leifsson**
**Freyja Kristín Leifsdóttir**
**Lovísa Leifsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---

# Stafakarlarnir hafa ekkert elst síðustu 20 árin

**Bókin Stafakarlarnir eftir Bergljótu Arnalds er orðin 20 ára og kemur af því tilefni út í afmælisútgáfu nú fyrir jól. Bergljótu datt ekki einu sinni í hug að úr yrði metsölubók þegar hún skrifaði hana á leikvelli í Vesturbænum. Bókin hefur selst upp margoft síðan þá.**

Það er náttúrulega draumur hvers höfundar að bækurnar þeirra verði klassískar og það er mjög gaman að þetta efni lifir áfram í menningarflórunni. Þeir greinilega eldast ekkert þessir karlar og ég vil meina að ég geri það ekki heldur,“ segir Bergljót Arnalds hlæjandi aðspurð hvernig það sé að karlarnir hennar séu orðnir 20 ára.

Datt þér einhvern tímann í hug að þetta yrði svona langlíf saga?

„Mér datt ekki einu sinni í hug að þetta yrði metsölubók. Það var frænka mín sem sagði mér frá því fyrst að bókin væri á metsölulistum. Ég hélt að metsölulistar væru bara fyrir skáldsögur en að myndskreytt barnabók kæmist þangað inn var eitthvað sem ég hafði ekki einu sinni hugsað út í. Eina takmarkið mitt var að skrifa söguna og gera hana skemmtilega. Ég skrifaði hana fyrir strákinn minn – ætli ég hafi ekki verið tvítug þegar ég gerði það. Hún varð til á leikvelli í Vesturbænum þar sem ég var með stráknum mínum að leik.

Ég hugsaði að það yrði gaman að skrifa stafabók þar sem allt myndi bara renna saman í eina heild en ekki þannig að hver stafur væri stakur fyrir sig. Þá fór ég að pæla í hverjar væru mínar uppáhaldsbarnabækur og þar á meðal var bókin Hljómsveitin fljúgandi. Þar kom fljúgandi hljómsveit og það átti að geta upp á hljóðfærunum. Ég hugsaði að það væri gaman að stafirnir kæmu kannski fljúgandi og þá datt mér í hug að stafirnir gætu talað og væru svolítið fyndnir.“

Hefurðu ekki verið að endurútgefa Stafakarlana villt og galið öll þessi tuttugu ár?

„Hún hefur verið endurútgefin nánast sleitulaust síðan hún kom fyrst út. Hún seldist strax svo hratt að ég náði ekki einu sinni að fá höfundareintökin mín.



Bergljót tók nýlega við gullplötu fyrir Stafakarlaplötuna en hún fylgir með afmælisútgáfunni ásamt textum. MYND/JÓN ÖNFJÖRÐ

> **Það er náttúrulega draumur hvers höfundar að bækurnar þeirra verði klassískar og það er mjög gaman að þetta efni lifi áfram í menningarflórunni.**

Ég fékk einhver tvö, þrjú eintök sem ég gaf mömmu og pabba en þegar ég ætlaði að ná í mín eintök var búið að selja þau öll af lagernum, þannig að ég á ekki fyrstu útgáfuna, en hún er örugglega orðin mjög verðmæt í dag. Síðan kom hún aftur út árið eftir og seldist þá upp fyrir jól. Síðan þá hefur hún komið út mjög reglulega. Hún var búin að vera uppseld núna og mikið verið suðað í mér að gefa hana aftur út.“

Og núna er hún komin út í veglegri afmælisútgáfu.

„Hún hefur aldrei verið svona stór. Þetta er bæði bók og diskur – ég samdi á sínum tíma tónlist, sem er eini barnadiskurinn sem ég hef gert. Það var rosa fjör, hver stafakarl fékk sitt lag. Ég var treg í taumi fyrst og ætlaði að gera eitthvað annað en síðan varð það alveg þvílíkt ball að láta þá fara að syngja og tjá sig líka á þann máta,“ segir Bergljót hlæjandi.

„Það eru 35 lög á disknum, sem er meira en tvöfalt albúm, og það er farið frá óperuaríu yfir í salsa og allt þar á milli. Þetta var einu sinni gefið út svona saman, diskurinn og bókin, en núna eru allir söngtextarnir gefnir út með, prentaðir inn í bókina. Þannig að það er alveg gífurlegt magn orða fyrir hvern staf. Þegar lögin bætast við þá koma inn fleiri orð en það er auðvitað mismikið fyrir hvern staf – Ð-ið er ekki með neitt enn þá, við þurfum að fara að bæta úr því og búa til íslenskt orð sem hefst á Ð. Hans lag er svona Sigurrósarlag því að hann er dálítið leiður og þessi útsetning passaði eitthvað svo vel við tilfinningar hans. Hver stafur er með mikla þráhyggju fyrir sjálfum sér, svona eins og við erum öll á einhvern hátt. Allir í sínum heimi með hugann við eitthvað, líkt og jörðin snýst um sólina og tunglið um okkur. Ætli það sé ekki þess vegna líka sem okkur finnst þeir svo fyndnir,“ segir Bergljót að lokum og brosir. Afmælisútgáfa Stafakarlanna er komin í verslanir. **stefanthor@frettabladid.is**

---



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Jón Tómasson**
frá Sauðárkróki,
Bólstaðarhlíð 31, Reykjavík,
lést á Landspítalanum við Hringbraut
mánudaginn 12. desember. Hann
verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn
22. desember kl. 13.00.

**Elinborg Jónsdóttir**
**Valgerður Katrín Jónsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Ragnar Sigurðsson**
**Guðmundur Árni Jónsson** **Lára Nanna Eggertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elsku mamma okkar, amma,
tengdamamma, systir og vinkona,
**Sigþrúður Björg Axelsdóttir**
Teigaseli 2,
lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ
að kvöldi 9. desember. Útförin fer
fram frá Lindakirkju í Kópavogi,
næstkomandi föstudag, þann 16. desember, kl. 15.

**Helga Sigríður Davíðsdóttir** **Skúli F. Hjaltason**
**Ragnheiður Inga Davíðsdóttir** **Örn Hróbjartsson**
**Davíð Karl Davíðsson** **Valgerður B. Hannesdóttir**
**systkini, barnabörn og vinir.**

---



✝

Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,
**Sverrir Þorvaldsson**
kerfisstjóri,
Laufrima 30, Reykjavík,
andaðist á Sjúkrahúsi Akraness
10. desember. Útförin fer fram frá
Akraneskirkju þriðjudaginn
20. desember kl. 13.

**Ingveldur Sverrisdóttir** **Þorvaldur Sigtryggsson**
**Tryggvi Þorvaldsson**
**Inga Valdís Þorvaldsdóttir** **Harald Björnsson**

---



✝

Elskulegur faðir minn,
tengdafaðir, afi og bróðir,
**Ragnar Þór Bóasson**
Breiðagerði 19, Reykjavík,
lést 3. desember síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
föstudaginn 16. desember kl. 15.00.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á menntunarsjóð
Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

**Annetta Ragnarsdóttir** **Helga Margrét Clarke**
**Sindri Már Gunnarsson**

# 23 ár á toppnum






## ÚTKALL
### KRAFTAVERK UNDIR JÖKLI

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa 23 ár í röð verið eitthvert vinsælasta lesefni Íslendinga. Bækur sem lesendur leggja ekki frá sér fyrr en að lestri loknum. Óttari tekst á einstakan hátt að skapa mikla spennu í sögum sínum úr íslenskum raunveruleika. Einlægar frásagnir þeirra sem lenda í raunum, aðstandenda þeirra og björgunarfólks láta engan ósnortinn.

# Ævintýri í óbyggðum

**Bókin fyrir útivistar-fólkið**






## FÓLK Á FJÖLLUM
### ÆVINTÝRI Í ÓBYGGÐUM

Fólk á fjöllum er ný bók eftir blaðamanninn og fararstjórann Reyni Traustason, þar sem sagt er frá ævintýrum sex Íslendinga sem allir eru sönn náttúrubörn og útivistarfólk. Bókin er full af spennandi frásögnum af fjallaferðum, svaðilförum og hetjudáðum þar sem ástin á óbyggðunum skín alls staðar í gegn. Útivistargarparnir Tómas Guðbjartsson, Sigríður Lóa Jónsdóttir, Valtýr Sigurðsson, Kerstin Langenberger, Ólafur Örn Haraldsson og Vilborg Arna Gissurardóttir segja sögur sínar í bókinni.

Útkall ehf. Sundaborg 9, 104 Reykjavík, sími 562 2600 - www.utkallbokautgafa.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Hvöss suðaustanátt á landinu og rigning. Á Norður- og Austurlandi er vindur aðeins hægari og minna um rigningu. Hlýnar í veðri, hiti 3 til 8 stig þegar líður á daginn.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 3° | 3° |
| ↗14 | ↗15 | ↗20 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 3° | -1° |
| ↑15 | ↗14 | ↗17 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | 0° |
| ↖10 | ↑7 | ↗6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -0° | 3° | 0° |
| ↗4 | ↙3 | ↑11 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. gas
6. umhverfis
8. nudda
9. dorma
11. karlkyn
12. deyfa
14. einkennis
16. sjúkdómur
17. gagn
18. kærleikur
20. hljóta
21. eignarforn

**LÓÐRÉTT**
1. svei
3. öfug röð
4. flokkur sýklalyfja
5. verkur
7. sætuefni
10. fálæti
13. vöntun
15. málmur
16. blástur
19. tveir eins



**LÁRÉTT:** **2.** loft, **6.** um, **8.** núa, **9.** sef, **11.** kk, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** ms, **17.** nyt, **18.** ást, **20.** fá, **21.** sitt.
**LÓÐRÉTT:** **1.** fuss, **3.** on, **4.** fúkalyf, **5.** tak, **7.** melassi, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stál, **16.** más, **19.** tt.

### Skák Gunnar Björnsson



Vladimir Kramnik (2.809) sýndi mikla útsjónarsemi í erfiðu endatafli gegn Hikaru Nakamura (2.779) á London Chess Classic-mótinu.

**Svartur á leik**

**58...Rf7!! 59. exf7 ½-½.** Wesley So er efstur á mótinu með 3½ vinning eftir 5 umferðir. Taflmennskan á mótinu hefur bæði verið frumleg og kröftug.

**www.skak.is:** Friðriksmót Landsbankans á laugardag.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 1 | 5 | | | 6 | |
| | 6 | | 2 | | | | 9 | |
| | | | | | 8 | | | 5 |
| | | 1 | | | 4 | 8 | | 3 |
| | | | 3 | | 5 | 9 | | |
| 9 | | 2 | | | | | | |
| 6 | | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | | |
| 1 | | | | | | 6 | 7 | |
| | 9 | | | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 5 | | 3 |
| 1 | | | 7 | | | 4 | | 2 |
| 6 | 2 | | | | 4 | | | 9 |
| | 4 | | | | 8 | | | |
| | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | 2 | | 6 | 3 | | |
| | 1 | | | | 5 | 8 | | 6 |
| 7 | | | 1 | | | | 3 | |
| 9 | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 8 |
| | | | 6 | | | 9 | | |
| | 5 | 9 | | | 8 | 1 | 2 | |
| | | 2 | | | | 7 | 6 | |
| | | 4 | | 6 | | | 3 | |
| | | | 5 | 3 | | | | 1 |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| 9 | 3 | | | | | | | |
| 2 | | | 9 | | | 8 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 2 | 9 | 6 | 4 | 1 | 8 | 3 |
| 6 | 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 4 | 3 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 4 | 1 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 9 | 6 | 5 | 1 |
| 1 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 8 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 | 4 |
| 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 2 | 7 | 9 | 6 | 3 | 8 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 6 | 2 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 | 5 | 3 | 9 |
| 3 | 6 | 4 | 9 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 1 | 8 | 3 | 9 |
| 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 | 6 | 5 |
| 2 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 3 | 1 | 6 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 9 | 7 | 6 | 1 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 |
| 4 | 8 | 7 | 2 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 2 | 3 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 7 |

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



YUASA

# Rafgeymar

Meðal viðskiptavina Yuasa eru:

mazda
BMW
TATA
SUBARU
TOYOTA
MITSUBISHI MOTORS
KIA
SUZUKI
ISUZU
HONDA
GM
NISSAN
SANGYONG
DAIHATSU
HYUNDAI
Hino
PSA PEUGEOT CITROËN

## YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur






YUASA
stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is




Hallgrímur Helgason og tíkin Lukka ganga mikið saman. Hann yrkir en hún skoðar heiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ég á þessari ljóðatík mikið að þakka

**Hallgrímur Helgason lauk nýverið við að þýða Óþelló og sendi líka frá sér ljóðabókina Lukka eftir samnefndri hundstík.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Hann Gísli Örn er svo ákveðinn og mikill sjarmör að ég gat ekki sagt nei," segir Hallgrímur Helgason um tilefni þess að hann hafi látist til leiðast að þýða Óþelló, eitt af meistaraverkum Williams Shakespeare. Hallgrímur bætir við að þeir Gísli Örn hafi átt gott samstarf þegar þegar hann tókst á við að þýða Rómeó og Júlíu á sínum tíma og það hafi því verið gaman að endurnýja þá samvinnu.

### Skemmtilegur félagsskapur

Hallgrímur segir að þetta sé óneitanlega gríðarleg vinna en það komi líka til baka með ýmsum hætti. „Þetta er svona ríflega hálft ár þar sem maður gerir ekkert annað. Maður þarf að skila svona 30 til 40 línum á dag svo þetta er ansi stíft en þessar línur eru líka kraftgefandi. Shakespeare hefur örvandi áhrif og maður fer upp á eitthvert orkustig sem er líka akkúrat það sem þarf til þess að þýða þetta."

En þetta hlýtur að vera aðeins önnur upplifun á verki á borð við Óþelló að fara svona djúpt ofan í það línu fyrir línu öfugt við t.d. að lesa það sér til skemmtunar eða að sjá það í leikhúsinu? „Jú, það er alveg á við heilt endurmenntunarnámskeið að fá að eyða hálfu ári með verki eftir Shakespeare og ótrúlega gaman. Ég var með gömlu þýðingarnar, eftir Helga Hálfdanarson og Matthías Jochumsson, til hliðsjónar og þetta var dáldið eins og að sitja fundi með þeim þremur: Shakespeare, Helga Hálfa og Matta Jokk. Á hverjum morgni mættu þeir klukkan níu og þetta var ekki leiðinlegur félagsskapur."

### Jagó og ríkisstjórnarmyndun

Málheimur Shakespeares er gríðarlega stór og Hallgrímur bendir auk þess á hve djúpa innsýn hann hafi í mannlegt eðli. „Hann fer með persónurnar sínar niður í þeirra eigið helvíti og hér sérstaklega Óþelló. Það sem var snúnast var þó jafnvægiskúnstin sem Jagó beitir en hann er allt leikritið að fokka í yfirmanni sínum Óþelló á mjög svo lúmskan og djöfullegan hátt. Hann notar tungumál sem er hlaðið kynferðislegum vísunum en samt þannig að það er aldrei hægt að nappa hann á því. Þetta eru orð eins og: „en hvort í taumi hún teljist laus, lát vera allan grun." Þarna vefur hann inn í textann hugtakinu „lauslát vera" um Desdemónu, konu Óþellós, á einkar lúmskan hátt, en hann er einmitt stöðugt að ýja að því að hún sé að halda fram hjá með Kassíó sem á að taka við af Óþelló sem æðsti yfirmaður á Kýpur. Í stíl við þetta er talað um að Kassíó muni „fylla rúm hans". Þetta er allt svona, ótrúleg orðakúnst sem var bæði erfitt og gaman að glíma við.

Jagó er snillingur í svona óræðum skilaboðum. Aldrei hægt að hanka hann, stingur alltaf í hjartastað, en kannast svo aldrei við neitt. Dæmigerður síkópat. Hann væri til að mynda örugglega fljótur að mynda ríkisstjórn á Íslandi í dag en svo mundu allir ráðherrarnir vakna upp valdalausir daginn eftir. Jagó væri með öll völdin."

### Lukka og ljóðið

Nú í haust sendi Hallgrímur frá sér ljóðabókina Lukka. Ljóðin yrkir Hallgrímur á göngu með tíkinni Lukku en hvernig skyldi það fara saman við átökin við Shakespeare? „Þetta fer ágætlega saman enda ólík form. Ég er öllu afslappaðri í forminu í ljóðabókinni enda er stakhenda mjög stíft og agað form sem maður þarf að fylgja. Alltaf að passa upp á þessi fimm atkvæði í hverri línu en í ljóðunum hennar Lukku er maður frjálsari.

Reyndar var þessi ljóðabók ort veturinn 2013 til 2014 þannig að þetta er soldið eldra stöff. Ég held að hlutir hafi alltaf gott af því að liggja aðeins í pækli í tölvunni en svo fer maður yfir þetta aftur og aftur og vinsar úr. Mér tókst meira að segja að stytta þessa bók um þrjátíu blaðsíður en samt varð hún kannski aðeins of löng hjá mér."

Hallgrímur segir að ljóðin hafi byrjað að vella fram þegar hann byrjaði að labba með tíkina. „Þetta hefur verið nokkuð stöðugt rennsli síðan. Þannig að ég á henni mikið að þakka, þessari ljóðatík. Þessir göngutúrar eru orðnir eins og einhver dagleg bænastund sem ég hlakka til. Þetta eru aðstæður sem hundurinn neyðir mann til þess að upplifa því annars væri maður bara inni hjá sér að drekka morgunkaffi.

### Hlandbuna á staur

Ég ákvað einhvers staðar á leiðinni að það væri í raun ekkert eitt þema í bókinni annað en hundurinn. Það er einstaka ljóð um hundinn, eitthvað sem tíkin gerir, eins og þegar hún réttir manni loppuna rétt fyrir svefninn og við leiðumst svona líka sætlega inn í draumalandið," segir Hallgrímur og hlær og bendir á að tíkin Lukka eigi til ýmsa skemmtilega takta sem verði sjálfkrafa að ljóði.

En ég ákvað að vera bara opinn og láta ljóðið koma til mín, ekki setjast niður og þvinga það fram. Þetta er meira og minna ort utan dyra og svo skrifa ég þetta bara á blað strax og ég kem inn. Þetta myndar meiri fjarlægð, verður léttara og ekkert puð. Markmiðið var að hafa þetta einfalt og láta hugmyndirnar skína."

Hallgrímur fór til Kóreu árið 2010 og þar kynntist hann verkum ljóðskáldsins Ko Un. „Hann opnaði fyrir mér nýja sýn. Mín hugmynd um ljóðskáld var að þau væru með bók á tíu ára fresti. Fá orð og fá ljóð. En þessi maður sem yrkir stundum eins og búddamunkur, stundum eins og mótmælaskáld, en líka eins og fyllibytta og húmoristi, yrkir stundum tíu ljóð á dag að eigin sögn. Þegar hann sat í fangelsi orti hann ljóð um hverja einustu manneskju sem hann hafði hitt á ævinni. 10.000 líf heitir bálkurinn sá. Hann getur ort um nánast hvað sem er og allt verður honum að ljóði. Þetta breytti viðhorfi mínu, að þetta þyrfti ekki að vera svona hátíðlegt og gerði ljóðið hversdagslegt fyrir mér. Hundurinn að þefa af hlandbunu á ljósastaur getur orðið að ljóði. Og þegar flæðið byrjar á maður bara að fagna því."



# JÓLA- OG ÚTSKRIFTARGJAFIR

## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐATÖSKUM

**FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM**

**15. desember - 24. desember**




**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**

**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**

# Kalt stríð á öllum vígstöðvum

**BÆKUR**

**Blómið – Saga um glæp**

★★★☆☆

**Höfundur:** Sölvi Björn Sigurðsson
Mál og menning 2016
294 bls.




Sölvi Björn Sigurðsson er einn af þessum höfundum sem maður hlakkar alltaf til að lesa nýja bók eftir. Bæði er hann fantagóður stílisti, hugmyndaauðgin er gríðarleg og oftast tekst honum að lauma ansi beittum húmor inn í bækur sínar, hversu háfleygt og grafalvarlegt sem efnið annars er. Það var því með mikilli eftirvæntingu sem ég hóf lestur á nýrri skáldsögu hans Blóminu, sem ber undirtitilinn Saga um glæp og lýst hefur verið sem vísindaskáldsögu um fjölskylduharmleik.

Söguþráður bókarinnar er í stuttu máli sá að á 45 ára afmælisdegi sínum stendur útrásarvíkingurinn Benedikt Valkoff frammi fyrir því að þurfa að horfast í augu við það sem gerðist 33 árum fyrr þegar litla systir hans hvarf eins og jörðin hefði gleypt hana. Til þess að vera fær um það verður hann án undanbragða að skoða eigin gerðir þennan örlagaríka dag, en um leið gerðir föður síns sem reynist vera prótótýpa af hinum klikkaða vísindamanni og engan veginn allur þar sem hann er séður. Inn í allt saman blandast svo uppgjör Benedikts við móður sína, eiginkonu og gamlan vin, sem einnig kom við sögu þennan margumrædda dag. Það er því feitt á stykkinu og sagan fer af stað með miklum glæsibrag og óvæntum vendingum sem halda augum lesandans límdum við blaðsíðurnar; hvað dettur höfundinum í hug næst?

Bókin skiptist í þrjá hluta. Sá fyrsti er fyrrnefnd vísindaskáldsaga þar sem þræðir eru raktir til Sovétríkjanna á sjöunda áratug síðustu aldar og atburðarásin er hin æsilegasta, í öðrum hlutanum víkur sögunni að eiginkonu Benedikts og vangaveltum hennar um stöðu sína í lífinu og hjónabandinu, og í þeim þriðja eru kurl leidd til grafar og glæpurinn upplýstur. Fyrir mína parta er fyrsti hlutinn best heppnaður – og það þótt ég sé yfirlýstur hatari vísindaskáldsagna. Þar nýtur hugmyndaauðgi Sölva Björns sín best og spennan magnast blaðsíðu frá blaðsíðu. Það er því hálfgert antiklimax að stökkva inn í huga rúmlega fertugrar eiginkonu sem ekki veit lengur hvar hjónabandið er statt og dreymir um gamla sénsa. Ágætis lýsing á hugarheimi millistéttarmiðöldrunar svo sem, en fátt nýtt er hér lagt til málanna og lesandinn bíður óþreyjufullur eftir að vísindaskáldsagan hefjist á ný. Af því verður þó ekki því í þriðja hlutanum er engin tilraun gerð til að hnýta þá enda sem leystir voru í fyrsta hlutanum og manni finnst maður hálfpartinn hafa verið svikinn um sögulokin. Glæpurinn upplýsist vissulega, en allt annað er skilið eftir í lausu lofti og maður situr eftir, eins og krakki sem opnað hefur jólapakka með engu innihaldi, sár og svekktur: Hvar er gjöfin mín?

Ekki svo að skilja að ekkert kjöt sé á beinum í Blóminu, langt frá því. Hér er velt upp alls kyns hugleiðingum og tengingum, kalda stríðið matreitt á nýstárlegan hátt, vísindahyggjan tekin í nefið, sambönd hjóna og fjölskyldumeðlima sett undir smásjána og svo framvegis, og svo framvegis. En einhvern veginn gengur heildarmyndin ekki upp og margir boltanna sem hent er upp í loftið koma ekki aftur til jarðar. Kannski er þetta fyrsta bindið í þríleik, við verðum eiginlega að vona það, því svo sterkum tökum nær klikkaði vísindamaðurinn og viðföng hans á lesandanum að það gengur glæpi næst að fá engin svör um afdrif þeirra. Maður hálfpartinn hrópar eins og æstur leikhúsgestur: meira, meira! **Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Margbrotin skáldsaga þar sem kafað er í hin óskyldustu efni en líður fyrir skort á endahnútum.






**Helga í Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi þar sem hún kennir meðal annars.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Það **jólalegasta** sem til er

## Sannkallaður jólaandi mun ríkja á tónleikum strengjasveitar úr Tónskóla Sigursveins sem leikur undir stjórn Helgu Þórarinsdóttur víóluleikara í Bókasafni Seltjarnarness síðdegis í dag.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Tónlistin skipar svo háan sess í jólaundirbúningi þjóðarinnar og Jólakonsertinn hans Corellis sem verður fluttur í dag spilar inn jólin á alveg einstakan hátt. Ég held að bæði mér og krökkunum finnist hann vera það jólalegasta sem til er,“ segir Helga Þórarinsdóttir, stjórnandi tónleika í Bókasafni Seltjarnarness sem hefjast klukkan fimm í dag.

Hún tekur fram að flytjendurnir séu úr Tónskóla Sigursveins við Engjateiginn en ekki úr Tónlistarskólanum á Seltjarnarnesi, því þar séu blásararnir svo ungir enn.

„Krakkarnir sem koma fram í dag eru á menntaskólaaldri og ég er búin að þekkja þá í nokkur ár. Þeir eru átta talsins og eru hluti af Strengjasveit Tónskóla Sigursveins sem ég fór með til Ameríku núna í haust. Við eigum vinahljómsveit í Fíladelfíu sem við vorum að heimsækja og þetta var frábær ferð. Það eru nítján í sveitinni, við erum búin að bralla margt saman. Þetta er dásamlegur hópur og í honum ríkir alveg sérstaklega mikil vinátta og eindrægni. Nú voru bara margir svo uppteknir að þeir gátu ekki verið með, enda eru jólatónleikar í skólanum í kvöld og það eru í raun bara mestu töffararnir sem treysta sér til að spila á báðum tónleikunum.“

> ÉG HELD VIÐ SÉUM KOMIN NÓGU NÁLÆGT HINUM HELGU JÓLUM TIL AÐ ÞORA AÐ SPILA HEIMS UM BÓL.

Helga varð fyrir alvarlegu slysi fyrir nokkrum árum og varð að leggja víóluleik á hilluna en kennir bæði við Tónlistarskólann á Seltjarnarnesi og Tónskóla Sigursveins á Engjateigi. Hún kveðst lánsöm að geta starfað við tónlistina enn og segir sérstaklega gaman að vinna með ungu fólki.

Aftur að efnisskrá tónleika dagsins. „Það er yndislegt fyrir okkur sem erum klassískt innstillt að prógrammið okkar er alveg sérstaklega jólalegt,“ segir Helga og nefnir nokkur hefðbundin lög, bæði íslensk og útlend, Nóttin var sú ágæt ein, Hvít jól og fleira fallegt sem eflaust kemur gestum í hátíðarskap.

„Ég held við séum komin nógu nálægt hinum helgu jólum til að þora að spila Heims um ból. Mér finnst ekki hægt að gera það öllu fyrr. Þannig er það líka með Jólakonsert Corellis, hann er extra jólalegur.“

Tónleikarnir eru hluti af samstarfsverkefni Bókasafns Seltjarnarness og Tónlistarskóla Seltjarnarness undir heitinu Tónstafir. Aðgangur er ókeypis. **gun@frettabladid.is**


I´M DREAMING OF A WHITE CHRISTMAS
GLEÐILEG DAGSKRÁ
SKEMMTILEGASTI JÓLAPAKKINN ER Í ÞÍNUM HÖNDUM
AND MAY
ALL YOUR
X MASES
BEE
WHITE



Elín Hansdóttir myndlistarkona í sýningarsalnum í Galleríi i8. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Nýtir sömu tækni og var notuð í Star Wars og fleiri kvikmyndum til að fjalla um líf, dauða og tímann

**Elín Hansdóttir hefur verið búsett í Berlín síðustu tólf árin og sýnt verk sín vítt og breitt um veröldina. Elín opnar aðra einkasýningu sína á Íslandi á þessu ári í Galleríi i8 í dag. Sýningin er unnin sérstaklega inn í viðkomandi rými með gamalli en forvitnilegri tækni úr heimi gömlu Hollywood-kvikmyndanna.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Elín Hansdóttir myndlistarkona opnar forvitnilega einkasýningu í Galleríi i8 í dag en það hefur verið í mörg horn að líta hjá listakonunni á þessu ári. Elín hefur verið búsett í Berlín síðustu tólf árin, þar sem hún lauk MA-námi frá Kunsthochschule Weissensee árið 2006. Hún segist þó hafa verið mikið á Íslandi síðustu þrjú árin en reyndar ferðast einnig talsvert mikið vegna vinnu. Aðspurð hvort það sé gott að vera myndlistarmaður í Berlín þá segir Elín svo vera. „Já, það er mjög fínt, en það er bara gott að vera myndlistarmaður hvar sem er í heiminum.“

Elín var með stóra sýningu í Ásmundarsafni fyrr á þessu ári, sýninguna Uppbrot, þar sem ný verk voru í samtali við verk Ásmundar Sveinssonar. „Það var svona síðasta stóra verkefnið hér en svo sýndi ég líka í Þýskalandi í sumar. En svo er ég búin að verja síðustu þremur mánuðum í þessa sýningu sem nú er komið að því að opna.“

Elín segir að verkið sé tilbúið til sýningar og hún sé orðin spennt að fá viðbrögð á það. „Það er nú þannig þegar maður sýnir að þá veit maður ekkert hvernig verkin munu hafa áhrif á fólk. Ég hef ekki sýnt þetta verk áður, það er sérstaklega gert fyrir þetta tiltekna rými og þessa sýningu.“

Verk Elínar kallast Simulacra og hún segir það vera innsetningu sem er byggð upp með níu ljósmyndum.

**MEÐ HVERRI MYND OG HVERJU BREYTTU SJÓNARHORNI ER HANN NÆR DAUÐA. ÞETTA ER Í RAUNINNI EINS OG KLUKKA. ÞÚ HORFIR Á SÚLUNA OG Í STAÐ ÞESS AÐ SJÁ HANA ÞÁ SÉRÐU ÞENNAN SVÍFANDI OG SÖLNANDI BLÓMVÖND.**

„Þessar myndir eru ekki bara ljósmyndir, heldur eru þær byggðar á glermálverkum sem ég málaði og stilli upp í rýminu og tek svo ljósmyndir í gegnum glerið. Þetta er tækni sem var notuð í kvikmyndum fyrri tíma. Tækni sem frekar fáir vita um og er í rauninni fyrirrennari photoshop eða svona „special effects“ tækninnar. Fræg dæmi úr kvikmyndasögunni eru meðal annars Star Wars og Planet of the Apes en þá var þessi tækni notuð áður en að tölvurnar tóku við þessu hlutverki. Það sem heillaði mig var í rauninni að það væri hægt að skapa heim eða gjörbreyta sýn sinni á rými með svona einföldum hætti.“

Varðandi verk Elínar þá segir hún að það sé burðarsúla í miðju rýminu sem hún reyni í raun að stroka út. „Í hennar stað set ég svífandi blómvönd sem er að fölna. Þannig að þetta eru í rauninni níu sjónarhorn á þennan sama blómvönd sem eru tekin á mismunandi tímapunktum. Með hverri mynd og hverju breyttu sjónarhorni er hann nær dauða. Þetta er í rauninni eins og klukka. Þú horfir á súluna og í stað þess að sjá hana þá sérðu þennan svífandi og sölnandi blómvönd.“

Það eru stór umfjöllunarefni fólgin í þessu verki eða eins og Elín segir sjálf: „Þarna er verið að fjalla um líf, dauða og tímann. Það er nú ekki flóknara en það.“ En skyldu þessi yrkisefni hafa verið Elínu hugleikin? „Já, það má nú segja það. Þetta eru bara svona grundvallarspurningar sem maðurinn veltir fyrir sér. Þetta er kjarninn. Það er kannski ekkert eitt eða ákveðið sem leiddi mig þangað. Við myndlistarmenn erum soldið eins og síur sem draga til sín alls konar áhrif úr umhverfinu. Síðan verða hugmyndir til án þess að maður endilega viti í rauninni hvaðan þær koma. Þær hafa kannski verið að fæðast á löngum tíma en koma svo rétt eitt augnablik til þess að vera hrint í framkvæmd þó svo að maður sé alltaf að vaða út í óvissuna í hvert og eitt skipti.“

markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




**HÁSKI Í HAFI**
**4.689 KR**




**AFLAUSN**
**3.989 KR**




**TVÍSAGA**
**4.874 KR**




**ALLT MITT LÍF ER TILVILJUN**
**4.874 KR**




**DRUNGI**
**4.549 KR**




**HARRY POTTER OG BÖLVUN BARNSINS**
**3.574 KR**




**HEIÐA Á LJÓTARSTÖÐUM**
**4.549 KR**




**TRÖLLASTRÁKURINN**
**2.599 KR**




**LÓI**
**2.599 KR**




**LADDI**
**4.199 KR**




**HREINT Í MATINN**
**3.184 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 15. - 18. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Sturlun jólanna tekin fyrir í hasarmynd

**Jólamyndir eru flestar frekar þunnar, alltaf fjalla þær um boðskap jólanna eða eru endurgerðir á A Christmas Carol eftir Dickens, þar sem í stað drauga er eitthvað voðalega sniðugt. Hér verður hins vegar fjallað um hina frábæru mynd Jingle All the Way.**



Hasarmyndastjarnan Arnold Schwarzenegger var á skrítnum stað á ferli sínum þegar Jingle all the way kom út. Hér lúskrar hann á bréfberanum Myron sem Sinbad leikur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Jólakvikmyndir eru mikilvægur hluti jólanna hjá ansi mörgum. Það er þó oftast þannig að myndir sem eru gerðar sérstaklega sem jólamyndir eru grútleiðinlegar, alltaf er tönnlast á sama þreytta boðskapnum um að jólin eigi að vera svona eða hinsegin. Bestu jólamyndirnar eru þær sem gerast á jólunum en fjalla í raun að mestu leyti um aðra hluti – It's a Wonderful Life er meistaraverk kvikmyndasögunnar sem sumir horfa sérstaklega á á jólunum en hún fjallar þó ekki um jólin. Síðan eru auðvitað undantekningarnar sem sanna regluna, t.d. er Christmas Vacation frábær mynd og auðvitað Jingle all the way, besta jólalétt-hasarmyndin, kvikmyndagrein sem á líklega rætur sínar að rekja til þessarar frábæru myndar.

Jingle all the way kom út árið 1996, því frábæra kvikmyndaári, 10. áratugurinn í algjöru hámarki og kvikmyndir eftir því. Leikstjóri myndarinnar, Brian Levant, hafði áður leikstýrt frábærum myndum og líka hinni misheppnuðu The Flinstones og hundamyndinni Beethoven (sem var reyndar fáránlega góð). Síðar leikstýrði hann Jackie Chan-myndinni The Spy Next Door – sú mynd er reyndar algjört flassbakk til 10. áratugarins; börn að sigra vondu karlanna með því að stappa á tám og kýla í pung. Þess má líka geta að í The Flintstones léku bræðurnir Hlynur og Marínó Sigurðssynir og í The Spy Next Door lék Magnús Scheving.




En, Jingle all the way fjallar um fjölskylduföður og vinnualka sem leikinn er af Arnold Schwarzenegger, sem gleymir fjölskyldu sinni í dúnmjúkum faðmi yfirvinnu. Hann verður því að kaupa Turbo-Man, dúkku sem son hans langar alveg svakalega í á síðustu stundu. Vandamálið er að dúkka þessi er sú vinsælasta og hann verður bókstaflega að slást um hana við stressaðan bréfbera sem er leikinn af grínistanum óþolandi Sinbad, en styrkur hans er einmitt að vera gjörsamlega óþolandi í þessari mynd. Þessir feður, helteknir af kapítalísku brjálæði, rífast og slást og veltast um öskrandi og enda í algjöru brjálæði þar sem Sinbad ræðst á og bindur niður saklausan leikara eftir að hafa hótað að sprengja sig í loft upp og Arnold brýst inn til nágranna síns. Þetta endar þó auðvitað allt mjög vel, Arnold endar með því að holdgera Turbo-Man og sonur hans gefur Sinbad Turbo-Man dúkkuna sína af því að „pabbi er í raun Turbo-Man sjálfur“.

Nú væri hægt að skrifa fimm blaðsíðna marxíska greiningu á þessari kvikmynd, en það verður geymt til betri tíma. Hins vegar má minnast á það að hina augljósu gagnrýni á neysluhyggjuna sem birtist í Jingle all the way má rekja til Chris Columbus, framleiðanda myndarinnar, sem endurskrifaði handritið til að koma til skila þessari stingandi gagnrýni. Hann hafði sjálfur reynt að kaupa Buzz Lightyear dúkku handa afkvæmi sínu árið áður og lenti, að ég ímynda mér, í svipuðum aðstæðum og Schwarzenegger við það tækifæri. Hann tjáði reiði sína á listrænan hátt, í gegnum lauflétta jólamynd með Sinbad og Arnold Schwarzenegger í aðalhlutverkum. Gagnrýnendur hötuðu myndina og þá sérstaklega það að Columbus vogaði sér að gagnrýna allt brjálæðið í kringum jólainnkaup en Jingle all the way er þrátt fyrir það ein mest endursýnda jólamyndin – og hana nú. **stefanthor@frettabladid.is**

## Frumsýningar



**SING**
Teiknimynd
Aðalleikarar: Matthew McConaughey, Reese Witherspoon, Seth MacFarlane, Scarlett Johansson, John C. Reilly, Taron Egerton, Tori Kelly, Nick Offerman, Peter Serafinowicz, Jennifer Saunders, Leslie Jones, Wes Anderson, Jay Pharoah
Frumsýnd: 26. desember
IMDb: 7,3
Rotten Tomatoes: 76%



**WHY HIM?**
Gamanmynd
Aðalleikarar: James Franco, Bryan Cranston, Zoey Deutch, Adam DeVine, Megan Mullally, Keegan-Michael Key, Bob Stephenson, Griffin Gluck, Zack Pearlman, Casey Wilson, Andrew Rannells
Frumsýnd: 26. desember
Rotten Tomatoes: 45%



**ASSASSIN'S CREED**
Vísindaskáldskapur
Aðalleikarar: Michael Fassbender, Marion Cotillard, Brendan Gleeson, Essie Davis, Jeremy Irons, Michael Kenneth Williams, Charlotte Rampling, Brian Gleeson, Carlos Bardem, Ariane Labed, Denis Ménochet, F. Javier Gutiérrez, Matias Varela, Callum Turner
Frumsýnd: 30. desember
IMDb: 8,9



★★★★½

„… þess vegna er líka hægt að segja blákalt að í verkinu í heild sé svo mikið af **snilld** að það sé nánast óafsakanlegt að gefa ekki fullt hús stiga.“

Arnaldur Máni Finnsson / DV



ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
*Tilnefning*




1. PRENTUN Á ÞROTUM
2. PRENTUN VÆNTANLEG

„… Steinar Bragi er manna **flinkastur** að magna upp stemmningu og andrúmsloft … Hann nær að magna upp þessa stemmningu í hverri sögunni á fætur annarri …“

Sunna Dís Másdóttir / Kiljan

„**Brjálæðislega flott** tilþrif í stíl … honum tekst að slá á svo marga strengi í einni bók …“

Egill Helgason / Kiljan

„**Rosaleg bók!**“

Þorgeir Tryggvason / Kiljan

„Steinar Bragi er **óumdeilanlegur sagnameistari** …“

Sigríður Albertsdóttir / Víðsjá




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Opið um helgina 11–19 | **www.forlagid.is**







# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 15. DESEMBER

### Tónlist

**Hvað?** Jólatónleikar Borgardætra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Hinir árlegu jólatónleikar Borgardætra á Rósenberg eru löngu orðnir fastur liður í jólaundirbúningi margra. Á efnisskrá eru jólalög úr ýmsum áttum, gamanmál og almenn skemmtilegheit. Athugið að Rosenberg tekur við borðapöntunum í síma 551-2442.

**Hvað?** Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Edinborgarhúsið Ísafirði
Í ár bregður Bubbi ekki út af vananum með að halda Þorláksmessutónleika víðsvegar um landið en þó er breyting á, þar sem hann bætir tveimur viðkomustöðum við þetta árið. Ástæðan er sú að þetta er stórafmælisár hjá Bubba en hann varð sextugur 06.06.16 og var haldin heljarinnar tónlistarveisla í Hörpu af því tilefni. Fáar hefðir í tónlist hafa orðið jafn lífseigar og Þorláksmessutónleikarnir hans Bubba og eru þeir fastur liður í undirbúningi jólanna hjá fjölda fólks. Margir koma á tónleikana og enn fleiri hlusta á útsendingu Bylgjunnar heima fyrir eða í bílnum þegar verið er að ganga frá síðustu gjöfunum. Eitt er víst að mörgum þætti vanta mikið í jólahaldið ef ekki væru Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens.

**Hvað?** Þór Breiðfjörð – Jól í stofunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla bíó
Þór Breiðfjörð heldur jólatónleika sína þriðja árið í röð. Það er því óhætt að segja að andi gömlu flauelsbarkanna svífi þar yfir vötnum þessi jól. Sem fyrr spjallar Þór við gesti, leikur við hvern einasta fingur og strýkur raddböndin blítt þar sem lögin eru færð í stíl fallegu jólalaganna sem Bing Crosby, Haukur Morthens, Nat King Cole og Michael Bublé hafa svo margoft flutt og ylja eyrunum þegar nær dregur jólum. Þór leikur lög af samnefndri plötu sinni ásamt vel völdum jólaperlum. Meðal þeirra má nefna sérstaka útgáfu af lagi Ingibjargar Þorbergs, Hin fyrstu jól, Heims um ból, ásamt lagi Þórs, Gleðileg jól, ástin mín, og Stjörnubjarta nótt eftir Guðmund Karl Brynjarsson. Sérstakur heiðursgestur er söngleikjadrottningin, Frostrósadívan, Grímuhafinn og gleðigjafinn Valgerður Guðnadóttir. Þau Þór hafa margoft komið fram saman en hér er Vala í fyrsta sinn á jólatónleikum hjá Þór.

**Hvað?** Jólatónleikar – Karitas Harpa & Kolbrún Lilja
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Skálholtskirkja
Söngkonurnar Karitas Harpa og Kolbrún Lilja munu fara um allt Suðurland á aðventunni og halda notalega tónleika fyrir alla fjölskylduna. Þær eru báðar mikil jólabörn og vilja veita öllum tækifæri til að upplifa hátíðarstemningu. Á efnisskránni eru jólalög úr öllum áttum sem vekja sannarlega hinn rétta jólaanda í brjóstum gesta. Með þeim verður undirleikarinn Hörður Alexander. Aðgangseyrir er undir hverjum og einum kominn. Hlökkum til að sjá þig á persónulegum og hátíðlegum jólanótum.



Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens fara fram í Edinborgarhúsinu Ísafirði í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Hvað?** Tónleikar Vocal Project
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Guðríðarkirkja
Poppkór Íslands var stofnaður síðla árs 2010, taldi í upphafi 12 meðlimi en hefur vaxið hratt og eru félagar nú um 80 talsins. Kórinn fetar ótroðnar slóðir, popp- og rokktónlist eru uppáhald Vocal sem syngja bæði hefðbundnar og óhefðbundnar útgáfur, í allt að átta röddum. Þennan desembermánuðinn heldur Vocal Project blandaða jóla- og vetrartónleika í hljómfagurri Guðríðarkirkju. Jólalög eru á dagskrá ásamt öðrum lögum sem fjalla um árstíðina á einn eða annan hátt. Þá munu kórmeðlimir einnig koma fram í minni hópum. Kórstjóri er Gunnar Ben.



**Hátíðartónleikar Eyþórs Inga verða haldnir í Bakkagerðiskirkju í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

**Hvað?** Jólatónleikar Samhjálpar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hvítasunnukirkjan Fíladelfía
Fram koma Pétur Hrafnsson, Herbert Guðmundsson, Eva Dögg og Einar Sigurmundsson ásamt Samhjálparbandinu. Guðrún Margrét Einarsdóttir les jólasögu, heitt súkkulaði og piparkökur verða á staðnum. Miðaverð 1.500 krónur greitt við innganginn. Rennur óskipt til starfsins.
Allir eru hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Hátíðartónleikar Eyþórs Inga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bakkagerðiskirkja
Eyþór er án efa einn af okkar fremstu söngvarum í dag. Hann hefur einnig getið sér gott orð fyrir að vera mögnuð eftirherma. Hér er á ferðinni létt, hugljúf og jólaleg kvöldstund þar sem Eyþór kemur fram einn síns liðs, með píanóið, gítarinn og röddina að vopni. Sérstakir gestir eru kórar úr heimabyggð á hverjum stað fyrir sig.

**Hvað?** Úlfur Úlfur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Strákarnir frá Sauðárkróki hafa verið áberandi í íslensku tónlistarlífi undanfarin ár en stimpluðu sig endanlega inn með útgáfu á einni bestu plötu síðasta árs, 2 Plánetur. Lögin af plötunni hafa fengið góðar viðtökur bæði í útvarpi og á internetinu.

### Uppákomur

Hvað? Salsa
Hvenær? 19.30
Hvar? Iðnó
SalsaIceland og Iðnó bjóða á salsadanskvöld í stórglæsilegum salarkynnum í Iðnó. Byrjendum er boðið í ókeypis prufutíma í salsa kl. 19.30 og svo dunar dansinn fyrir alla glaða frá kl 20.30-23.30. Eftir 20.30 kostar 500 krónur inn.
Við hvetjum alla dansáhugasama til að líta við, hvort heldur sem er til að dansa eða spjalla. Það þarf alls ekki að hafa félaga til að mæta (fæstir hafa félagann), né nokkra dansreynslu. Kvöldin okkar eru rómuð fyrir afslappað og þægilegt andrúmsloft og við tökum sérstaklega vel á móti byrjendum. Við hvetjum þig til að skilja feimnina við að bjóða upp eftir heima – í salsasamfélaginu er hefð fyrir því að allir dansi við alla og bjóði upp. Sjáumst!

**Hvað** Málum og skálum
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Auðbrekka 6, Kópavogi
Vilt þú finna listamanninn í þér? Langar þig til að gera eitthvað nýtt og öðruvísi? Þá er málum og skálum eitthvað fyrir þig. Nýr viðburður í skemmtanaflórunni, einstakur sinnar tegundar. Hann gengur út á það að hópar koma á vinnustofu Charlottu S. Sverrisdóttur, kennara og myndlistarmanns, og mála eina mynd og hóparnir mega hafa með sér léttar veitingar. Þetta er meira til skemmtunar heldur en alvöru. Þetta er það sem við köllum „Fun art, not fine art“. Fólk finnur listamanninn í sér milli þess sem það dreypir á rauðvínsglasi eða þannig. Allt efni er innifalið og stærð strigans er 40 x 50 cm, sem er alveg ágætis stærð á mynd til að hafa heim með sér. Þetta er upplagt fyrir alls konar hópa, s.s. saumaklúbba, starfsmannahópa, vinkonur, vini, og fl. og fl. Þetta er líka skemmtilegt fyrir gæsahópa og er þeim boðið á laugardögum eftir umtali. Einnig er þetta sniðugt fyrir helgarforeldra að koma á laugardögum og hafa sparinesti með sér.

**Hvað** Jólaflói!
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hitt húsið
Í dag fer fram Jólaflói, flóamarkaður Hins hússins, Allir velkomnir.

**Hvað?** Star Wars Pub Quiz
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bar 11
Nexus og Bar 11 kynna í sameiningu Star Wars Pub Quiz 2016. Tveir til fjórir eru í liði en þeir sem eru stakir geta skráð sig og reynt verður að hnoða þeim saman. Aðeins er pláss fyrir 25 lið og því um að gera að skrá sig sem fyrst. Verðlaun verða í boði Nexus og Bar 11.




emmessis
JÓLAÍS
&
HÁTÍÐARÍS
Fáðu þér nýjan og girnilegan ekta
rjómaís frá Emmessís.
HÁTÍÐARÍS
RJÓMAÍS MEÐ FRÖNSKU NÚGGATI OG STÖKKUM KARAMELLUKÚLUM
1,5 LÍTRI
JÓLAÍS
RJÓMAÍS MEÐ TIRAMISÚ
1,5 LÍTRI
EKTA
ÍSLENSKUR
Rjómaís
PIPAR\TBWA • SÍA • 165455




**JAMIE´S NIGHT BEFORE CHRISTMAS**
Ómissandi jólaþáttur með meistara Jamie Oliver. Í þættinum sýnir Jamie okkur hvernig best er að nýta hráefnið í hátíðarmatinn svo útkoman verði ekki aðeins töfrandi heldur eru réttirnir einnig eldaðir og framreiddir án mikillar fyrirhafnar.


FRÁBÆRT
FIMMTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365




**MASTERCHEF USA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**LETHAL WEAPON**
Spennandi framhaldsþáttur, byggður á hinum vinsælu Lethal Weapon-myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um tvo lögreglumenn sem eru mjög ólíkir í leik og starfi.



**MURDER**
Bresk sakamálaþáttaröð í fjórum hlutum. Í hverjum hluta er fjallað um sama málið en frá ólíkum sjónarhornum. Með hverri sögunni færumst við nær sannleikanum.




**HIGH MAINTENANCE**
Ungur maður hefur lífsviðurværi sitt af því að selja kannabis til ólíkra einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að vera taugaveiklaðir.



**STRAIGHT OUTTA COMPTON**
Straight Outta Compton er saga hljómsveitarinnar N.W.A. sem var í fararbroddi hip hop-tónlistarbyltingarinnar á vesturströnd Bandaríkjanna.



**ARROW**
Ungur milljónamæringur og glaumgosi snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og talinn af.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Jóladagatal Afa
**07.05** Simpson-fjölskyldan
**07.30** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Jamie's 30 Minute Meals
**10.45** The World's Strictest Parents
**11.45** The Goldbergs
**12.10** Léttir sprettir
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Last of Robin Hood
**14.30** Hello Ladies. The Movie
**15.50** Multiple Birth Wards
**16.45** Jóladagatal Afa
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinsælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda heima í stofu.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Íþróttir Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The Big Bang Theory
**19.45** Jamie's Night Before Christmas Ómissandi jólaþáttur með meistara Jamie Oliver sem ávallt hefur ráð undir rifi hverju og sýnir okkur hér á snjallan hátt hvernig best er að nýta hráefnið í hátíðarmatinn svo útkoman verði ekki aðeins töfrandi og gómsætir réttir heldur einnig eldaðir og framreiddir án fyrirhafnar.
**20.35** Masterchef USA
**21.20** Lethal Weapon
**22.10** Murder Bresk sakamálaþáttaröð í fjórum hlutum. Í hverjum hluta er fjallað um sama málið en frá ólíkum sjónarhornum. Með hverri sögunni færumst við þó nær sannleikanum.
**23.10** Borgarstjórinn
**23.40** Rizzoli & Isles
**00.25** The Young Pope
**01.25** The Mummy
**03.25** Banshee
**04.15** Banshee
**05.05** Person of Interest

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** Premier League
**08.50** Premier League
**10.30** Premier League
**12.10** Premier League
**13.50** Premier League
**15.30** NBA
**17.35** Körfuboltakvöld
**19.15** Premier League World
**19.45** Domino's deild karla
**22.00** NFL Gameday
**22.30** UFC Live Events
**00.40** Premier League

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.35** Premier League
**09.15** Premier League
**10.55** Þýski boltinn
**12.45** Þýsku mörkin
**13.15** Premier League
**14.55** Premier League
**16.35** Evrópudeildarmörkin
**17.25** Premier League
**19.05** Domino's deild karla
**21.10** Premier League
**22.50** NFL
**01.20** Domino's deild karla

## STÖÐ 3

**17.45** Mike and Molly
**18.05** Married
**18.30** The Big Bang Theory
**18.55** New Girl
**19.20** Modern Family
**19.45** Tekinn
**20.15** Veistu hver ég var?
**20.55** Gotham
**21.40** Arrow
**22.30** Vicious
**22.55** Klovn
**23.20** The New Adventures of Old Christine
**23.45** Gilmore Girls
**00.25** Tekinn
**00.55** Veistu hver ég var?
**01.30** Gotham

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.13** Kormákur
**07.25** Strumparnir
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Stóri og Litli
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.11** Kormákur
**11.23** Strumparnir
**11.45** Mæja býfluga
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Stóri og Litli
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.11** Kormákur
**15.23** Strumparnir
**15.45** Mæja býfluga
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Stóri og Litli
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Happily N'Ever After



Dóra könnuður kl. 08.00, 12.00 og 16.00

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Golfing World
**08.50** CareerBuilder Challenge
**10.40** PGA Tour
**11.35** Farmers Insurance Open
**14.10** PGA Tour
**15.05** DP World Tour Championship
**20.30** Golfing World
**21.20** PGA TOUR Year in Review
**22.10** HSBC Women's Open

## BÍÓSTÖÐIN

**10.25** Nightingale
**11.50** All The Way
**14.00** Longest Ride
**16.10** Nightingale
**17.35** All The Way
**19.50** Longest Ride Dramatísk mynd frá 2015 um ástarsamband þeirra Luke, sem áður vann við nautareið og langar að taka aftur upp þá iðju, og Sophiu, miðskólanema, sem er um það bil að fara í draumastarfið í listalífi New York.
**22.00** Straight Outta Compton Mögnuð mynd frá 2015 byggð á sannsögulegum atburðum og er saga hljómsveitarinnar N.W.A. (Niggaz Wit Attitudes) sem náði gríðarlegum vinsældum á níunda áratugnum og var í fararbroddi hip hop-tónlistar á vesturströnd Bandaríkjanna. N.W.A. var stofnuð árið 1986 af þeim Arabian Prince, DJ Yella, Dr. Dre, Eazy-E og Ice Cube sem allir voru úr Compton-hverfinu í suðurhluta Los Angeles-borgar, en þar hafði þá um langa tíð verið róstusamt og átök algeng.
**00.30** Unfinished Business
**02.05** The Boy Next Door
**03.35** Straight Outta Compton

## RÚV

**10.20** América - Real Madrid
**15.25** Góð jól
**15.30** Eldsmiðjan
**16.10** Stóra sviðið
**16.45** Last Tango in Halifax
**17.35** Táknmálsfréttir
**17.45** KrakkaRÚV
**17.51** Jóladagatalið - Sáttmálinn
**18.15** Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons
**18.45** Góð jól
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Jólaþáttur Nigellu
**21.05** Versalir
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Lögregluvaktin
**23.05** Baráttan um þunga vatnið
**23.50** Kastljós
**00.10** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Síminn + Spotify
**13.20** Dr. Phil
**14.00** American Housewife
**14.20** Survivor
**15.05** The Voice Ísland
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Odd Couple
**20.15** Man With a Plan
**20.35** Speechless
**21.00** This is Us
**21.45** MacGyver
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** 24
**00.35** Sex & the City
**01.00** Law & Order. Special Victims Unit
**01.45** Secrets and Lies
**02.30** This is Us
**03.15** MacGyver
**04.00** The Tonight Show
**04.40** The Late Late Show
**05.20** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


SOFÐU LITLA BARNIÐ MITT
UNDURFAGRAR VÖGGUVÍSUR VIÐ UNDIRLEIK
JÓNS ÓLAFSSONAR
VÖGGUVÍSURNAR
OKKAR
ÝTTU
Á TAKKANN
OG SYNGDU MEÐ
sögur
ÚTGÁFA

netto

markhönnun ehf

# Betra verð fyrir jólin...

Frábært verð



**KALKÚNN HEILL - FROSINN**
3 STÆRÐIR
**998** KR/KG

Franskur gæðakalkúnn á betra verði!



Ódýrt og girnilegt

**KS LAMBALÆRI**
HÁTÍÐAR
ÁÐUR: ~~1.698 KR/KG~~
**1.579** KR/KG



**KEA LÉTTREYKTUR**
LAMBAHRYGGUR
**2.698** KR/KG



**FERSKT NAUTAFILLE**
ÁÐUR: ~~4.768 KR/KG~~
**4.291** KR/KG

42%

ÍSFUGL



**HVÍTLAUKSVÆNGIR**
MAGNPOKI
ÁÐUR: ~~854 KR/KG~~
**495** KR/KG

## Skoðaðu úrvalið í framandi kjöti



**DÁDÝRALUNDIR - FROSIÐ**
ÁÐUR: ~~7.298 KR/KG~~
**6.568** KR/KG



**KENGÚRU FILLE**
FROSIÐ
ÁÐUR: ~~2.398 KR/KG~~
**1.999** KR/KG

20%



**NAUTALUNDIR**
ERLENDAR - FROSIÐ
**3.998** KR/KG




**GRANDIOSA PIZZUR**
5 - TEGUNDIR
ÁÐUR: ~~789 KR/KG~~
**599** KR/KG

Fljótlegt í jólaösinni




**RISTORANTE PIZZUR**
4- TEGUNDIR
ÁÐUR: ~~499 KR/KG~~
**459** KR/KG



**NICE'N EASY**
7- TEGUNDIR
ÁÐUR: ~~479 KR/KG~~
**459** KR/KG

**Tilboðin gilda 16. – 20. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




# Jólabæklingurinn er kominn út

**Með glæsilegum tilboðum fyrir jólahátíðina**



HANGILÆRI
MEÐ BEINI
ÁÐUR: ~~2.384 KR/KG~~
**2.146 KR/KG**



22%

HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ
ÁÐUR: ~~3.798 KR/KG~~
**2.962 KR/KG**

HAMBORGARHRYGGUR
FRÁ KJÖTSEL, VINNINGSHRYGGUR 2014.
ÁÐUR: ~~1.585 KR/KG~~
**1.395 KR/KG**





HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR
ÁÐUR: ~~2.798 KR/KG~~
**2.462 KR/KG**



40%

BAYONNESKINKA
ÁÐUR: ~~1.996 KR/KG~~
**1.198 KR/KG**



OKKAR LAUFABRAUÐ
8 STK.
ÁÐUR: ~~1.367 KR/PK~~
**1.094 KR/PK**



HÁTÍÐARSÚPA
HUMARSÖLUNNAR,
850 ML
**1.298 KR/STK**



40%

HUMAR ÁN SKELJAR
- 800 GR. POKI
ÁÐUR: ~~4.998 KR/PK~~
**3.499 KR/PK**



CELEBRATIONS
DÓS 750 GR.
ÁÐUR: ~~2.398 KR/KG~~
**1.999 KR/STK**



MACKINTOSH
DÓS - 1,315 KR/PK
**1.798 KR/PK**

## Opnun verslana yfir hátíðarnar

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grandi Mjódd | opið 24/7 | opið 24/7 | opið til 13 | lokað | Opnar kl. 10 27. des. opið 24/7 | opið 24/7 | opið til 15 | lokað |
| Krossmói | 9-22* | 9-23 | 10-13 | lokað | Venjuleg opnun | 10-22 | 10-15 | lokað |
| Glerártorg | 10.-22. desember 10-22 | 10-23 | 10-13 | lokað | Venjuleg opnun | 10-22 | 10-15 | lokað |
| Aðrar verslanir | 16.-22. desember 10-22 | 23. Þorláksmessa 10-23 | 24. Aðfangadag 10-13 | 25.-26. jóladag & annan lokað | 27.-29. desember Venjuleg opnun | 30. desember 10-22 | 31. gamlárs 10-15 | 1. janúar lokað |

*Krossmói er opinn frá kl 10 - 22 dagana 17. & 18. desember

**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, Helga Dögg Ólafsdóttir, Saga Sigurðardóttir og Erna Bergmann, höfundar Blætis, fáránlega flottar.

# 400 síðum af Blæti fagnað

Í gærkvöldi var útgáfu tímaritsins Blæti fagnað á Pablo Diskóbar. Blæti er runnið undan rifjum **Sögu Sigurðardóttur** ljósmyndara og **Ernu Bergmann** stílista. Þær fengu til liðs við sig þær **Helgu Dögg Ólafsdóttur**, grafískan hönnuð, og **Sigrúnu Eddu Eðvarðsdóttur**. Útkoman er veglegt 400 síðna tímarit með umfjöllun um tísku, ljósmyndir og list.



Sara og Sigrún voru ákaflega ánægðar með kvöldið.

Karitas Diðriksdóttir og Ellen Ragnars Sverrisdóttir sykursætar.



Gerður, Sóley og Jóna skelltu sér á barinn.

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
GUM eru hágæða tannvörur



tannlæknar mæla með GUM tannvörum
... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
IceCare þín heilsa
– allar upplýsingar á www.icecare.is

# „… áhrifamikil saga.“

Guðrún Baldvinsdóttir / Víðsjá




★★★★

**„Þessi skáldsaga Kristínar Marju er einstaklega falleg og oft á tíðum mjög spennandi … Svartalogn er falleg og áhrifamikil saga …“**

Guðrún Baldvinsdóttir / Víðsjá

★★★½

**„Frásögnin rennur ljúflega með fallegum ljóðrænum blæ.“**

Jóhanna María Einarsdóttir / DV

**„Svartalogn er vel skrifuð og sannfærandi samtímasaga sem heldur lesandanum við efnið.“**

Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Opið um helgina 11–19 | **www.forlagid.is**




Tilboð gildir til 15. desember

MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT

APPLE TV 4 Á 0 KR.

Í þrjátíu ár höfum við verið í fararbroddi við að færa þér gæðaefni með nýjustu tækni. Árið 1986 biðu tilvonandi áskrifendur okkar í röðum eftir myndlyklum þegar fyrsti myndlykillinn kom til Íslands. Frá þeim tíma hefur hvergi verið hnikað og hver tæknibreytingin tekið við af annarri. Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir skemmtunarinnar á sem bestan hátt og stígum nú enn eitt skrefið og kynnum **365 sjónvarp á Apple TV.** Meiri hraði, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið þér Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365.

Tilboðið gildir með völdum sjónvarpspökkum 365 til **15. desember 2016.**

VALITOR
Í samstarfi við Epli og Valitor

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **365.IS**

365




**Hildur Rut Ingimarsdóttir er sniðug í eldhúsinu, en hún gaf nýverið út bókina Avocado. Í bókinni eru uppskriftir sem allar eiga það sameiginlegt að innihalda avocado-ávöxtinn.** MYND/INGIMAR ÞÓR FRIÐRIKSSON

# Notar avocado í baksturinn

**Hildur Rut Ingimarsdóttir**, höfundur matreiðslubókarinnar Avocado,hefur brennandi áhuga á hollri og einfaldri matargerð. Hún er sífellt að prófa sig áfram í eldhúsinu. Fyrir jólin bakar hún mikið af smákökum og deilir hér með okkur uppskrift að avocado- og súkkulaðismákökum sem bragðast vel.

**Súkkulaðismákökur**

*1 avocado*
*3 msk. akasíuhunang*
*2 msk. hnetusmjör*
*1 tsk. vanilludropar*
*1 egg*
*2 msk. kakóduft*
*100 gr suðusúkkulaði, gróft saxað eða súkkulaðidropar*

Hrærið saman avocado, hunangi, hnetusmjöri, vanilludropum og eggi þangað til að blandan verður silkimjúk. Gott er að nota hrærivél. Bætið kakóduftinu við.

Að lokum er súkkulaðinu hrært saman við með skeið.

Setjið deigið með teskeið á bökunarplötu þakta bökunarpappír.

Bakið við 180°C í 10 mínútur.

**gudrunjona@frettabladid.is**



**Uppskriftin dugar í um það bil tuttugu og fimm litlar smákökur.** MYND/HILDUR




**www.netto.is | Tilboðin gilda 14. – 24. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Skreytir á mínímalískan hátt

Bloggarinn **Sigríður Margrét** býr í foreldrahúsum en lætur það ekki stoppa sig þegar kemur að jólaskreytingum því hún er búin að skreyta herbergið í takt við sinn stíl sem hún lýsir sem látlausum. Hvítu jólaseríurnar eru Sigríði ómissandi í skammdeginu.



Hreindýrið er í uppáhaldi hjá Sigríði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Mér finnst langflottast að hafa lítið skreytt og að hafa jólaskrautið þá stílhreint í sama þema og herbergið sjálft," útskýrir Sigríður sem er með látlausan stíl að eigin sögn. „Já, stíllinn minn er mínímalískur og ég er mikið fyrir hvítt grátt og svart."

Hvítar jólaseríur eru í ákveðnu uppáhaldi hjá Sigríði. „Ég er hrifin af fallegum hvítum jólaseríum, þær eru mér mikilvægar þegar farið er að dimma. Svo er ég einnig mjög hrifin af því að skreyta með fallegum litlum hreindýrum," segir Sigríður.

Aðspurð hvort það sé ekkert erfitt að fá útrás fyrir áhugann á innanhússhönnun í foreldrahúsum svarar Sigríður játandi. „Jú, það mætti segja það! En herbergið mitt er frekar stórt svo ég er heppin með það. Annars er ég mjög spennt að flytja í mína eigin íbúð og stílisera hana alveg eins og ég vil. Draumaheimilið mitt er falleg íbúð í miðborg Kaupmannahafnar – stílhrein og mínímalísk líkt og herbergið mitt," segir Sigríður að lokum.

gudnyhronn@365.is

**DRAUMAHEIMILIÐ MITT ER FALLEG ÍBÚÐ Í MIÐBORG KAUPMANNAHAFNAR.**


Sigríður er með mínímalískan stíl að eigin sögn.


Í skammdeginu þykir Sigríði ómissandi að skreyta í kringum sig með hvítum seríum.


Sigríður er bloggari á Trendnet. Þar skrifar hún mestmegnis um tísku og hönnun.



GEVALIA



KitchenAid
8
kaffivélar

# JÓLALEIKUR GEVALIA

DRÖGUM
20.
DESEMBER

Taktu þátt í jólaleik Gevalia og þú gætir unnið glæsilega KitchenAid kaffivél eða Rosendahl Grand Cru hitakönnu.



Rosendahl
20
Grand Cru




Klipptu tvo toppa af Gevalia kaffipokum og sendu inn til að taka þátt. Þú finnur þátttökuumslag í næstu verslun.
**Dregið 20. desember.**



# METSÖLULISTI EYMUNDSSON
## VIKAN 07.12.16 – 13.12.16




**1** **Petsamo** Arnaldur Indriðason




**2** **Aflausn** Yrsa Sigurðardóttir




**3** **Stjörnuskoðun** Sævar Helgi Bragason




**4** **Pabbi prófessor** Gunnar Helgason




**5** **Þín eigin hrollvekja** Ævar Þór Benediktsson




**6** **Heiða** Steinunn Sigurðardóttir




**7** **Vögguvísurnar okkar** Ýmsir




**8** **Ör** Auður Ava Ólafsdóttir




**9** **Drungi** Ragnar Jónasson




**10** **Svartalogn** Kristín Marja Baldursdóttir

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson






Unnur er eigandi Dale Carnegie á Íslandi og hefur verið þjálfari í 15 ár.

# „To do“-listinn er galdurinn

Margt fólk finnur svo sannarlega fyrir jólastressi þegar líða fer á desember. **Unnur Magnúsdóttir** er ein þeirra en hún hefur tileinkað sér hugsunarhátt sem hjálpar henni við að ná tökum á stressinu.

Þó að Unnur sé sérfræðingur í tímastjórnun þá finnur hún sjálf stundum fyrir stressi þegar jólin nálgast, verkefnin hlaðast upp og dagskráin verður þétt. „Stressið tengist þá helst því að mig langar að gera svo margt og kem því ekki fyrir í dagskránni. Þá er ég ekki að meina að mig langi að þvo alla glugga og taka skápana í gegn, alls ekki. Ég er löngu hætt að fara í stórhreingerningar þegar það er hvort sem er alltaf myrkur. Þetta er frekar tengt því að föndra og gera eitthvað fallegt og þá helst matartengt. En svo koma jólin og þá er maður búin að gera sumt og annað ekki, og það er bara allt í lagi.

Við höfum eflaust mörg upplifað að fara í gegnum daga sem einkennast af orkuleysi og sleni án þess þó að vera lasin. Á slíkum dögum komum við ekki miklu í verk og getum verið óánægð með okkur sjálf og förum að stressa okkur á hlutunum. Á hinn bóginn eru sumir dagar fullir af orku og verkefnin hreinlega renna undan okkur. Munurinn á þessu tvennu er oftar en ekki tengdur hugarfarinu. Þetta er í raun bara spurningin um að tala í sig kraftinn frekar en að rífa sig niður fyrir að koma engu í verk.“

**ÞETTA ER Í RAUN BARA SPURNINGIN UM AÐ TALA Í SIG KRAFTINN FREKAR EN AÐ RÍFA SIG NIÐUR FYRIR AÐ KOMA ENGU Í VERK.**

Unnur segir „to do“-lista vera galdurinn á bak við að ná að klára öll jólaverkin án þess að lenda í tímaþröng og stressi. „Ég er fullkomlega háð því að gera lista yfir það sem þarf að gera. Listinn minn á sér meira að segja nafn og kallast „Geri-listinn“.

Yfirleitt verður fyrsti listinn til í byrjun desember þegar ég fer að velta því fyrir mér hvað ég ætla að gefa í jólagjöf. Svo vasast ég með þennan lista til og frá, bæti á hann og stroka út þar til viku fyrir jól. Þá verður til rosalegt skipulagsblað sem ég skipti niður á vikudagana og skrifa inn á hvern dag hvað ég ætla að gera hvern dag.

Auðvitað lendi ég stundum í því að færa verkefni á milli daga en þá þarf bara að endurskipuleggja samkvæmt því. Þegar ég kenni stjórnendum tímastjórnun þá bið ég fólk oft að gera lista yfir það sem það á EKKI að gera. Ég held að það eigi vel við í jólaundirbúningnum líka,“ útskýrir Unnur.

**„Hvað er það versta sem getur gerst?“**

Þegar jólastressið víðfræga tekur yfir mælir Unnur með að fólk staldri við og hugleiði. „Ég hef tileinkað mér hugsunina um að ég sé að gera mitt besta og svo spyr ég mig hvað sé það versta sem getur gerst. Ef maður virkilega spyr sig: „Hvað er það versta sem getur gerst?“ þá kemst maður oftast að þeirri niðurstöðu að það er ekkert svo slæmt og það hefur róandi áhrif.“

Að lokum vill Unnur minna fólk á að jólin eiga að snúast um gleði og ánægju. „Jólin snúast mikið um hefðir og fólk er gjarnan upptekið af því að gera hitt og þetta, af því að það tengist jólunum. Jólahreingerning, smákökubakstur og jólakort eru dæmi um þetta. Vinur minn sagði mér að þau hjónin hefðu sest niður og velt fyrir sér hvernig jól þau vildu eiga. Þau komust meðal annars að þeirri niðurstöðu að þau höfðu enga ánægju af því að skrifa jólakort og að það var í raun streituvaldur. Auðvitað á maður þá að sleppa því. Jólin eiga að snúast um gleði, huggulegheit og vellíðan en ekki stress og leiðindi.“ **gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177



**Bakþankar**

Frosta Logasonar




## Ljós heimsins

Ég verð að játa að ég er, og hef alltaf verið, mikið jólabarn. Mér finnst fátt gleðilegra en að fá frí frá daglegri vinnu og eyða meiri tíma með fjölskyldunni. Borða góðan mat með vinum og ættingjum. Auðvitað var ég líka spenntur fyrir öllum pökkunum þegar ég var yngri, þakklátur og glaður, en það eru aðrir hlutir sem skipta meira máli í dag. Nú reynum við að láta gott af okkur leiða, hugsa vel um þá sem minna mega sín og látum kærleikann skína í allar áttir. Jólin eru einstakur tími og hátíðarhöldin sem þeim fylgja hafa fylgt samfélagi okkar frá upphafi.

Því eins og allir vita hafa jólin frá fornu fari verið hátíð heiðinna manna og alltaf verið haldin við vetrarsólhvörf. Jólin eru nefnilega hátíð ljóssins þegar sólin fer að hækka á lofti og dag tekur að lengja. Þetta eru tímamót nýs upphafs, nýs árs og friðar. Öll tákn jólanna, svo sem jólatréð, jólasveinarnir, jólaljósin og jólagjafirnar eru upprunnin úr þessum góða heiðna sið og íslenskri þjóðtrú.

Kristnir menn, þeir sem trúa því að palestínskur gyðingur hafi risið upp úr dauðanum fyrir tæpum tvö þúsund árum, ákváðu eitt sinn að fæðingardegi hans yrði fagnað á þessum sama tíma. Þeir vissu nefnilega ekki alveg hvenær hann átti afmæli. Sólstöðuhátíðin, þegar dag tók að lengja, var gríðarlega vinsæl og því þótti tilvalið að gera hana að kristinni hátíð með því að minnast fæðingar hins aftur-gengna. En hann sagði eitt sinn um sjálfan sig af mikilli hógværð: „Ég er ljós heimsins.“ Sem heiðin þjóð bjóðum við hina kristnu ávallt velkomna í veisluna. Gleðileg jól!


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Þú átt rétt á einum frídegi í viku – líka í desember!



FRÁBÆRT VERÐ
LIFANDI JÓLATRÉ
SJÁ NÁNAR INNI Í BLAÐINU

Allt í jólapakkann
og fyrir jólaundirbúninginn



Harðir pakkar með notagildi!

HNÍFAPARASETT
24 stk. Windsor 18.
6.745 kr.
Almennt verð: 8.995 kr.
41114127

TELEFUNKEN
STRAUJÁRN
2200W.
1.496 kr.
Almennt verð: 1.995 kr.
41117062

TRISTAR
BRAUÐRIST
2.959 kr.
Almennt verð: 3.945 kr.
42351799

BOSCH
RAFMAGNS-SKRÚFJÁRN
IXO V + IXO Lino 3,6V.
5.995 kr.
Almennt verð: 7.995 kr.
74864006

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 18.desember.

SKOÐAÐU JÓLAGJAFAHANDBÓKINA Á BYKO.IS
GERÐU GÓÐ KAUP!

25% AFSLÁTTUR AF SPILUM OG LEIKFÖNGUM

25% AFSLÁTTUR AF MATAR- OG KAFFISTELLUM
HEIL SETT

25% AFSLÁTTUR AF BÍLAVÖRUM
HREINN BÍLL UM JÓLIN

25% AFSLÁTTUR AF POTTUM OG PÖNNUM

byko.is
Auðvelt að versla á byko.is
BYKO
SKREYTUM SAMAN